



**SKOÐUN** Torfi H. Tulinius segir að þrengt hafi verið að lýðræðishefð Hf. 17



**MENNING** Ég uppgötvaði landslagið í póstkortum í Hollandi. 22



**LÍFID** María Birta Bjarnadóttir í prufu fyrir nýja mynd leikstjórans Luc Besson. 32



**SPORT** Stórmeistarajafntefli í sögulegum Íslendingaslag í Katar. 28

20 ÁFANGA-  
STADIR 2015

WOW  
air

# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

21. janúar 2015  
17. tölublað 15. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## MARKAÐURINN



**Hundraða milljarða velta**  
Samantöld árleg velta þriggja stærstu aðila á matvöruverkaði nemur 118 milljörðum króna og samanlagður hagnaður er um fjórir milljarðar. Hagnaður Haga er sexfalt meiri en hagnaður Kaupáss.

## FRÉTTIR

**Rannsaaka sauðfé vegna HIV** Vísindauppgötvanir tengdar sjúkdómum í sauðfé bættu skilning á alnæmi. 4

**Kærðir vegna sæstrengs** Rétt leyfi skorti fyrir sæstreng yfir Arnarfjörð, sem hefur verið slitinn af rækjúsömönnum. 6

**Ríkið greiðir lyf fíkla** Ríkið tekur nú þátt í kostnaði með SÁÁ við ævilanga meðferð við ópíumfíkn. 8



Bolungarvík	0°	S	5
Akureyri	-3°	S	4
Egilsstaðir	-4°	SA	3
Kirkjubæjarkl.	-4°	S	3
Reykjavík	1°	SSA	4

**GÓÐVIÐRI** í dag verða víðast sunnan 3-8 m/s og léttskýjað en sums staðar stöku él. Vaxandi suðaustanátt seinni partinn með rigningu SV-til í seint í kvöld. 4

## 3 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Veisluþjónusta | Fólk



# Framkvæmdasjóður aldraðra nýttur til að borga húsaleigu

Framkvæmdasjóði aldraðra er þröngur stakkur sniðinn til nýframkvæmda. Stórum hluta sjóðsins varið í rekstur öldrunarheimila og leigu hjúkrunnarrýma. Félag eldri borgara hefur barist lengi fyrir breytingum.

**HEILBRIGÐISMÁL** Aðeins fimmtungi af fé Framkvæmdasjóðs aldraðra er úthlutað til verkefna á vegum sjóðsins. Langstærstur hluti framkvæmdasjóðsins fer í leigu á öldrunarhúsnæði víðsvegar um landið og rekstur öldrunarheimila.

„Það er áhersluatriði hjá mér varðandi uppbyggingu hjúkrunnarrýma að þessa fjármuni sem renna í rekstur fáum við til uppbyggingar nýrra hjúkrunnarrýma,“ segir Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra.

Frá 2010 til 2014 hafa 8,2 milljarðar króna runnið í sjóðinn. 1.672 milljónum hefur verið

úthlutað úr sjóðnum til verkefna sem sótt hefur verið um í sjóðinn. Mismunurinn, um 6,5 milljarðar, fer í ýmsa hluti, svo sem rekstur stofnanajónustu, leigugreiðslur vegna hjúkrunnarheimila og viðhalds öldrunarstofnana.

Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Félags eldri borgara, segir félagið lengi hafa gagnrýnt stöðu sjóðsins og telur hann verða að fá meira svigrúm til nýframkvæmda. „Það er mjög slæmt að festa framkvæmdasjóð í klöfum rekstrarkostnaðar og geta ekki að fullu beitt sér í uppbyggingu nýrra hjúkrunnarrýma.“

Árið 2009 var ákveðið að fara

svokallaða leiguleið sem skuldbindur ríkið til að leigja hjúkrunnarrými til 40 ára fyrir um 85% af stofnkostnaði og sveitarfélög taka á sig hin 15%.

Þessi leiguleið kostaði ríkið um 625 milljónir á síðasta ári og um milljarð árið 2013 svo stór hluti Framkvæmdasjóðs aldraðra er bundinn rekstri og leigu hjúkrunnarrýma í stað þess að sinna nýframkvæmdum.

Lögbundin stjórn stýrir Framkvæmdasjóði aldraðra og hefur því úr takmörkuðum fjármunum að spila hvert ár. Alls 416 milljónir hafði framkvæmdasjóðurinn til að ráðstafa til nýframkvæmda

**6,5** milljarðar fara í annað en nýframkvæmdir hjá Framkvæmdasjóði aldraðra.

en aðeins 132 milljónum var ráðstafað úr sjóðnum það ár.

Kristján Þór segir þetta vera til skoðunar innan ráðuneytisins. „Það er verið að vinna núna fyrir mig drög að framkvæmdaáætlun um uppbyggingu hjúkrunnarrýma. Þar er um umtalsverðar fjárhæðir að ræða,“ segir Kristján Þór.

- sa



**KÁTT Í KATAR** Stuðningsmenn íslenska landsliðsins í handbolta hafa sett svip sinn á Doha, en þeir létu vel í sér heyrta þegar strákarnir okkar gerðu jafntefli við Evrópu- og Ólympíumeistara Frakka í æsispennandi leik í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EVA BJÖRK

## Djammarar um næstu helgi: Verða að muna pin-númerin

**FÓLK** Skemmtistaðaeigendur í miðbæ Reykjavíkur eru ugðandi því að um næstu helgi þurfa allir djammarar að vera búnir að leggja pinnið sitt á minnið. Ekki verður lengur nóg að ýta bara á græna takkann ef pinnið gleymist.

Óvíst er hvort þeir eiga allir jafnaðvelt með að muna eftir pin-númerinu á kortunum sínum, sérstaklega ef þeir eru undir áhrifum. „Þetta verður eitthvað bíó vegna þess að fólk er ekki alveg í besta skapinu og besta standinu þegar liður á nóttina. Ég held að þetta verði svolítið vesen,“ segir Össur Hafþórsson, annar eigenda Park, Bars 11 og Bars 7.



**ÖSSUR HAFÞÓRSSON**

- fb / sjá síðu 32

## Hópur ungmenna hefur hrellt nemendur við Hagaskóla á ýmsan hátt: Ótti vegna ógnana og hótana

**LÖGREGLUMÁL** „Það hafa borist tilkynningar til lögreglu um ógnanir meðal annars milli barna og ungmenna í Vesturbænum, það er verið að vinna í því máli af hálfu lögreglu, félagsmálayfirvalda, barnaverndaryfirvalda, skóla og foreldra,“ segir Kristján Ólafur Guðnason, aðstoðaryfirlögreljubjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Hræðsla er meðal nemenda Hagaskóla þar sem hópur ungmenna, sem sum eru í skólanum og önnur ekki, hefur ógnað og hótad nemendum við skólann. Lögreglu hafa borist tilkynningar vegna málsins og er nú verið að vinna að því að leysa það í samstarfi við skóla-, félagsmála- og barnaverndaryfirvöld.

Í gær kom foreldri barns, sem hafði orðið fyrir ónæði frá meðlimi hópsins, í skólann á skólatíma til þess að ræða við meintan geranda. Til einhverra rýsinga kom á milli þeirra en ekki er vitað hversu alvarlegar þær voru. Lögreglumenn voru staddir í skólanum á sama tíma á fundi með skólayfirvöldum til þess að reyna að finna lausnir á vandunum sem skapast hefur vegna hópsins.

Einnig hafa umsjónarkennarar sent foreldrum tölvupóst þar sem þeir eru hvattir til þess að ræða við börn sín. Dæmi eru um að ungmenni þori ekki að vera ein á ferð af ótta við að lenda í hópnunum.

- vh / sjá síðu 2



„Það koma tilvik öðru hverju þar sem að fáir einstaklingar geta valdið miklu uppnámi. Þá einstaklinga þarf að finna og koma til aðstoðar og það er það sem verið er að gera núna.“


Kristján Ólafur Guðnason, aðstoðaryfirlögreljubjónn hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

**STÓRA ÚTSALAN**  
YFIR 1000 VÖRUR  
Á MÖGNUM TILBOÐI!

**20-70% afsláttur!**

byggtogbúið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS



## SPURNING DAGSINS



Hermann, er ástandið bara tóm dilla?

„Já, kúa-della“

Hermann Aðalsteinsson, bóndi í Pingeyjar-sýslu, telur ástand dýralæknamála í sýslunni ólíðandi. Enginn dýralæknir er á vakt með þjónustusamning við Matvælastofnun.

Íslamska ríkið hótar að drepa japanska gísla verði lausnargjald ekki greitt:  
Abe heitir því að frelsa gíslana

**JAPAN, AP** Forsætisráðherra Japans segist staðráðinn í að frelsa japönsku gíslana tvo sem vígasveitir Íslamska ríkisins hafa hótað að drepa, fái þeir ekki jafnvirði rúmlega 26 milljarða króna í lausnargjald. „Líf þeirra er í algjörum forgangi,“ sagði Shinzo Abe forsætisráðherra, sem undanfarna daga hefur verið á ferð í Mið-Austurlöndum. Áður höfðu japönsk stjórnvöld neitað að greiða lausnargjaldið, en í gær vildi hvorki Abe né aðrir forystumenn japanskra stjórnvalda

segja hvort nú komi til greina að verða við kröfu hryðjuverkamanna-anna.

Gíslarnir tveir heita Kenji Goto og Haruna Yukawa. Goto er óháður fréttamaður sem hélt til Sírlands á síðasta ári til að segja fréttir frá átökunum þar. Yukawa er hins vegar mikill áhugamaður um vopn og stríðsátök, og sagður reka „hernaðarfyrirtæki“. Hann hefur undanfarið verið í Írak og Sírlandi, að því er virðist til þess að komast í samband við hryðjuverkamennina. -gp



FRÉTTIR FRÁ SÝRLANDI Íbúar í Tókýó fylgjast með fréttum af gíslatökunni á stórum útskjá. NORDICPHOTOS/AFP

Maðurinn talinn hættulegur:  
Gæsluvarðhald til 10. febrúar

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um að maður, sem hefur játað að stinga annan mann í brjóstið á Granda þann 10. janúar, skuli sæta gæsluvarðhaldi til 10. febrúar.

Í niðurstöðu héraðsdóms segir að árásin hafi verið lífshættuleg og maðurinn sé hættulegur. Því sé nauðsynlegt, með tilliti til almannahagsmuna, að hann sé í gæsluvarðhaldi meðan rannsókn málsins stendur yfir. -j6e



SKVETTUR Mikil stemming myndast á skvettuhátíðinni og mega vegfarendur vara sig. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Árleg skvettuhátíð fór fram í Nagonhara í Japan í gær:  
Skvettu heitu vatni að fornum síð

**JAPAN** Árleg skvettuhátíð fór fram í Nagonhara í Japan í gær. Hátíðin á sér 400 ára sögu og er haldin á jarðhitasvæði. Á hátíðinni koma menn saman fáklæddir og skvettu heitu vatni hver á annan að fornum síð. -vh

Nemendum hefur  
verið hótað og ógnað

Hópur ungmenna hefur gert nemendum við Hagaskóla lífið leitt með ógnunum og hótunum. Til ryskinga kom í gær milli foreldris og eins úr hópnum. Lögregla segir málið vera til rannsóknar og verið sé að leita lausna á vandanum.

**LÖGREGLUMÁL** Mikil hræðsla er meðal unglina í Hagaskóla vegna þess að hópur unglina, sem ýmist eru í skólanum eða ekki, hafa hótað og ógnað nemendum skólans. Ástandið hefur varað um nokkurra mánaða skeið og hafa ítrekaðar hótanir og ógnanir átt sér stað bæði á skólatíma og utan skóla.

Skólayfirvöld í samstarfi við lögreglu og félagsmálayfirvöld hafa reynt að vinna að því að koma málum í lag. Í gær kom foreldri barns, sem hafði orðið fyrir ónæði frá meðlimi hópsins, í skólann á skólatíma til þess að ræða við meintan geranda. Til einhverra ryskinga kom á milli þeirra en ekki er vitað hversu alvarlegar þær voru. Lögreglumenn voru staddir í skólanum á sama tíma þar sem þeir voru að funda með skólayfirvöldum til þess að reyna að finna lausnir á þeim vanda sem skapast hefur vegna hópsins.

„Það hafa borist tilkynningar til lögreglu um ógnanir meðal annars milli barna og ungmenna í Vesturbænum, það er verið að vinna í því máli af hálfu lögreglu, félagsmálayfirvalda, barnaverndaryfirvalda, skóla og foreldra,“ segir Kristján Ólafur Guðnason, aðstoðaryfir- lögregluþjónn hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Kristján vildi þó ekki tjá sig um meint atvik sem átti sér stað þar í gær en staðfesti að verið væri að leita lausna vegna vandans sem skapast hefur út af hópnum.

„Það koma tilvik öðru hverju þar sem fáir einstaklingar geta valdið miklu uppnámi. Þá einstaklinga þarf að finna og koma til aðstoðar og það er það sem er verið að reyna að gera núna,“ segir Kristján.



HAGASKÓLI Hræðsla er meðal sumra nemenda vegna hóps sem hefur ógnað og hótað nemendum við skólann. Unnið er að því að leysa málið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samningsaðilar líti á krónur:  
Krónur heppi-  
legri en prósent

**ALÞINGI** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra vill skoða að samið verði um krónutöluhækkunar launa í stað prósentuhækkana í komandi kjarasamningum.

Þetta kom fram í svari ráðherrans við fyrirspurn Árna Páls Árnasonar á Alþingi í gær. Árni Páll taldi upplýsingar frá ráðherra um kjaramál misvísandi. Félagsmálaráðherra teldi að meira svigrúm en 3,5 prósent væri til staðar en fjármálaráðherra hafnaði því.

Forsætisráðherra sagði að ef einblínt væri á prósentur myndi það ógna stöðugleika í landinu. Krónur væru því hentugri. -j6e

Sameining þriggja möguleg:  
Staða háskóla  
undir smásjá

**MENNTAMÁL** Aukið samstarf háskólanna á Bifröst og Hólum og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri er í bígerð. Sameining skólanna þriggja er einnig möguleiki. Þetta kemur fram í bréfi sem rektor Landbúnaðarháskólans ritar til starfsmanna skólans.

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra segir að málið sé á algjöru byrjunarstigi. Gagnaöflun sé farin af stað til þess að skoða hvaða kostir felist í auknu samstarfi eða sameiningu.

Illugi vonast til að greiningarvinnu ráðuneytisins ljúki í næsta mánuði og þá sé hægt að meta hver næstu skref verði. -bá, j6e

**Skiði**

31. janúar í 7 nætur

Flugsæti frá kr. **39.950** FYRIR

Frá kr. **88.900** m/hálfu fæði

Netverð á mann frá kr. 88.900 á Zum Weissenstein m.v. 2 fullorðnir og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 109.900 á Zum Weissenstein m.v. 2 fullorðnir í herbergi.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000 www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Alþingi kom saman á ný í gær. Umræður um ESB hófust strax á fyrsta degi:  
Slitatillaga væntanleg bráðlega

**ALÞINGI** Tillaga ríkisstjórnarinnar um að aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið verði slitið verður lögð fram innan skamms.

„Málið hefur verið til umræðu í þingflokknunum og styttist í að tillagan verði lögð fram með degi hverjum,“ segir Þórunn Egilsdóttir, nýr þingflokksformaður Framsóknarflokksins. Hún segir að hún viti ekki hvenær hún verði lögð fram eða hvort þetta sé sama tillaga og lögð var fram fyrir ári.

Tillagan var til umræðu í óundirbúnum fyrirspurnatíma á þingi í gær. Guðmundur Steingrímsson, þingmaður Bjartar framtíðar, spurði Bjarna Benediktsson fjármálaráðherra út í afstöðu hans.

Guðmundur minnti ráð-



GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON

herra á að í aðdraganda kosninga töluðu allir oddvitar Sjálfstæðisflokksins um að afdrif viðræðna yrðu lögð í dóm þjóðarinnar. Í svari fjármálaráðherra kom fram að Ísland væri aðeins í viðræðum við ESB að nafninu til. Samningahópurinn hefði verið leystur upp og tillagan væri aðeins formsatriði.

„Það verða mikil vonbrigði ef tillagan kemur aftur fram og í raun trúi ég því ekki fyrir en ég sé það gerast,“ segir Guðmundur. Hann segist halda í vonina um að ríkisstjórnin sjái að sér.

„Ríkisstjórnin hefur ekki



Það koma tilvik öðru hverju þar sem að fáir einstaklingar geta valdið miklu uppnámi. Þá einstaklinga þarf að finna og koma til aðstoðar.

Kristján Ólafur Guðnason, aðstoðaryfir- lögregluþjónn

ar þori ekki að vera einir á ferð af ótta við hópinn.

Ekki náðist í skólastjóra Hagaskóla við vinnslu fréttarinnar.

viktoria@frettabladid.is



Málið hefur verið til umræðu í þingflokknunum og styttist í að tillagan verði lögð fram með degi hverjum.

Þórunn Egilsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokksins.

umboð til að slíta viðræðunum. Ætli hún sér að ná fram viðræðslitum verður hún að sækja það með nýjum kosningum,“ segir Guðmundur.

-j6e



200.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.690.000 kr.

**Suzuki Swift GL** YHY78  
Skráður maí 2011, 1,3i bensín, beinskiptur.  
Ekinn: 60.000 km.  
Ásett verð: 1.890.000 kr.



150.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.340.000 kr.

**Ford Escape XLT** MZ601  
Skráður maí 2007, 3,0i bensín, sjálfskiptur.  
Ekinn 126.000 km.  
Ásett verð: 1.490.000 kr.



100.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 590.000 kr.

**Ford Focus Trend** AG521  
Skráður ágúst 2005, 1,6i bensín, beinskiptur.  
Ekinn 183.000 km.  
Ásett verð: 690.000 kr.



Verð: 2.570.000 kr.

**Ford Mondeo Trend** JIN64  
Skráður maí 2011, 1,6TDCi, dísil, beinskiptur.  
Ekinn 94.000 km.

# NOTAÐIR BÍLAR

## MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

Gerðu betri bílakaup!



200.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.890.000 kr.

**Mazda2 Takara** PTE04  
Skráður maí 2014, 1,3i bensín, beinskiptur.  
Ekinn: 23.000 km.  
Ásett verð: 2.090.000 kr. Í ábyrgð



440.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 3.690.000 kr.

**Ford Kuga Titanium S** PHG38  
Skráður desember 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfsk.  
Ekinn 85.000 km.  
Ásett verð: 4.130.000 kr.



140.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.850.000 kr.

**Kia Rio Ex** IVH19  
Skráður apríl 2014, 1,4TDi dísil, beinskiptur.  
Ekinn 5.400 km.  
Ásett verð: 2.990.000 kr. Í ábyrgð

### FINNDU BÍLINN ÞINN



Skofaðu fleiri  
deemi hér!

### TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

SÝNDU OKKUR BÍLINN  
ÞINN OG VIÐ GERUM  
ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF.  
ENGIN SKULDBINDING

# NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.



200.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.890.000 kr.

**Ford Focus Trend Collection** OEM72  
Skráður maí 2011, 1,6TDCi, dísil, beinskiptur.  
Ekinn: 68.000 km.  
Ásett verð: 2.090.000 kr.



900.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.990.000 kr.

**Mercedes Benz E-Class 200** MAE68  
Skráður október 2008, 1,8i bensín/metan, sjálfsk.  
Ekinn 138.000 km.  
Ásett verð: 3.890.000 kr.



460.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 7.190.000 kr.

**Volvo XC60 Summum D4 AWD** ZHZ45  
Skráður maí 2014, 2,4TDi dísil, sjálfskiptur.  
Ekinn 32.000 km.  
Ásett verð: 7.650.000 kr. Í ábyrgð



150.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.740.000 kr.

**Citroën C3 Seduction** LDK77  
Skráður maí 2013, 1,4TDCi dísil, beinskiptur.  
Ekinn: 54.000 km.  
Ásett verð: 1.890.000 kr. Í ábyrgð



200.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.490.000 kr.

**Citroën C3 Seduction Airdream** HJF25  
Skráður maí 2012, 1,6TDCi dísil, beinskiptur.  
Ekinn: 82.000 km.  
Ásett verð: 1.690.000 kr.

**BÍLADÍLL DAGSINS!**  
Hafðu samband  
strax!



600.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 8.490.000 kr.

**Volvo XC90 Momentum D5 AWD** EYG10  
Skráður apríl 2012, 2,4Di dísil, sjálfskiptur.  
Ekinn 69.000 km.  
Ásett verð: 9.090.000 kr.



100.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 790.000 kr.

**Ford Focus C\_Max Trend** O1685  
Skráður mars 2005, 1,6i bensín, beinskiptur.  
Ekinn: 107.000 km.  
Ásett verð: 890.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK



Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílar fara  
beint á Facebook!

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030  
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040  
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Öruggur staður til að vera á



Andagift · Nýjungar · Ásýnd · Bylting · Virkni · Virði · Fyrirbæri · Hátækni · Ferli  
Merkingarfræði · Snjalltækni · Þróun · Nanó · Vörur · Hagnaður · Stöðugleiki  
Stuðningur · Markhópagreining · Fræði · Hugvit · Mörkun · Netið · Kraftur  
Sýn · Fjármagnshöft · Vitund · Einstaklingar · Loftslag · Leiðtogar · Tengslanet  
Frumkvæði · Framleiðsla · Heimur · Framfarir · Viðskipti · Afþreying · Forskot

**IIU** *Iceland*  
*Innovation*  
**UnConference**

Reykjavík  
24. janúar 2015  
#IIU2015

Markmið · Forysta · Samskipti · Jákvæðni · Teymi  
Frumgreinar · Metnaður · Markaðsstarf · Sköpun · Viðskiptavinur · Endurnýjun  
Eftirlit · Iðnaður · Fjölbjóðlegt · Uppbygging · Gleði · Sprotafyrirtæki · Alþjóðlegt  
Yfirsýn · Hagsæld · Matvæli · Gæði · Hnattvæðing · Þekking · Verndun · Nýting  
Raunvísindi · Virkja · Rekstrarumhverfi · Fyrirbærafræði · Blómstra · Sköpunargleði  
Samkeppnisforskot · Vísindi · Áskorun · Gagnagrunnur · Erlendir markaðir · Óvissa  
Örvun · Sjóðir · Orka · Hugverk · Ferðaþjónusta · Kynning · Öryggi · Upplýsingar  
Könnun · Framtíð · Tengsl · Sérfræðiþekking · Sérstaða · Greiðslumiðlun · Lærdómur  
Velferð · Nýliðun · Örgjörvi · Þjónusta · Möguleikar · Grunnur · Vöxtur · Vitneskja · Gildi  
Sóknarfæri · Verslun · Nýtt · Smíði · Staðsetning · Vöruhönnun · Verðmæti  
Afl · Samkeppni · Vinnuafli · Merking · Hugkvæmni · Stuðningur · Áætlun  
Tekjur · Rekstur · Rými · Upplifun · Gagnavinnsla · Aðlögun · Tónlist · Boðmiðlun  
Tækifæri · Erfðir · Miðlun · Upplýsingastreymi · Vinnsla · Hugmyndir · Framvinda  
Heilbrigði · Góðvild · Rafeindasmásjá · **Um hvað vilt þú tala?** · Tungumál  
Leiðsögn · Umhverfi · Bókvit · Hönnun · Verkfræði · Upplýsingaöflun · Vinna  
Samstarf · Samfélagsmiðlar · Þekkingargarður · Sjálfstæði · Verkvit · Sjálfbærni  
Samfélagsleg ábyrgð · Útgáfa · Framtak · Tækni · Nýsköpun · Brautryðjandi  
Gagnaöryggi · Raforka · Þekkingarsvið · Virðisauki · Markhópur · Sérfræðingur  
Vöruskipti · Hlutverk · Vöruþróun · Evrópa · Áhugi · Breidd · Framsýni · Hæfileikar  
Atvinna · Regluverk · Skapandi · Tölvur · Væntingar · Mannauðsstjórnun · Spennandi  
Praktík · Norrænt · Handverk · Vindar · Haf · Ferill · Verkefni · Virkjun · Athafnasemi  
Tónmennt · Hagsýni · Framtíð · Upplýsingabylting · Forystuhlutverk · Fagmennska  
Landamæri · Rannsóknaráætlun · Kerfi · Fræðsla · Menntun · Frumkvöðlar  
Einkaleyfi · Laugardaginn 24. janúar stendur Landsbankinn, í samvinnu við  
Háskóla Íslands, fyrir UnConference í þriðja sinn á Háskólatorgi. Þar deila  
þátttakendur þekkingu og reynslu í opnum umræðuhópum. Jafnframt eiga  
frumkvöðlar þess kost að setjast niður, maður á mann, með 100 stjórnendum  
og sérfræðingum til að fá ráðgjöf varðandi uppbyggingu og vöxt fyrirtækja.  
Fáðu nánari upplýsingar og skráðu þig á [landsbankinn.is/unconference](http://landsbankinn.is/unconference).



## VEISTU SVARID?



1. Hvaða íslenski píanóleikari lét semja verk fyrir leikfangapíanó?
2. Hversu mörg prósent eiga nær helming af heildarauði jarðarbúa?
3. Hver er framkvæmdastjóri fjölmíðlanefndar?

SVÖR:

1. Tíma Þorsteinsdóttir. 2. Eitt prósent.  
3. Elfa Yr Gyfadóttir.

# Hátíðarhöld vegna 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna og þjóðhátíðardagurinn verði sameinuð í ár: 19. júní gæti orðið frídagur í stað 17. júní

**SKEMMTANIR** Til greina kemur að hafa hátíðarhöld vegna 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna og þjóðhátíðardagsins á sama degi í ár.

„Hugmyndin er að sameina hátíðarhöld vegna 17. júní og 19. júní þegar minnst verður að 100 ár eru frá því konur fengu kosningarétt,“ segir Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur. Borgarstjóri segir að dagurinn allur tæki mið af hundrað ára afmælinu, auk hefðbundinnar dagskrár. 19. júní

í ár er föstudagur og gæti endað á glæsilegum tónleikum á Arnarhóli. Dagur velti hugmyndinni upp í umræðum á borgarstjórnarfundum í gær.

„Það hefur verið stungið upp á því að gera 19. júní að frídegi í ár í tilefni afmælisins,“ segir borgarstjórinn. Illa gangi upp að hafa tvo frídaga með svo stuttu millibili.

„Þetta yrði mjög sérstakt. 19. júní er merkilegur dagur í sögu landsins. Það hefur líka sýnt sig að stórir viðburðir í sögu kvenfrelsis-

baráttunnar, á borð við kvennafrídaginn, hafa endurspeglad mikinn áhuga þjóðarinnar á þátttöku,“ segir Dagur.

Dagur segir að hann hafi nefnt hugmyndina við þá sem standa að skipulagningu viðburða sem tengjast afmæli kosningaréttarinnar. Einnig hafi hann komið henni óformlega á framfæri við forsætisráðuneytið.

„Þetta er hugmynd og þær komast ekki til framkvæmda nema með samvinnu allra. Ég tel þetta gæti orðið stórskemmtilegt.“ -joe



**ÞINGVALLAHÁTÍÐ** Hátíð var haldin í tilefni af 90 ára afmæli kosningaréttar kvenna fyrir 10 árum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

## Flóttamenn koma til landsins í boði ríkisstjórnar: Samið um flóttafólk

**SAMFÉLAGSMÁL** Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, og Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, undirrituðu í gær samning um móttöku og aðstoð við hópa flóttafólks sem koma til landsins í boði ríkisstjórnarinnar.

Hóparnir sem um ræðir eru tveir. Annars vegar fimm hinsegin einstaklingar, sem flestir komu fyrir áramót, auk þrettán Sýrlendinga sem væntanlegir eru á næstu vikum. Alls er um að ræða átján manns.

Við undirritunina sagði ráðherra að hún fagnaði samstarfinu við Reykjavíkurborg. Ekki síst þar sem nú væri tekið á móti fólki sem sætt hefði ofsóknum og ófabeldi sökum kynhneigðar sinnar.

Samningurinn fjallar um öll helstu verkefni sem móttaka flóttafólks hefur í för með sér. Verkefni



**UNDIRRITUN** Eygló Harðardóttir og Dagur B. Eggertsson. MYND/VELFERDARRÁÐUNEYTIÐ

varða einkum félagslega þjónustu en einnig heilbrigðisþjónustu og grunnskólamenntun sem íbúar sveitarfélaga njóta almennt. Rauði krossinn gegnir einnig hlutverki í móttöku og aðlögun fólksins og hefur samningur þess efnis verið undirritaður. -joe



**ARNARFJÖRÐUR** Sæstrengur var lagður yfir rækjumíð segja útgerðarmenn ósáttir. „Þessar aðgerðir geta mögulega valdið einstaka útgerðum rekstrartapi,“ segir í bréfi til Ísafjarðarbæjar. FRÉTTABLAÐIÐ/ION SIGURDUR

## Kærðir fyrir að slíta sæstreng í Arnarfirði

Rétt leyfi skorti fyrir sæstreng sem Neyðarlínan lagði yfir Arnarfjörð segja Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi. Því neitar framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar sem telur þrjú rækjusjómenn hafa slitið strenginn viljandi og hefur kært þá til lögreglu.

**DÓMSMÁL** Neyðarlínan og Orkubú Vestfjarða kærðu þrjú rækjuskjóstjóra til lögreglu fyrir að vinna skemmdarverk á sæstreng sem lagður var yfir Arnarfjörð í fyrrasumar en slitinn í sundur í haust.

Sæstrengurinn flutti rafmagn í mastur sem Neyðarlínan reisti á Laugabólshvelli og ber búnað sem á að bæta fjarskipti á svæðinu. Orkubú Vestfjarða tók við rekstri strengsins þegar hann var tilbúinn.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi sendu bæjaryfirvöldum á Ísafirði bréf þar sem því er haldið fram að útgáfa skipulagsstjóra Ísafjarðar í júní í fyrra á framkvæmdaleyfi til Neyðarlínunnar hafi verið ólöglegt þar sem ekki hafi verið gætt að lögbundnu samráði. Ekki hafi verið samráð við Skipulagsstofnun og umsögn frá Umhverfisstofnun hafi verið takmörkuð því hún hafi aðeins fjallað um lagningu strengsins á landi en ekki í sjó.

„Því miður var ekkert samráð haft við þá aðila sem stunda útgerð og veiðar á þessu svæði,“ segir í bréfi samtakanna. „Í þessu tilfelli hefur strengurinn verið lagður yfir gjöfuleg rækjumíð þar sem veiðar hafa verið stundaðar í áratugi í Arnarfirði en lagning hans takmarkar einnig aðrar fiskveiðar á svæðinu.“

Bæði Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar, og Kristján Haraldsson, orkubústjóri Orkubús Vestfjarða, mótmæla því að ekki sé lögmætt leyfi fyrir strengnum.

„Öll tilskilin leyfi liggja fyrir,



**Öll tilskilin leyfi liggja fyrir.**

Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar.



**Þetta gerðist nú reyndar hálfpartinn á minni vakt sem bæjarstjóri.**

Daníel Jakobsson, fyrrverandi bæjarstjóri á Ísafirði.



**Á LAUGABÓLSFJALLI** Mastur Neyðarlínunnar ber búnað sem bætur fjarskipti á svæðinu. MYND/NEYÐARLÍNAN

frá byggingarfulltrúa, samþykkt af byggingarnefnd, og frá Umhverfisstofnun vegna lagningar í sjó,“ segir Þórhallur.

Þórhallur og Kristján telja að skipstjórnarnir þrjú hafi tekið lögin í sínar hendur í haust, vísvitandi farið á bátum sínum og togað yfir strenginn þar til hann slitnaði.

Strengurinn kostaði að sögn Þórhalls 17 milljónir króna. Hann reyndist ónýtur og var dreginn í land. Búnaðurinn á Laugabólshvelli er nú knúinn með disilrafstöð og óvíst er um lagningu og legu nýs strengs.

Daníel Jakobsson, sem var bæjarstjóri á Ísafirði þar til í júní í fyrra og situr nú í minnihluta í bæjarstjórn fyrir Sjálfstæðisflokk, telur að við afgreiðslu málsins á þeim tíma hafi ekki verið viðhöfð góð stjórnsýsla.

„Þetta gerðist nú reyndar hálf-

partinn á minni vakt sem bæjarstjóri,“ tekur Daníel fram. Hann kveður bréf frá umhverfisnefnd bæjarins á þessum tíma vegna erindis Neyðarlínunnar hafa valdið misskilningi.

„Fyrir leikmann er ekki hægt að skilja annað heldur en að það sé búið að gefa út framkvæmdaleyfi en í raun var ekki verið að því heldur að tilkynna að umhverfisnefnd hafi samþykkt málið fyrir sitt leyti. En í þessu tilviki er það ekki á forræði bæjaryfirvalda að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir lagningu sæstrengs,“ útskýrir Daníel.

Burtséð frá því að meira samráð hefði mátt vera við rækjúsjómennina segir Daníel að alls ekki hafi verið tilefni til að slíta strenginn. „Barna er búið að valda stórtjóni og draga úr öryggi okkar íbúanna.“ gar@frettabladid.is

## Opið hús á HVANNEYRI

Fyrirtæki og stofnanir Hvanneyrargötu 3, Hvanneyri í Borgarfirði opna skrifstofur sínar upp á gátt fimmtudaginn 22. janúar kl 15-18.

- Starfsfólk opnar skrifstofur sínar og tekur á móti gestum
- Laus skrifstofurými verða til sýnis
- Kaffiveitingar á kaffistofu
- Óformleg dagskrá - Kynningar í fundarsal
- Veitingar, forvitnilegar, kynningar á starfsemi og almenn gleði í boði!

Þau fyrirtæki/stofnanir sem hafa aðsetur að Hvanneyrargötu 3 eru: Búnaðarsamtök Vesturlands, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Héraðssetur Landgræðslu ríkisins, Matvælastofnun, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Skorradalshreppur, Vesturlandsskógar, Borgarland ehf. kynnir leigumöguleika og tilboð á húsnæði.

Gott aðgengi er að húsi og lyfta milli hæða. Hjá þessum stofnunum og fyrirtækjum vinnur hópur fólks sem vill kynna starfsemi í húsinu.

Verið velkomin!



# BÆTTU VIÐ ÞIG ÞEKKINGU

”Ég var mjög ánægð með námskeiðið, frábært að geta verið heima og læra í gegnum netið. Það var líka svo gott að geta nýtt sér sveigjanleikann í mætingu þar sem ég var í vaktavinnu. Ég er í alla staði mjög ánægð með þjónustuna hjá Promennt og á klárlega eftir að nýta mér það að fara á fleiri námskeið.“  
Sólveig Pétursdóttir, bókhald – grunnur og Excel

”Hér tók ég mín fyrstu skref og það voru gæfuspor.“  
Hörður Jónasson, almennt tölvunám

www.promennt.is

## BÓKHALDS- OG TÖLVUNÁM

Við hjá Promennt bjóðum upp á mikið úrval sérstaklega skemmtilegra og hagnýtra námskeiða í upplýsingatækni. Þeir sem vilja bæta við sig almennri tölvuþekkingu eða verða sterkari í bókhaldsvinnunni ættu ekki að láta þessi námskeið framhjá sér fara.

NÁMSSTYRKIR  
Í BOÐI

### ► BÓKHALD GRUNNUR

Hnitmiðað nám fyrir starfandi skrifstofu- og verslunarfólk eða þá sem hafa hug á að starfa á þeim vettvangi. Námið hentar einnig einstaklingum með sjálfstæðan atvinnurekstur og þeim sem eru að hefja rekstur og vilja vera sem mest sjálfstæðir við bókhaldið.

Hefst: **27. og 28. feb.** • Morgun- og kvöldhópur • Lengd: **105 std.** • Verð: **124.000 kr.**  
Verð á mánuði með vaxtalausum léttgreiðslum í 6 mánuði: **20.667 kr.**

### ► BÓKARANÁM FYRIR LENGRA KOMNA

Viltu dýpka þekkingu þína í bókhaldi eða ertu jafnvel á leiðinni í námið Viðurkenndur bókarí? Þá er þetta kjörinn undirbúningur fyrir þig!

Bókaránám fyrir lengra komna er hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi sem hentar þeim sem hafa einhverja bókhaldsreynslu eða hafa lokið tölvu-, skrifstofu- og bókhaldsnámi og vilja ná dýpri þekkingu og færni í bókhaldi. Námskeiðið er einnig hugsað sem aðfararnám fyrir þá sem stefna á námið Viðurkenndur bókarí. Kennsla fer að mestu leyti fram í formi verklegra æfinga með raunhæfum verkefnum.

Hefst: **10. feb.** • Morgun- og kvöldhópur • Lengd: **105 std.** • Verð: **124.000 kr.**  
Verð á mánuði með vaxtalausum léttgreiðslum í 6 mánuði: **20.667 kr.**

### ► ALMENNT TÖLVUNÁM

Sérstaklega hagnýtt námskeið fyrir þá sem komnir eru af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnunni eða heima. Námskeiðið er einnig tilvalið fyrir þá sem þurfa að auka öryggi sitt í allri tölvuvinnslu með aukinni þekkingu, hraða og færni.

Helstu kennslugreinar: • Windows skjalavarsla • Word • Excel  
• Internet • Outlook, tölvupóstur og dagbók

Hefst: **2. feb.** • Morgun- og kvöldhópur • Lengd: **60 std.** • Verð: **64.000 kr.**  
Verð á mánuði með vaxtalausum léttgreiðslum í 4 mánuði: **16.000 kr.**

#### STÖK NÁMSKEIÐ

WORD  
EXCEL  
EXCEL FRAMHALD  
NAVISON FJÁRHAGSBÓKHALD F. BYRJENDUR  
TOLLSKÝRSLUGERÐ  
EXCEL FYRIR BÓKARA

#### HEFST

4. FEB.  
18. FEB.  
19. FEB.  
25. MAR.  
24. APR.  
27. APR.

### ► FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI

Markmiðið með þessari geysiöflugu námsbraut er að nemendur öðlist þá hæfni sem þarf til að geta skarað fram úr í bókhaldsvinnu og verði vel undirbúnir fyrir próf til Viðurkennds bókara á vegum Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Námsbrautin er þrískipt auk undirbúnings sem felst í að nemendur læra námstækni í MindManager hugarkortshugbúnaðinum:

- Bókhald - grunnur
- Bókaránám fyrir lengra komna
- Viðurkenndur bókarí

Námsbrautin er unnin í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands (EHÍ). Kennsla 1. og 2. hluta fer fram hjá okkur í Promennt (bæði staðnám og fjarkennsla í boði) en 3. misseri fer fram hjá EHÍ. Fyrstu tveir hlutarnir eru metnir til allt að 10 eininga til stúdentsprófs, þriðja og síðasta hlutann er hægt að fá metinn til ECTS háskólaeininga (sjá nánar á [promennt.is](http://promennt.is)).

Hefst: **27. og 28. feb.** • Morgun- og kvöldhópur • Lengd: **350 std.** • Verð: **413.000 kr.**

### ► FRAMABRAUT – SKRIFSTOFUNÁM

Öflug námsbraut sem skilar strax árangri. Nám á þessari braut hentar fólki á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með aukinni menntun. Þetta nám hentar einnig vel sjálfstæðum atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið.

Námið hefur nýst nemendum mjög vel í atvinnuleit enda eiga þátttakendur að vera færir um að sinna flestum skrifstofustörfum sem ritarar og öflugir tölvunotendur eða sem fulltrúar og aðstoðarbókarar í bókhaldsdeildum. Þetta nám er einnig tilvalið sem grunnur fyrir frekara nám.

Hefst: **28. jan.** • Morgun- og kvöldhópur • Lengd: **200 std.** • Verð: **167.000 kr.**  
Verð á mánuði með vaxtalausum léttgreiðslum í 6 mánuði: **27.833 kr.**



Gæðavottun  
fræðsluáðila



Promennt er eini  
Microsoft-vottaði  
skólinn á Íslandi



Hjá Promennt er  
einnig boðið upp á  
fjarkennslu í beinni



Hjá Promennt er  
boðið upp á dag-  
og kvöldnám

Skráning fer fram á [www.promennt.is](http://www.promennt.is) og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

PROMENNT  
Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • [promennt@promennt.is](mailto:promennt@promennt.is) • [promennt.is](http://promennt.is)

PROMENNT

# GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á  
**bilaland.is**

ALLT AÐ 90%  
FJÁRMÖGNUN



TÖKUM NOTADAN  
UPPI NOTADAN!  
GERÐU FRÁBÆR KAUP!

#### SUBARU IMPREZA SPORT

Nýskr. 12/09, ekinn 133 þús. km.  
bensín, sjálfskiptur.  
Rnr. 131316.

Frábært verð!

**1.950 þús.**



#### MMC PAJERO INSTYLE

Nýskr. 06/12, ekinn 51 þús km.  
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ kr. 7.590 þús.**

Rnr. 120557.



#### HYUNDAI ix35 4x4

Nýskr. 04/11, ekinn 117 þús. km.  
bensín, sjálfskiptur.

**VERÐ kr. 3.090 þús.**

Rnr. 120532.



#### TOYOTA YARIS HYBRID

Nýskr. 10/12, ekinn 28 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.

**VERÐ kr. 2.890 þús.**

Rnr. 282157.



#### NISSAN QASHQAI SE

Nýskr. 02/13, ekinn 28 þús. km.  
bensín, sjálfskiptur.

**VERÐ kr. 4.370 þús.**

Rnr. 282127.



#### HYUNDAI i40 WAGON COMFORT

Nýskr. 05/13, ekinn 40 þús. km.  
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ kr. 4.390 þús.**

Rnr. 120492.



#### RANGE ROVER SPORT HSE

Nýskr. 08/07, ekinn 125 þús. km.  
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ kr. 6.990 þús.**

Rnr. 131311.

# bilaland

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík  
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is  
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

# Mannréttindamál að ríkið greiði lyf fíkla

Ævilöng viðhaldsmeðferð SÁÁ við ópíumfíkn nær til um 100 einstaklinga. Ríkið tekur nú í fyrsta sinn þátt í kostnaði við meðferðina sem SÁÁ hefur greitt með söfnunarfé í fimmtán ár. Í grunninn mannréttindamál, segir yfirlæknir á Vogu.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við erum oft að leita til stjórnvalda með svona sanngirnismál. Stundum finnst stjórnmalamönnum þetta vera kvabb, en þetta er mannréttindamál og dauðans alvara því það sýnir hversu mikla fordóma við höfum,“ segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogu.

Ríkið hóf um áramótin að greiða fyrir sérstaka lyfjameðferð við ópíumfíkn á Vogu. Um ævilanga viðhaldsmeðferð er að ræða sem SÁÁ tók upp árið 1999 og hefur greitt fyrir með sjálfsaflafé hingað til. Greiðslur ríkisins ná til 90 einstaklinga á hverjum tíma sem eru veikustu skjólstæðingar SÁÁ. Í sjúklingahópnum eru um 100 einstaklingar, og svo hefur verið um nokkurn tíma.

Spurður um kostnaðarþátttöku ríkisins, sem lá fyrir með samningi SÁÁ og Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) um áramótin, segir Þórarinn það eiga sér sögu- legar skýringar að hún kemur til fyrst nú. Þegar fyrsti þjónustusamningur SÁÁ við ríkið var gerður á sínum tíma var þessi meðferð rétt að komast á fæturna og var þar ekki inni. Þá hafa undanfarin ár einkennst af fjárskorti



**Í NEYSLU**  
Heróín kom aldrei hingað en meðferðin nýtist þeim sem hafa misnotað t.d. sterk verkjalyf sem innihalda ópíum.  
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



ÞÓRARINN TYRFINGSSON

til heilbrigðiskerfisins og kostnaðarþátttaka í þessu verkefni ekki verið inni í myndinni.

„En svo er það sjónarmið að spyrja af hverju þessir sjúklingar hafa ekki notið sömu réttinda og aðrir sjúklingar sem berjast við lífshættulega sjúkdóma, og þeirra lyf eru strax komin inn í sjúkratryggingar. Þessi lyf eru fyrsta bjargræði þeirra og réttlæta meðferðina algjörlega – enda bjargar hún lífi,“ segir Þórarinn.

En hvað rak SÁÁ til að hefja þessa meðferð við ópíumfíkn árið 1999 – að aðstoða fólk við að hætta

að sprauta sig í æð og fá í staðinn buprenorpin sem er viðurkennt lyf við fíkninni.

Þórarinn segir einfaldlega að um veikustu skjólstæðinga SÁÁ sé að ræða, en fjölmargt ungt fólk lést hérlendis vegna notkunar sterkra ópíumefna – mest sterkra verkjalyfja. Svíar sýndu fram á með rannsóknunum að þeirra fólk féll frá umvörpum meðan beðið var eftir þessari meðferð. Þetta fólk lifir ekki aðeins með sínum sjúkdómi heldur verður félagslega virkt og tekur þátt í fjölskylduskyldum sínum og uppeldi barna sinna. Margir fara út á vinnumarkaðinn og ná fullri getu,“ segir Þórarinn.

svavar@frettabladid.is

## Hundur í óskilum



„Sýning þar sem hugmyndaauðgi, einlægni og beittur húmor ráða ríkjum.“

S.J. - Fbl

# Öldin okkar

21. öldin á hundavaði í tali og tónum

Fös 23/1 kl. 20 UPPSELT  
Lau 24/1 kl. 20 ÖRFÁ SÆTI  
Fös 30/1 kl. 20 ÖRFÁ SÆTI

Lau 31/1 kl. 17 Aukasýn.  
Lau 31/1 kl. 20  
Sun 1/2 kl. 20 Aukasýn.

Lau 7/2 kl. 20 ÖRFÁ SÆTI  
Sun 8/2 kl. 20 Aukasýn.  
Fös 20/2 kl. 20



MIÐASALA - 568 8000 - BORGARLEIKHUS.IS



Borgarleikhúsið





7 ára ábyrgð á öllum  
nýjum Kia bílum

[www.kia.com](http://www.kia.com)

# Glæsilegur Kia Rio

Útborgun aðeins 255.777 kr.



## RIO



The Power to Surprise

## Eyðir aðeins um 3,6 lítrum á hundraðið

Nútímatækni og hönnun hafa ekki einungis skilað mögnum og kraftmiklum gæðabíl heldur er hann líka einn sparneytnasti fjöldaframleiddi dísilbíl í heimi. Hann eyðir um 3,6 l/100 km í blönduðum akstri og er magn CO<sup>2</sup> í útblæstri mjög lítið. 7 ára ábyrgð fylgir nýjum Kia Rio sem gildir til ársins 2022.

Kia Rio bíður þín í Öskju, Krókhálsi 11. Komdu og prófaðu, við tökum vel á móti þér.

Verð frá **2.550.777 kr.**

Eða **38.800 kr.** á mánuði í 84 mánuði\*

Kia Rio LX 1,1 — dísilbíl

\*Mánaðarleg afborgun miðast við 10% útborgun og bílalan til 84 mánaða. Bílalanstólur eru viðmiðunarverð og geta breyst án fyrirvara.



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · [askja.is](http://askja.is)  
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.



Fylgdu okkur á facebook.  
[facebook.com/kiamotorsisland](https://facebook.com/kiamotorsisland)



Hvort telur þú að Sjóvarp Símans eða Sjóvarp Vodafone standi framar?

70% la  
velja Sj  
Símans

### Ný könnun staðfestir yfirburði Sjóvarps Símans

Samkvæmt nýrri könnun velja 70% landsmanna Sjóvarp Símans þegar spurt er hvort Sjóvarp Símans eða Sjóvarp Vodafone standi framar.\* Þetta er afgerandi niðurstaða. Ert þú í þeim hópi sem á eftir að kveikja? Þú getur meira með Sjóvarpi Símans.

Komdu inn á [siminn.is/sjonvarp](http://siminn.is/sjonvarp) og skiptu yfir!

# ndsmanna

# ónvarp



“Fólk er hrætt um að missa atvinnu sína, veikja stöðu sína í samfélaginu, það óttast að vera sent heim.

Marina de Quintanilha e Mendonça.



VEIK STAÐA INNFLYTJENDA Marina segir þá sem verða fyrir fordómum veigra sér við því að leita réttar síns. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Innflytjendur hræddir við að kæra hatursáróður

Marina de Quintanilha e Mendonça segir innflytjendur óttast um atvinnu sína og stöðu í samfélaginu láti þeir á sér bera vegna hatursáróðurs eða fordóma sem þeir verða fyrir. Hún hvetur þá hins vegar til þess að tilkynna um allt slíkt.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir  
kristjanabjorg@frettabladid.is



“Ummæli byggð á fordómum eru almennt alvarleg að mínu mati þar sem þau fela í sér beina eða óbeina hvatningu til þess að einstaklingnum eða hópnum sem ummælin beinast gegn verði mismunað, það er að þeir njóti ekki ákveðinna réttinda sökum litarháttar, trúarbragða, kynhneigðar eða annarra þátta.

Bjarney Friðriksdóttir.

**SAMFÉLAGSMÁL** Marina de Quintanilha e Mendonça, formaður fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar, hefur búið á Íslandi í sextán ár. Hún þekkir vel þarfir þeirra innflytjenda sem búa hér á landi, enda hefur hún starfað lengi sem túlkur. Marina hefur oftsinnis gefið fólki ráð sem hefur mætt fordómum og hatursorðræðu.

„Maður reynir alltaf að skilja hvað er í gangi. Ef að virkilega er um fordóma að ræða þá er góð hugmynd að leita til Mannréttindaráðs og spyrja um ráð. Þeir geta aðstoðað fólk við að leita réttar síns. Þetta er stundum lögbrot.“

Hún segir innflytjendur hrædda við að kæra hatursáróður af ótta við að missa atvinnu eða að staða þeirra og fjölskyldunnar í samfélaginu versni.

„Fólk er hrætt um að missa atvinnu sína, veikja stöðu sína í samfélaginu, það óttast að vera sent heim. Það fyrsta sem fólk spyr að þegar það leitar hjálpar er hvort það geti misst vinnuna ef það kvartar eða hvort það eigi á hættu að vera sent úr landi.“

Hún hvetur innflytjendur hins vegar til þess að tilkynna um allan hatursáróður og kæra þá sem gerast brotlegir við lög. „Það er mikilvægt að láta þetta ekki viðgangast.“

Marina segir umræðu um innflytjendur oft neikvæða og sjaldnar á jákvæðum nótum. „Það er frekar að það sé talað um útlendinga þegar illa gengur.

Nú síðustu tvö ár hafa málefni innflytjenda verið sérstaklega oft til umfjöllunar.“

Marina segir helstu hindranir og vandamál innflytjenda varða fordóma og vanþekkingu.

„Fordómar kvikna vegna vanþekkingar. Fólk verður að gera sér far um að vera betur upplýst, fjölmiðlar þurfa líka að uppfylla ákveðna skyldu og stuðla að meiri þekkingu almennings á málefnum innflytjenda.“

Hún segir skorta fyrirmyndir í samfélaginu. Fáir stjórnendur, fjölmiðlamenn og stjórnálmenn séu af erlendum uppruna. „Það eru fáeinir af erlendum uppruna sýnilegir í samfélaginu, þetta eru sömu einstaklingarnir sem spegla einsleitar skoðanir, við erum fleiri og okkur skortir fleiri og fjölbreyttari fyrirmyndir.“

Í skýrslu Bjarneyjar Friðriksdóttur, Hatursorðræða í ummælakerfum íslenskra netfréttamiðla, eru tekin saman ummæli sem flokkast sem hatursorðræða. Gerður er sá fyrirvari að allra grófustu ummælin hafa verið fjarlægð af vefstjórum netfréttamiðlanna og því eru þau ekki til umfjöllunar.

Bjarney segir töluvert bera á fordómafullum ummælum sem einkennast af kynþáttafordómum, þjóðernishyggju og ný-rasisma. Algengast sé að fordómafull ummæli séu sett fram í garð múslima.

**Dæmi um ummæli sem Bjarney fann í ummælakerfum um múslima (orðrétt)**

“Beint í gasklefan meðetta!!:D“

“Hér í Noregi var alda nauðg-ara í Osló...100% af þeim voru múslimar...“

“Ég er á móti því að múslimar nái hér fótfestu og sýki okkar þjóð, með sínu afbrigðilega hegðunarminstri að nauðga börnum og hafa kynlíf með dætur sínar fyrir að vera ástfangnar af Íslendingi. Eða sírubrenna stelpur fyrir að vilja ekki giftast gömlum mönnum. Þetta pakk á að vera heima hjá sér ef það vill ekki aðlagast okkur og okkar sið.“

Bjarney segir öll ummæli byggð á fordómum alvarleg.

„Ummæli byggð á fordómum eru almennt alvarleg að mínu mati þar sem þau fela í sér beina eða óbeina hvatningu til þess að einstaklingnum eða hópnum sem ummælin beinast gegn verði mismunað, það er að þeir njóti ekki ákveðinna réttinda sökum litarháttar, trúarbragða, kynhneigðar eða annarra þátta.“

Bjarney segir fordómafull ummæli lýsa skorti á þekkingu á hver takmörk tjáningarfrælsisins eru og hvaða lög og mannréttinda-ákvæði eru í gildi í landinu.

„Ég tel að oft séu fordómafull ummæli sett fram án þess að sá sem tjáir sig ígrundi þá ábyrgð sem það felur í sér. Tjáningarfrælsi er heimilt að takmarka vegna réttinda eða mannréttinda annarra og það telst til alþjóðlega viðurkenndra mannréttinda að njóta verndar gegn hatursorðræðu og að vera ekki mismunað. 233. grein í íslenskum hegningarlögum er fyrst og fremst sett fram til að vernda mannréttindi þeirra sem verða fyrir hatursorðræðu.“

MORGUNVERÐARFUNDUR 22. JANÚAR KL. 8.30-10

## Réttarstaða fyrirtækja og inngrip í rekstur



Derek Ridyard



Heimir Örn Herbertsson



Bergþóra Halldórsdóttir



Margrét Kristmannsdóttir

Í lögum er ríkinu heimilað að grípa til aðgerða gegn skipulagi fyrirtækja, taka gögn og ákveða viðurlög gegn meintum brotum.

**SA, í samstarfi við LEX lögmannsstofu, efna til morgunverðarfundar fimmtudaginn 22. janúar** til að ræða þessi mál en á fundinum verður staða mála á Íslandi borin saman við nágrannalöndin, m.a. í ljósi smæðar og sérstöðu markaðarins.

**Fundurinn fer fram á Icelandair hótel Reykjavík Natura kl. 8.30-10.00.**

Allir velkomnir, boðið verður upp á léttu morgunhressingu frá kl. 8.00.

➔ Skráning á [sa.is](http://sa.is)

**Frummælendur:**

**Derek Ridyard,** hagfræðingur og stofnandi RBB Economics í Bretlandi

**Heimir Örn Herbertsson,** hæstaréttarlögmaður hjá LEX lögmannsstofu


**Bergþóra Halldórsdóttir,** lögfræðingur hjá SA

Fundarstjóri: **Margrét Kristmannsdóttir,** varaformaður Samtaka atvinnulífsins



# Við bjóðum Tímaflakk á 108 sjónvarpsstöðvum – samkeppnin aðeins á 17 stöðvum



 TÍMAFLAKK Í SJÓNVARPI SÍMANS

17

Vodafone

108

Síminn

Fjöldi sjónvarpsstöðva með Tímaflakk

#### Láttu ekki sjónvarpsdagskrána stjórna þér

Tímaflakkið nýtur vaxandi vinsælda enda láta alltaf færri og færri dagskrá sjónvarpsstöðvanna stjórna lífi sínu. Í Sjónvarpi Símons er Tímaflakk á 108 stöðvum svo þú horfir hnökralaust á hvað sem þú vilt, hvenær sem þér hentar, heilan sólarhring aftur í tímann. Það er því engin furða að 70% aðspurðra segi að Sjónvarp Símons standi frammar helsta keppinautum sem býður aðeins upp á Tímaflakk á 17 stöðvum.\* Þú getur meira með Sjónvarpi Símons.

Komdu inn á [siminn.is/sjonvarp](http://siminn.is/sjonvarp) og skiptu yfir!

## Árið 2015 er alþjóðlegt ár jarðvegs hjá SP: Vilja verndun lands

**UMHVERFISMÁL** Þrír þingmenn Vinstri grænna hafa lagt fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um flokkun, vernd og skráningu ræktunarlands.

Tillagan miðar að því að upplýsingar um ræktunarland séu aðgengilegar öllum og að mótuð verði stefna um varðveislu ræktunarlands þannig að komist verði hjá því að því verði varið óskynsamlega eða því spillt.

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) hefur gert árið 2015 að alþjóðlegu ári



**FRJÓTT** Ræktunarland er takmörkuð gæði. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

jarðvegs og mun nota það tilefni til að vekja athygli á því hversu mikilvæg auðlind jarðvegur er fyrir mannkynið. - shá

# Guantanamo-fangi lýsir pyntingum

Dagbækur manns, sem enn er fangi í Guantanamo-búðunum, hafa nú komið út á bók. Þær voru skrifaðar árið 2005 en fyrir þremur árum fengu lögmenn hans leyfi til að fá þær afhentar. Engin áform eru um að gefa út ákærur á hendur honum.

**GUANTANAMO** Mohamedou Ould Slahi hefur verið fangi í Guantanamo á Kúbu frá því í júlí árið 2002. Árið 2010 komst dómari að þeirri niðurstöðu, að óhætt væri að láta hann lausan. Af því hefur enn ekki orðið. Sumarið 2005 skrifaði hann 460 blaðsíðna dagbók, sem nú er komin út á bók. Bandarísk stjórnvöld reyndu að koma í veg fyrir að dagbækurnar yrðu birtar, en töpuðu málaferlum gegn lögmönnum Slahis. Þeir fengu dagbækurnar afhentar og heimild til að gefa þær út, með því skilyrði þó að ýmsar upplýsingar yrðu strikaðar út.

Bæði breska dagblaðið The Guardian og þýska tímaritið Der Spiegel hafa birt útdrætti úr bókinni, en fyrir tæpum tveimur árum birtust einnig nokkrir útdrættir úr dagbókunum í bandaríska tímaritinu Slate.

Slahi skrifaði dagbækurnar á ensku, en tungumálið lærði hann af sjálfsdáðum í fangavistinni. Blaðamenn The Guardian segja skrifin sýna að hann sé „klár, hnyttinn, opinskár og merkilega óskemmdur“.

Í dagbókunum lýsir hann langdregnum yfirheyrslum, barsmíðum og pyntingum af ýmsu tagi. Meðal annars hafi sér verið hótad dauða og einnig hafi kvalarar hans hótad því að leita uppi móður hans. Í eitt



**FANGABÚÐ-IRNAR Í GUANTANAMO** Enn eru 122 menn þar í haldi og hafa verið þar í meira en áratug, flestir án dómsúrskurðar af nokkru tagi. NORDICPHOTOS/AFP

skipti hafi hann verið neyddur til að drekka saltvatn, síðan var farið með hann á hraðskreiðum bát út á haf þar sem hann hafi verið látinn leggjast á ís og barinn klukkustundum saman. Þá segist hann hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni af hálfu kvenkyns fangavarda. Einnig segir hann frá því að árið 2003 hafi honum verið meinað að fasta að síð múslima í föstumánuðinum ramadan. Næring hafi verið þvinguð ofan í hann. Á endanum hafi pyntingarnar haft þau áhrif að hann hafi játað á sig ýmsar sakir, sem ekkert var hæft í.

Slahi er frá Míritaníu, var handtekinn þar í nóvember árið 2001, fluttur til Amman í Jórdaníu, hafð-

ur þar í einangrun og yfirheyrður í meira en hálfu ári. Eftir það fluttu bandarískir leyniþjónustumenn hann til Bagram í Afganistan, þar sem hann var í hálfan mánuð þangað til farið var með hann til Guantanamo-búðanna á Kúbu.

Í yfirheyrslu árið 2003 segir hann sjálfur ekkert skritið að grunur hafi beinst að sér, þar sem frændi hans hafi verið samstarfsmaður Osama bin Laden og hann hafi tvisvar hjálpað þessum frænda sínum að flytja peninga frá Súdan til Míritaníu, í gegnum Þýskaland þar sem Slahi bjó þá. Hann neitar því hins vegar alfarið að hafa viljað taka þátt í hryðjuverkum.

gudsteinn@frettabladid.is

MENNINGARBORG EVRÓPU 2014


# R I G A

14. - 17. maí

Riga er meira en 800 ár gömul borg eða frá árinu 1201. Þar blandast saman miðaldarmiðbær og nútímaborg. Gamli borgarhlutinn með sinn sjarma og hefðbundin nútímaborg í hraðri þróun. Hvort sem það er menningin - söfn eða fallegar byggingar, listaviðburðir og verslanir með allt það nýjasta á góðu verði - þá finnur þú það í Riga.

Verð 98.900 kr. á mann í 2ja manna herbergi

**Innifalið:** Flug, skattar, hótél með morgunmat, íslensk fararstjórn, rúta til og frá flugvelli.



## Öryggisíbúðir Eirar til leigu Mosfellsbæ og Reykjavík.



Vandaðar öryggisíbúðir Eirar til leigu í Mosfellsbæ og Reykjavík.

**Eirborgir**, Fróðengi 1—11, Grafarvogi, Reykjavík.

**Eirarhús**, Hlíðarhúsum 3—5, Grafarvogi, Reykjavík.

**Eirhamrar**, Hlaðhömrum 2, Mosfellsbæ.

- Rólegt og notarlegt umhverfi með aðgengi að metnaðarfullri aðstöðu og þjónustu með það að markmiði að einstaklingurinn geti búið lengur heima.
- Öryggisvöktun allan sólarhringinn.
- Aðgengi að mótuneyti og félagsmiðstöð.
- Góðar gönguleiðir í næsta nágrenni.



Nánari upplýsingar í síma 522 5700 virka daga milli kl. 8 og 16



Eir, hjúkunarheimili og öryggisíbúðir, Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík. ☎ 522 5700 milli 8:00 og 16:00 virka daga.

  
Trans - Atlantic  
Sími 588 8900  
www.transatlantic.is



# Við bjóðum rúmlega 4.300 titla til leigu – keppinauturinn aðeins um 1.500



SKJÁRBÍÓ Í SJÓNVARPI SÍMANS

UM  
**1.500**  
Vodafone  
Leiga

YFIR  
**4.300**  
SkjárBíó

Fjöldi titla til leigu

#### Allir finna eitthvað við sitt hæfi í SkjárBíói

Við vitum að það getur verið erfitt fyrir fjölskylduna að velja mynd eða þátt til að leiga. Þess vegna veitir Sjónvarp Símanns aðgang að stærstu VOD-leigu landsins, SkjárBíói, sem statar af rúmlega 4.300 þáttum og bíómyndum sem þú getur leigt þegar þú vilt. Engin furða að 70% landsmanna segi að Sjónvarp Símanns standi framur helsta keppinautnum sem býður aðeins upp á um 1.500 titla samkvæmt talningu á heimasíðu hans.\* Þú getur meira með Sjónvarpi Símanns.

Komdu inn á [siminn.is/sjonvarp](http://siminn.is/sjonvarp) og skiptu yfir!

Ríkið ráðstafar sérmerktum tekjum þvert á reglur:

# Standu ekki við uppbygginguna

Líkt er á komið með núverandi ríkisstjórn og þeirri fyrri þegar kemur að umgengni um Framkvæmdasjóð aldraðra. Á síðustu fimm árum hefur stórkostlega miklum peningum verið ráðstafað til annarra verkefna en lög gera ráð fyrir. Framkvæmdasjóður aldraðra á það líkt með margumræddu útvarpsgjaldi að það er nefskattur, skattur sem leggst eins á alla skattskylda Íslendinga.

Ríkisvaldið hefur, á liðnum árum, varið stórum hluta tekna sjóðsins til verkefna annarra en framkvæmda. Í fimmtu grein laga um sjóðinn er talið upp til hvernig verkefna á að verja tekjum hans. Þar eru talin upp brýn verkefni, svo sem bygging þjónustumiðstöðva, dagvistar, dvalarheimila, sambýla og hjúkrunarheimila. Síðasti liðurinn kveður svo á um önnur verkefni sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu.

Ríkisvaldið, hvert sem það er á hverjum tíma, hefur tekið þúsundir milljóna frá þessum bráðnaðsynlegu verkefnum og notað þá peninga til annarra hluta. Óþarft á að vera að telja upp eða nefna hversu brýnt er að gera átak í þeim helstu verkefnum sem Framkvæmdasjóður aldraðra á að sinna, samkvæmt gildandi reglugerð.

Hefðu stjórnvöld ekki gerst svona fingralöng og hér hefðu verið til að mynda byggð hjúkrunarheimili en peningar ekki verið teknir af öldruðum, væri álagið mun minna á til dæmis Landspítalanum, en þekkt er að þar liggur gamalt fólk fast, þar sem engin úrræði eru til fyrir það fólk, það kemst ekki af sjúkrahúsinu. Segja má að þegar eyrnamerkir peningar eru notaðir til allt annarra hluta en á að gera, sé misfarið með þá peninga.

Annar nefskattur hefur verið í fréttum síðustu mánuði, það er útvarpsgjaldið og umræður um meðferð á þeim skatti hafa farið víða. Nú hefur verið tryggt, að á þessu ári, renna hærri fjárhæðir til Ríkisútvarpsins en dæmi eru um. Sama verður ekki sagt um aldraða og þeirra velferð. Þá skortir greinilega stuðning, þeir eiga ekki hollvini innan þings og utan. Þetta er til skammar. Við verðum að gera betur og hætta að taka eyrnamerka peninga úr uppbyggingu á hjúkrunarheimilum og dvalarheimilum og nota þá peninga til allt annarra hluta. Það er smán að þessu háttalagi.

Mestur hluti framkvæmdasjóðsins fer í húsaleigu víðsvegar um landið og rekstur öldrunarheimila. „Það er áhersluatriði hjá mér varðandi uppbyggingu hjúkrunarrýma að þessa fjármuni sem renna í rekstur fáum við til uppbyggingar nýrra hjúkrunarrýma,“ sagði Kristján Þór Júlíusson í samtali við Fréttablaðið. Frá árinu 2010 til 2014 hafa 8,2 milljarðar króna runnið í sjóðinn. 1.672 milljónum hefur verið úthlutað úr sjóðnum til verkefna sem hafa sótt í sjóðinn. Misnumurinn, um 6,5 milljarðar, fer í ýmsa hluti, svo sem rekstur stofnanarþjónustu, leigugreiðslur vegna hjúkrunarheimila og viðhalds öldrunarstofnana.

„Það er mjög slæmt að festa framkvæmdasjóð í klöfum rekstrarkostnaðar og geta ekki beitt sér í uppbyggingu nýrra hjúkrunarrýma,“ sagði Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Félags eldri borgara. Þessi staða er óásættanleg. Það verður að gera betur og fara verður að setta reglum, ekki síst æðsta stjórn ríkisins.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Kann Hagstofan að reikna?

Hagstofan hefur reiknað að hagvöxtur síðasta árs sé langtum minni en spáð hafði verið. Björn Valur Gíslason, varaformaður VG og varabingmaður, vakti máls á þessu á Alþingi í gær. „Til hvaða ráðstafana hyggst ríkisstjórn hægri flokkanna grípa til að snúa þessari þróun við?“ spurði Björn Valur og beindi spurningunni til Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra, sem svaraði að verið væri að fara yfir útreikninga Hagstofunnar og því sé óþarft að vera með svartsýni þess vegna, annað eigi eftir að koma í ljós. Svo er bara að biða og sjá hvort Hagstofan hafi skilað röngum útreikningum.



Tilfinningasamir menn

Áfram á sama stað. Björn Valur Gíslason sagði meðal annars: „Ég var að vitna í opinberar tölur um að hagvöxtur á Íslandi væri að mælast á fyrstu níu mánuðum ársins 0,5 prósent. Hvar hefur það komið fram að það yrði leiðrétt nema innan úr Stjórnarráðinu? Þetta eru bara tilfinningar hjá tilfinningasömum mönnum sem halda að hlutirnir séu öðruvísi en þeir eru.“ Forsætisráðherra hélt uppi vörnum og sagði að ýmsir aðilar hefðu farið yfir gögn Hagstofunnar og vinna við að meta hagvöxt benti til þess að að öllum líkindum væri skekkja í tölunum, „...að allar þessar áhyggjur háttvirts þingmanns eru ástæðulausar“.



Ráðherra vill hlífa Sprengisandi


Fyrstu orð Sigrúnar Magnúsdóttir á þingi í embætti umhverfisráðherra lutu að Sprengisandi þegar hún svaraði Steingrími J. Sigfússyni. „Ég er búin að segja að mér finnst hvorki rétt að leggja þarna malbikaðan veg né setja háspennulagnir yfir Sprengisand. Hins vegar finnst mér alveg geta komið til greina að við getum lagt þær í jörðu. Ég veit að það kostar mikið, en mér finnst eðlilegt að fyrirspyrjandi beini þessari fyrirspurn síðar til þeirra ráðherra sem fara með þetta eða eru með þetta á sínu verksviði,“ sagði nýr umhverfisráðherra, Sigrún Magnúsdóttir, á Alþingi í gær. sme@frettabladid.is

Sigurjón Magnús Egilsson



sme@frettabladid.is

HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Pránsón ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efnis blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**TILNEFND TIL 8 ÓSKARSVERÐLAUNA**  
**M.A. BESTA MYNDIN – BESTI LEIKARI Í AÐALHLUTVERKI**  
**BESTA LEIKKONA Í AUKAHLUTVERKI – BESTI LEIKSTJÓRI**

**“BENEDICT CUMBERBATCH IS OUTSTANDING”** RADIO TIMES  
**“AN INSTANT CLASSIC”** GLAMOUR

CHICAGO SUN-TIMES  
 TIME  
 GLAMOUR  
 TOTAL FILM

INSPIRING METRO  
 DIGITALSPY

THE INDEPENDENT  
 HEYU GUYS  
 RED

NEW YORK OBSERVER  
 ROLLING STONE  
 THE MIRROR  
 GRAZIA

“FASCINATING & THRILLING” RADIO TIMES  
 THE MIRROR

EMPIRE  
 ROGER EBERT  
 HELLO  
 “EXCEPTIONAL” ELLE

**“THE BEST BRITISH FILM OF THE YEAR”** THE INDEPENDENT

**BENEDICT CUMBERBATCH** BASED ON THE INCREDIBLE TRUE STORY OF ALAN TURING **KEIRA KNIGHTLEY**

**THE IMITATION GAME**

FRUMSÝND 23. JANÚAR

## Listin og tjáningarfrelsið

MENNING



Gunnar Hersveinn rithöfundur

Listin er máttarstólpi tjáningarfrelsis. Hún sækir orkuna í sköpunarkraftinn sem rennur í æðum fólks. Listafólk beitir gáfu sinni og skapar verk sem hafa form og öðlast merkingu þegar þau eru móttekin í samfélaginu. Listin ræktar lífið með hugrekki og hugsjónum og spyrnir gegn eyðileggingu.

Tjáningarfrelsið vill fara yfir landmæri án þess að vera með vegabréf og tilskilin leyfi. Það stekkur yfir aðskilnaðarmúra undir skothrið andstæðra skoðana. Tjáningarfrelsið er undir smásjá í öllum samfélögum. Viðbrögðin geta verið misunnarlaus þegar frelsið fer út fyrir tilsett mörk, þegar einhver ögrar með listinni og brýtur hin helgu vé. Listin ver mennskuna og særir engan nema þann sem móðgast og afhjúpast.

Allir geta verið fulltrúar tjáningarfrelsis, aðeins ef þeir vilja, en til að beita því og verja það þarf ævinlega hugrekki, hugmyndaflug og skilning á afleiðingum þöggunar. Sá sem gengur undir fána tjáningarfrelsis þarf að vera viljugur til að berjast fyrir frelsi annarra til að tjá skoðanir sínar.

Listafólki ætti alls staðar að vera frjálst að skapa þau verk sem það vill. Það hefur málfrelsi, ritfrelsi, myndfrelsi, tónfrelsi, hönnunarfrelsi, sviðslistarfrelsi, frelsi til að tjá sig án ótta og ritskoðunar og kúg-

unar, frelsi til að skapa óráð listaverk sem breyta samfélaginu.

Listafólk ruggar bátum og ruglar fólk í ríminu með verkum sínum, kemur því á óvart, opnar nýjar víddir og afhjúpar heimsku og þekkingarleysi. Listin gegnir þýðingarmiklu hlutverki í samfélaginu því listaverk geta leyst fólk úr spennitreyju ótta, kúgunar og fordóma. Listafólk nýtir tjáningarfrelsið m.a. til að vinna gegn ánaud annarra og andlegu ofbeldi sem þrífst í samfélögum.

En það er ekki nóg að hafa frelsi, listafólk þarf að fá tækifæri, tíma og aðstæður til að vinna. Tækifæri til að skapa og starfa við það sem það leggur metnað og alúð í. Flestallir þurfa að öðlast þekkingu og fá æfingu til að virkja sköpunarkraftinn á áhrifaríkan hátt.

Hvert samfélag þarf á öflugum listafólki að halda, hvert samfélag þarf að styðja við list og tjáningarfrelsi ef það vill dafna sjálft. Sá stuðningur er ríkulega og daglega endurgreiddur með mikilvægum gjöfum sem bæta samfélagið, því listin er hreyfing sem er linnulaust að störfum.

Það er sterkt samband milli listar og tjáningarfrelsis. Orðið listfrelsi sprettur umsvifalaust fram og það hrópar: „Verið ekki hrædd, notið frelsið til tjáningar með listrænum hætti. Ekki biða til morguns!“



# Næsti rektor Háskóla Íslands

Í apríl kjósa starfsmenn og nemendur Háskóla Íslands nýjan rektor. Rektor er æðsti stjórnandi skólans, hefur talsetu völd og ber ríka ábyrgð, hvort sem litið er til fjármála og innra starfs skólans, eða ásynðar hans og orðstírs út á við. Kjörgengir til rektors eru þeir umsækjendur sem Háskólaráð hefur metið hæfa til embættisins: hún/hann sé prófessor eða hafi sýnt með rannsóknum og kennslu hæfi til að gegna slíkri stöðu. Enn fremur skal hún/hann hafa „leiðtogafileika og skýra og metnaðarfulla framtíðarsýn fyrir háskólann, ríka samskiptahæfni og víðtæka reynslu af stjórnun og stefnumótun“. Háskólasamfélagið greiðir atkvæði um þau sem teljast embættisgeng. Atkvæði starfsmanna skólans sem hafa háskóla-próf gilda 60%, atkvæði stúdenta 30% en atkvæði annarra starfsmanna 10%. Ef enginn fær hreinan meirihluta atkvæða í fyrstu umferð er haldin önnur þar sem kosið er milli tveggja efstu. Að þessu loknu gerir Háskólaráð tillögu til menntamálaráðherra sem skipar rektor til fimm ára. Þrátt fyrir ýmsar takmarkanir,

## LÝÐRÆÐI



Torfi H. Tulinius  
prófessor

þæði á embættisgengi og vægi atkvæða eftir stöðu, er þetta nokkuð lýðræðislegt fyrirkomulag. Ég veit ekki betur en að það sé einsdæmi í íslensku samfélagi að starfsmenn stofnunar eða fyrirtækis kjósi sér leiðtoga með þessum hætti. Fyrir því eru sögulegar ástæður en líka mál-efnalegar. Háskólar urðu til á miðöldum sem sjálfstæð samfélög kennara og fræðimanna. Það er því löng hefð fyrir jafningjastjórnun, sem hefur borið ríkulega ávexti: háskólar hafa jafnan verið aflvakar framfara í vísindum og tækni og ekki síður vettvangur hugmyndalegrar nýsköpunar. Mikilvægt er að þeir sem vinna við að búa til nýja þekkingu og þjálfá nemendur í öguðum en jafnframt skapandi vinnubrögðum fræðimannsins finni fyrir frelsi og ábyrgð sem því fylgir. Þess vegna er við hæfi að þeir velji sér forystukonu eða -mann og öðlist með því hlutdeild í framtíð og örlögum skólans.

## Skert völd

Á undanförunum árum hefur verið þrengt að lýðræðishefð Háskólans. Áður var Háskólaráð skip-

að deildarforsetum, sem sjálfir voru kjörnir af starfsmönnum. Auk stúdenta, áttu þar m.a. sæti fulltrúar stéttarféлага. Nú eru í ráðinu fulltrúar ríkisvalds, stúdenta og fulltrúar sem kjörnir eru af Háskólaþingi þar sem sitja stjórnendur skólans og fáeinir starfsmenn, mismargir eftir deildum. Umboð þessara „fulltrúa háskólasamfélagsins“ er óljós-ara en það sem deildarforsetar höfðu áður. Starfsmenn kjósa enn um deildarforseta, en völd þeirra eru mjög skert. Þeir sitja ekki í Háskólaráði og yfir þá hafa

verið settir forsetar fræðasviða sem rektor ræður án kosningar. Loks eiga ráðningar akademískra starfsmanna sér ekki lengur stað eftir atkvæðagreiðslu í deild eins og áður var.

Í ljósi þess hve frelsi og ábyrgð starfsmanna í kraftmiklu þekkingarsamfélagi Háskólans eru þýðingarmikil, má spyrja hvort þessar breytingar séu til bóta. Rektorskjör er kærkomið tækifæri til að ræða þessi mál. Það verður tekið vel eftir því sem væntanlegir frambjóðendur hafa um þau að segja.

→ Mikilvægt er að þeir sem vinna við að búa til nýja þekkingu og þjálfá nemendur í öguðum en jafnframt skapandi vinnubrögðum fræðimannsins finni fyrir frelsi og ábyrgð sem því fylgir.

## Að ala á ótta!

Síðustu mánuði hefur mikið verið talað um „pólítíska jarðskjálfta“ í Evrópu. Í því samhengi er átt við niðurstöður kosninga til þings og sveitarstjórna, auk kosninga til Evrópuþingsins sem fram fóru í maí 2014, en þær sýna svo um munar að fylgi evrópskra kjósenda er að færast frá meginstraums- og miðjusæknum stjórnmálaflokkum og yfir á jaðarflokka.

## SAMFÉLAG



Sema Erla Serdar  
stjórnmála- og Evrópufræðingur

→ Íslensku samfélagi stafar ógn af öflum sem telja sig yfir aðra hafna vegna þjóðernis, kynþáttar, litarafts, trúarbragða, menningar eða annarra slíkra þátta.

Það er hins vegar ekkert í samanburði við þá umræðu sem hefur átt sér stað síðustu daga og ljóst er að uppgangur öfgafla er raunveruleiki á Íslandi rétt eins og víðar í Evrópu.

## Fjölmenningsamfélag

Fólk er nú í miklum mæli farið að óttast innflytjendur og áhrif þeirra á íslenskt samfélag. Fólk er í meiri mæli farið að horfa til möguleikans á hryðjuverkaárás á Íslandi og nú er búið að stofna samtök á Íslandi sem ætla að berjast gegn „íslamsvæðingu Evrópu“ án þess að nokkur ástæða sé til.

Að ala á ótta er elsta trixið í bókinni. Það er mikilvægt að bita ekki á agnið.

Íslenskt samfélag er og verður fjölmenningsamfélag. Slíkt samfélag á að byggjast á umburðarlyndi, kærleika, réttlæti, trúfrelsi og á að vera laust við alla mismunun. Íslensku samfélagi stafar ekki ógn af innflytjendum, fjölmenningu eða öðrum trúarbrögðum en við höfum hingað til kynnst. Íslensku samfélagi stafar ógn af öflum sem telja sig yfir aðra hafin vegna þjóðernis, kynþáttar, litarafts, trúarbragða, menningar eða annarra slíkra þátta.

Umræðan um innflytjendamál má ekki stjórna af slíkum hugmyndum. Það mun einungis leiða til sundrunar í samfélaginu. Umræðan um innflytjendamál verður að vera uppbyggileg, yfirveguð og sanngjörn auk þess sem hún þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu.

Það er þannig sem við sigrumst á öfgunum. Það er þannig sem við aðlögunumst öll nýju fjölmenningsamfélagi. Ekki með ótta eða hatri.

## EKKERT PINN ENGIN HEIMILD

Nú verður þú að nota pinnið. Frá og með **19. JANÚAR** kemur græni takkinn á posanum ekki lengur til hjálpar ef þú manst ekki pinnið þitt. Ef þú staðfestir ekki með pinni þá áttu á hættu að fá ekki heimild fyrir greiðslunni.

Vertu klár með pinnið.



## UNDANTEKNINGAR

- Ef þú getur ekki notað pinnið vegna fötlunar eða af heilsufarsástæðum skaltu ræða við útgefanda kortsins, banka eða sparisjóð. Útgefendur greiðslukorta eiga sértækar lausnir sem kunna að gagnast þér.
- Ef kortið þitt er án örgjörva skrifar þú áfram undir greiðslukvittun.

www.pinnid.is



PINNIÐ  
Á MINNIÐ

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á [greinar@visir.is](mailto:greinar@visir.is) og við komum henni á framfæri hið snarasta.

21. JANÚAR 1940

## Einar Benediktsson andast

Pennan dag fyrir 75 árum lést skáldið Einar Benediktsson á heimili sínu í Herdísarvík, þá 75 ára að aldri.

Faðir Einar var Benedikt Sveinsson, alþingismaður og sýslumaður, og móðir hans hét Katrín Einarisdóttir og var húsmóðir. Einar gekk í Lærða skólann í Reykjavík þar sem hann útskrifaðist árið 1884. Því næst nam hann lögfræði og útskrifaðist úr Hafnarháskóla 1892.

Einar var athafnasamur maður alla tíð. Stofnaði fyrsta dagblað Íslands, Dagskrá, árið 1896, sem studdi Heimastjórnarflokkinn. Hann átti þátt í að koma á laggirnar fyrstu loftskeytastöð landsins árið 1906 og stofnaði ásamt öðrum Fossafélagið Títan 1914 til athugunar á því hvort arðbært væri að byggja virkjanir

við Þjórsá. Ekkert varð úr þeim fyrirætlunum fyrr en um hálfri öld seinna þegar Búrfellsvirkjun var byggð.

Á árunum 1907-21 ferðaðist Einar mikið erlendis, meðal annars til Noregs, Skotlands og Danmerkur auk þess að eyða sjö árum í London. Hann sneri endanlega aftur heim til Íslands árið 1921 og bjó í Reykjavík næstu árin, þó svo að hann hafi oft verið langdvölum erlendis, meðal annars í Þýskalandi, á Spáni og í Norður-Afríku. Þá lét hann fara fram rannsóknir á námum í Miðdal, til þess að skoða möguleikana á málmvinnslu og sementsframleiðslu. Síðustu átta árum ævi sinnar eyddi Einar í Herdísarvík í Selvogi í Árnessýslu. Hann dó þar 1940, og var grafinn í heiðursgrafreit á Þingvöllum.



✝

Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÚN HULD JÓNSDÓTTIR**

lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 16. janúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 23. janúar kl. 13.00.

Haukur Þórðarson  
Guðbjörg J. Sigrúnardóttir  
Guðmundur Hannesson  
Kristlaug S. Sveinsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HELGA BRYNJÓLFSDÓTTIR**  
Brekustíg 17, Reykjavík,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 7. janúar. Útför hennar fer fram frá Neskirkju föstudaginn 23. janúar kl. 13.00.

Þórhallur Eypórsson  
Guðrún Eypórsdóttir  
Ragnar Eypórsson  
Rósa Gísladóttir  
Leifur Aðalsteinsson  
Valgerður Jónasdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

✝

Innlegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar og tengdamóður,

**HJÖRDISAR SELMU**  
SIGURÐARDÓTTUR

Sérstakar þakkir sendum við sr. Valgeiri Ástráðssyni og starfsfólki Eyrarbakkaakirkju. Einnig þökkum við starfsfólki hjúkrunarheimilisins Sóltúns í Reykjavík hlýhug og góða umönnun.

Björgvin Konráðsson  
Jónína Konráðsdóttir  
Konny Breiðfjörð Leifsdóttir  
Hinrik Sigurjónsson  
Jessica Sigurjónsson  
Friðrik Sigurjónsson  
Sigurbjörg Árnadóttir  
Gunnar Gunnarsson  
Einar Grétar Einarsson  
Puríður Gunnarsdóttir

✝

Yndisleg móðir okkar,

**SIGRÍÐUR ÞÓRÐARDÓTTIR**  
frá Norðfirði,

sem lést 3. janúar sl., verður jarðsungen frá Langholtskirkju fimmtudaginn 22. janúar kl. 13.00.

Inga Rúna Sæmundsdóttir  
Kolbrún Sæmundsdóttir  
Auður Stefanía Sæmundsdóttir  
Sigurður Rúnar Sæmundsson

✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**GUÐRÚN BRÍET GUÐLAUGSDÓTTIR**  
(BÍBÍ)  
hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð,

lést 13. janúar. Hún verður jarðsungen frá Kópavogskirkju föstudaginn 23. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð.

Jónas G. Ólafsson  
Valgerður Jónasdóttir  
Ólína J. Jónasdóttir  
Jónas Jónasson  
Órn Gíslason  
Páll Andrésón  
Alda Harðardóttir  
og fjölskyldur.

✝

Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**GUÐNI BIRGIR SVAVARSSON**  
bívélavirki, Vættaborgum 8a,  
(áður Ljósavík 52),

lést á Grensásdeild Landspítalans mánudaginn 12. janúar sl. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 22. janúar nk. kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Heilavernd, sími: 588 6866.

Kristín Guðrún Ólafsdóttir  
Elín Hrund Guðnadóttir  
María Björk Guðnadóttir  
Mikael Máni, Karen Dögg, Kristian Helgi, Alexander Guðni og Elvar Breki

✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SÆMUNDUR HÖRÐUR BJÖRNSSON**  
fyrirv. flugumsjónarmaður,  
Háholti 16, Hafnarfirði,

lést mánudaginn 19. janúar á Landspítalanum í Fossvogi.

Eyjólfur Þór Sæmundsson  
Gunnar Hörður Sæmundsson  
Þórey Ósk Sæmundsdóttir  
Gerður Sigurðardóttir  
Sigríður Björg Stefánsdóttir  
Friðbjörg Helgi Karlsson  
barnabörn og barnabarnabörn.

✝

Ástkær móðir okkar, amma og tengdamóðir,

**MARGRÉT HALLDÓRA**  
KRISTINDÓTTIR

lést á líknardeild Landspítalans föstudaginn 16. janúar. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 27. janúar kl. 13.00.

Bryndís Eriksdóttir  
Kristinn Eriksón  
Alma Dögg og Ívar  
Beverly Chase

✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**NÍELS PÉTUR BERGPÓR**  
SVANHOLT BJÖRGVINSSON  
frá Krossavík í Þistilfirði,  
Brekustíg 16, Sandgerði,

lést á hjúkrunarheimilinu Nesvöllum í Reykjanessbæ miðvikudaginn 15. janúar. Útför Nielsar fer fram frá safnaðarheimilinu í Sandgerði mánudaginn 26. janúar kl. 13.00.

Ágústa Þórey Haraldsdóttir  
Rakel K. Svanholt Nielsdóttir  
Helga Nielsdóttir  
Valborg F. Svanholt Nielsdóttir  
börn og barnabörn.

✝

Elskuleg móðir okkar, fösturmoðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**ELÍN SIGURÐARDÓTTIR**  
Dalbraut 27, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 16. janúar. Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 23. janúar kl. 11. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnst hennar er bent á Blindrafélagið.

Sóldís Björnsdóttir  
Sigurður Björnsson  
Björn Björnsson  
Rúnar Ágústsson  
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.  
Svavar Tjörfason  
Halldóra Guðmundsdóttir  
Heiðrún Jóhannsdóttir  
Ingibjörg Karlsdóttir  
barnabörn og langömmubörn.

✝

Bróðir minn og mágur,

**ÍVAR ARNAR BJARNASON**

lést á heimili sínu í Svíþjóð 18. desember. Útförin hefur farið fram.

F.h. aðstandenda,  
Valgerður B. Hassing  
Jón Hassing

✝

Elskulegur bróðir okkar og mágur,

**JÓNAS JÓHANSSON**  
Suðurláti 24, Reykjavík,

andaðist á líknardeild Landspítalans mánudaginn 19. janúar.

Kristín Jóhannsdóttir  
Guðjón Jóhannsson  
Sigrún Jóhannsdóttir  
Böðvar Þorvaldsson  
Hrefna Bjarnadóttir  
Ingólfur Karlsson

✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HELGA KRISTÍN ÞÓRARINSDÓTTIR**  
Forsæti II, Flóahreppi,

andaðist á Fossheimum á Selfossi sunnudaginn 11. janúar. Jarðarförin fer fram frá Selfoskirkju laugardaginn 24. janúar kl. 13.00. Jarðsett verður í Villingaholtskirkjugarði. Þeir sem vildu minnst hinnar látnu vinsamlegast láti Vinafélag Ljósheima og Fossheima njóta þess.

Guðbjörg Þ. Gestsdóttir  
Kristján Gestsson  
María Gestsdóttir  
Valgerður Gestsdóttir  
Lárus Gestsson  
Práinn Elíasson  
Anna Guðbergsdóttir  
Böðvar Sverrisson  
Bjarki Reynisson  
Elísabet Pálsdóttir  
og fjölskyldur.

✝

Þökkum innilega auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar

**GUNNLAUGS R. JÓNSSONAR**  
frá Neðri-Svertingsstöðum í Miðfirði,  
Hjallabrekku 43.

Kristrún Ásgrimsdóttir  
Sigfríður Gunnlaugsdóttir  
Eiríkur Gunnlaugsson  
Ása Gunnlaugsdóttir  
Hólmfríður Ýr Gunnlaugsdóttir  
Kristrún Ingunn og Sif Celeste  
Sveinn A. Reynisson  
Ólafur Rögnvaldsson

✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**DÝRLEIF JÓNÍNA TRYGGVADÓTTIR**  
Gnoðarvogi 34, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 13. janúar. Útför fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 23. janúar kl. 15.

Guðlaugur Tr. Óskarsson  
Baldvin Páll Óskarsson  
Sigurlín Rósa Óskarsdóttir  
Óskar Jósef Óskarsson  
Anna Elín Óskarsdóttir  
Ingólfur Ástmarsson  
barnabörn og langömmubörn.  
Þorbjörg Árnadóttir  
Sveinn Jóhannsson  
Inga Fjóra Baldursdóttir  
Rúnar Sigurjónsson  
Randi E. Logadóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@365.is](mailto:timamot@365.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.

OYSTER PERPETUAL  
YACHT-MASTER II



ROLEX



MICHELSEN  
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - www.michelsen.is

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 21. janúar 2015 | 3. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

VIÐ KOMUM  
VIÐA VIÐ!



Guðjón Ó  
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN

# 118 MILLJARÐAR

## Samanlögð árleg velta Haga verslana, Kaupáss og Samkaupa

	Hagar verslanir	Kaupás	Samkaup
Vörusala	71.919.000.000 kr.	25.138.783.000 kr.	21.358.687.113 kr.
Framlegð af vörusölu	15.397.000.000 kr.	4.560.754.000 kr.	4.794.298.185 kr.
Rekstrarhagnaður	4.090.000.000 kr.	690.198.000 kr.	517.958.392 kr.
Hagnaður	3.073.000.000 kr.	501.132.000 kr.	296.375.336 kr.
STÖÐUGILDI	1.017	365	498

## Nýtt verkefni í Afríku

Íslenska fyrirtækið Creditinfo hefur verið valið til að stýra miðlun fjárhagsupplýsinga í Vesturafrikska myntbandalaginu. Átta þjóðir í Vestur-Afríku standa að bandalaginu en íbúar þess eru ríflega 100 milljónir.

Reynir Grétarsson, forstjóri Creditinfo Group, segir að um 100 lönd í heiminum vanti lánshæfikerfi. „Við stefnum á að setja upp kerfi í 13 af þeim löndum,“ segir Reynir.

→ SÍÐA 2



## Samningur nýtist ekki öllum

Fríverslunarsamningur Íslands og Kína sem tók gildi í fyrrasumar nýtist bara verslunum sem fá varning sinn beint frá Kína. Velflestar smærri verslanir fara á mis við ávinninginn af fríversluninni og búa við skarðan hlut og aukna samkeppni, að sögn Svövu Johansen, stofnanda og eiganda NTC. Hún segist lítið finna fyrir áhrifum aukinnar pósthverslunar við Kína eftir gildistöku fríverslunarsamningsins.

→ SÍÐA 4

## Kennir börnunum að veiða

Pétur Thor Gunnarsson er nýr sölu- og markaðs- stjóri Sælgætisgerðarinnar Freyju. „Þetta er í fyrsta skipti sem ég dýfi tánum í markaðsfræðina sem starf. Ég þekki hins vegar söluhlutann vel og kynntist svo sem markaðsfræðinni aðeins í gegnum sölustjórstörfin. En þetta er í fyrsta skipti sem ég fæ að takast á við hana beint í starfi og ég hlakka mikið til þess,“ segir Pétur.

Pétur tók við starfinu í síðustu viku en áður starfaði hann sem sölu- og rekstrarstjóri hjá Ölgerðinni.

→ SÍÐA 8



## STJÓRNAR- MADURINN

@stjornarmadur

Eitt greinir íslenska stjórnendur frá erlendum kollégum þeirra og það er sú tilhneiging að tjá sig um og velta fyrir sér pólitík í tíma og ótíma.

→ SÍÐA 12



## HEIMSKLASSA HLJÓMFLUTNINGUR

Pioneer  
HLJÓMTÆKI



BÍLGEISLASPILARI DEH-1600UB/UBB  
4X50 Mosfet magnari · Útvarp með 24 stöðva minni ·  
Spilar: CD, MP3, WMA WAV · USB og Aux-in að framan.

Verð: **14.500,-**



BÍLGEISLASPILARI DEH-4600BT  
4X50 W MOSFET magnari · Útvarp með 24 stöðva minni.  
AUX og USB tengi á framhlið · EQ, Tónstíllir fyrir bassa, mið- og hátóna · Spilar MP3,  
WMA, WAV, CD-R/RW · iPod í gegnum USB (snúra fylgir ekki) · Bluetooth (mic fylgir)  
Hægt að streyma tónlist þráðlaust í tækið

Tilboðsverð: **22.900,-**

Úrval af  
gæðahátölurum  
frá Pioneer

Veldu vandað – það borgar sig alltaf.



Best í bílinn ...

ORMSSON

- fyrir heimilin í landinu

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · [www.ormsson.is](http://www.ormsson.is) · Verslanir og umboðsmenn um land allt

# Sjálfala bankakerfi hamlar uppbyggingu

Skjóðan

**ÞAÐ VAKTI ATHYGLI** á dögnum, skömmu eftir að peningastefnu-nefnd Seðlabanka Íslands lækkaði stýrivexti bankans sem notaðir eru á innlán viðskiptabanka í Seðlabankanum, að Arion banki skyldi tilkynna hækkun á nafnvöxtum verðtryggðra útlána. Hækkunin nam hálfu prósentustigi sem er á bilinu 11-13 prósent hækkun. Innlánsvextir hækkðu ekki og því jók bankinn vaxtamun sinn.

**ÍSLENSKIR BANKAR** hafa lengi legið undir ámæli fyrir að selja þjónustu sína dýrt. Vaxtamunur er mun hærri en þekkt í nágrannalöndum og raunvextir hafa um árabil verið margfaltir þegar borið er saman við önnur lönd í okkar heimshluta. Við þetta bætist að bankarnir hafa á undan-

förnum árum og misserum stórhækkun á þjónustugjöld sín auk þess sem dregið hefur verið úr þjónustu og útibúum fækkað.

**FJÁRMAGNSKOSTNAÐUR** íslenskra fyrirtækja er margfaldur þegar horft er til alþjóðlegs samanburðar. Þetta dregur úr samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og íslenska hagkerfisins í heild. Hár fjármagnskostnaður stendur í vegi fyrir nauðsynlegum fjárfestingum og uppbyggingu. Fyrir vikið nær íslenskt atvinnulíf ekki að skapa nægilega mörg störf.

**ALKUNNA ER** að atvinnuleysi hér á landi er dulbúið með ýmsum hætti. Opinberar atvinnuleysistöður segja aðeins hluta sögunnar. Fjöldi Íslendinga hefur á undanföllum árum horfið af vinnumarkaði. Margir hafa

flutt úr landi en aðrir hafa hrökklast af atvinnuleysisbótum yfir á forsjá sveitarfélaga. Þúsundir eru skráðir öryrkjar. Ónóg fjárfesting og vanmáttug atvinnusköpun skýrir þessa þróun að hluta. Ríki og sveitarfélög verða af skatttekjum og lenda í miklum útgjöldum vegna stækkandi hóps fólks á besta aldri sem virðist ekki eiga afturkvæmt á vinnumarkað.

**STÓR HLUTI VANDANS** stafar af skorti á samkeppni á íslenskum bankamarkaði. Gjaldeyrishöft loka íslenska hagkerfi af og inni í þessu lokaða hagkerfi er svo bankakerfi, sem er svo þungt á fóðrum að ekki duga því minna en margfalt útlánsvextir á við önnur lönd. Engir erlendir bankar starfa hér á landi og varla er breytinga á því að vænta á meðan hér er í notkun minnsti gjaldmiðill í heimi.

Verðtrygging á að tryggja lánveitendum að útlán þeirra beri ávallt jákvæða raunvexti. Í verðtryggingu felst gríðarlegt öryggi fyrir lánveitendur sem ætti að endurspeglast í mjög lágum nafnvöxtum. Það skýtur því skökku við að nafnvextir verðtryggðra lána skuli hækkadur þegar verðbólga kemst loks niður fyrir verðbólguþröng Seðlabankans. Voru vextirnir þó fyrir talsvert hærri en óverðtryggðir vextir í nágrannalöndum Íslands.

**VEXTIR OG ÞJÓNUSTUGJÖLD** íslenskra banka eru kennslubókardæmi um bankakerfi sem líður fyrir skort á samkeppni. Þar sem bankar ganga sjálfala og ákveða vexti að vild ríkisráðgjafna.

**SKJÓÐAN** er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

7

**Á UPPLÉIÐ**  
Félög sem lækkuðu í verði

7

**Á NIÐURLEIÐ**  
Félög sem lækkuðu í verði

0

**STÓÐU Í STAÐ**  
Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**ÖSSUR**  
9,4% frá áramótum

**HB GRANDI**  
2,7% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**BANK NORDIC**  
-2,9% frá áramótum

**BANK NORDIC**  
-2,9% í síðustu viku

### Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordic (DKK)	101,0	-2,9%	-2,9%
Eimskipafélag Íslands	238,00	0,4%	-1,4%
Fjaraskipti (Vodafone)	37,90	8,3%	1,5%
Hagar	43,20	6,8%	0,7%
HB Grandi	36,50	8,0%	2,7%
Icelandair Group	22,85	6,8%	-1,5%
Marel	142,50	3,3%	-1,7%
N1	23,40	0,9%	-1,5%
Nýherji	5,05	-2,5%	-1,0%
Reginn	14,50	7,0%	0,3%
Sjóvá	11,72	-1,9%	-0,8%
Tryggingamiðstöðin	27,55	4,8%	2,2%
Vátryggingafélag Íslands	9,16	1,2%	0,3%
Össur	395,00	9,4%	1,3%
<b>Úrvalsvisitalan OMX18</b>	1.374,59	4,9%	-0,5%
<b>First North Iceland</b>			
Century Aluminum	3.300,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	22,90	1,3%	1,8%
Sláturfélag Suðurlands	1,85	0,0%	0,0%

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan  
dagatal viðskiptalífsins

**MIÐVIKUDAGUR 21. JANÚAR**

**Fasteignaskrá** Upplýsingar um

leiguverð húsnæðis

**Hagstofan** Vinnumarkaður í

desember 2014

**FIMMTUDAGUR 22. JANÚAR**

**Hagstofan** Vísitala kaupmáttar

launa í desember 2014

**Hagstofan** Mánaðarleg launa-

visitala í desember 2014

**Hagstofan** Vísitala lífeyrisskuldbind-

inga í desember 2014

**FÖSTUDAGUR 23. JANÚAR**

**Lánamál ríkisins** Útboð ríkisbréfa

2015

**ÞRIÐJUDAGUR 27. JANÚAR**

**Fasteignaskrá** Viðskipti með

atvinnuhúsnæði í desember 2014

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

Vissir þú að...

holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

# Creditinfo semur um nýtt verkefni í Afríku

*Umsvif Creditinfo aukast með samningi sem gerður hefur verið um miðlun fjárhagsupplýsinga í Vesturafrísku myntbandalaginu.*

Íslenska fyrirtækið Creditinfo hefur verið valið til að stýra miðlun fjárhagsupplýsinga í Vesturafrísku myntbandalaginu. Átta þjóðir í Vestur-Afríku standa að bandalaginu en íbúar þess eru ríflega 100 milljónir.

Seðlabanki Vestur-Afríkurríkja stóð fyrir útboði um einkarekið lánshæfiskerfi sem uppfyllti alþjóðlega staðla, fyrir átta aðildarríki Vesturafrísku myntbandalagsins í fyrra. Sérfræðingar á vegum Alþjóðabankans (World Bank) aðstoðuðu við útboðið og val á fyrirtæki. Í lok árs 2014 var svo tilkynnt að Creditinfo og samstarfsaðili þess hefðu verið valin.

Reynir Grétarsson, forstjóri Creditinfo Group, segir að Creditinfo hafi unnið fimm af síðustu stóru útboðum sem fyrirtækið hefur tekið þátt í. Öll hafi þau verið í þróunarlöndum og yfirleitt skipulögð af Alþjóðabankanum eða Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Í Vestur-Afríku var Þróunarbanki Afríku einn þeirra aðila sem studdu umsókn Creditinfo. Skrifað var upp á samning um innleiðingu Creditinfo á lánshæfismatskerfi í Suður-Súdan, en sá samningur hljóðaði upp á 3,3 milljónir dollara, eða um 435 milljónir kóna á núverandi gengi, í ágúst 2014.

Reynir segir stofnanir í þróunarsamvinnu í auknum mæli horfa til uppbyggingar tæknilegra innviða, ekki síst í fjármálakerfum. Það bæti aðgengi fólks og fyrirtækja að fjármagni. „Slík



**FORSTJÓRINN** Reynir Grétarsson segir að stefnan sé sú að Creditinfo verði með lánshæfismatskerfi í 50 löndum árið 2020.

kerfi eru nauðsynlegur hluti fjármálakerfa og án þeirra er erfitt að stunda nokkra lánastarfsemi. Alþjóðlegar stofnanir eru að leiða þróun á þessu sviði með ráðgjöf og fjármögnun," segir hann.

Reynir segir að um 100 lönd í heiminum vanti lánshæfiskerfi. „Við stefnum á að setja upp kerfi í 13 af þeim löndum. Við teljum það

ekki óraunhæft miðað við niðurstöður í útboðum síðustu tveggja ára. Markmiðið er að vera í 50 löndum árið 2020," segir Reynir.

Löndin sem tilheyra Vesturafrísku myntbandalaginu eru Senegal, Fílabeinsströndin, Malí, Níger, Búrkína Fasó, Tógó, Benín og Gínea-Bissá.

johnhakon@frettabladid.is

**RV skrifstofuvörutilboð**  
Janúar - febrúar 2015

**STAPLES** **MILAN**

**RV - birginn þinn**  
í skrifstofuvörum og daglegum rekstrarvörum

**STAPLES**

**Bréfabindi 5cm eða 8 cm**  
398 kr

**Ljósritunarpappír 5 x 500 bl.**  
Frá 2.999 kr

**Rekstrarvörur**  
- fyrir þig og þinn vinnustað

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • sala@rv.is • rv.is

# STÓRÚTSALA

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

FARTÖLVUR • SPJALDTÖLVUR • TÖLVUSKJÁIR  
BORÐTÖLVUR • PRENTARAR • TURNKASSAR • SKJÁKORT  
MINNISLYKLAR • HARÐIR DISKAR • FARTÖLVUTÖSKUR • MÓÐURBORÐ  
FLAKKARAR • SSD DISKAR • NETBÚNAÐUR • SJÓNVARPSFLAKKARAR  
HÁTALARAR • ÍHLUTIR • VIFTUR • VEFMYNDAVÉLAR • GEISLADISKAR  
VEFMYNDAVÉLAR • LYKLABORÐ • MINNISKORT • SKANNAR • STÝRIPINNAR  
HLJÓÐNEMAR • KÆLINGAR • MÚSAMOTTUR • VINNSLUMINNI • HÝSINGAR • SKRIFARAR  
MARGMIÐLUNARSPILARAR • SKRIFARAR • MÝS • HLJÓÐKORT • TÖLVULEIKIR OG FLEIRA

## ENN MEIRI LÆKKUN Á LAGFÆRÐUM FARTÖLVUM MEÐ 2 ÁRA ÁBYRGÐ!

**15,6" LAGFÆRÐAR  
FARTÖLVUR FRÁ 39.990!**

**AFSLÁTTARVEISLA**



**1.000 TÖLVUR  
OG TÖLVUVÖRUR!**

tl.is

**TÖLVU  
LISTINN**



**REYKJAVÍK**  
SUDURLANDSBRAUT 26  
Sími 414 1700

**AKUREYRI**  
GLERÁRGÖTU 30  
Sími 414 1730

**HÚSAVÍK**  
GARÐARSBRAUT 18A  
Sími 464 1600

**EGILSSTAÐIR**  
KAUPVANGI 6  
Sími 414 1735

**KEFLAVÍK**  
HAFNARGÖTU 90  
Sími 414 1740

**SELFOSS**  
AUSTURVEGI 34  
Sími 414 1745

**AKRANES**  
ÞJÓÐBRAUT 1  
Sími 431 3333

**HAFNARFJÖRÐUR**  
REYKJAVÍKURVEGI 66  
Sími 414 1750

Áhrifa aukinnar póstverslunar við Kína eftir gildistöku fríverslunarsamnings í fyrrasumar virðist lítið gæta á markaði með tiskuföt að sögn eiganda NTC:

# Fríverslun við Kína nýtist ekki smærri verslunum

## VERSLUN

Óli Kristján Ármannsson | olikr@frettabladid.is

Fríverslunarsamningurinn við Kína sem gildi tók í fyrrasumar nýtist flestum minni verslunum alls ekki. Á þetta bendir Svava Jóhansen, stofnandi og eigandi NTC, sem á og rekur fjölda tiskuverslana. Svava segir að til þess að ná fram þeirri 15 prósentu lækkun á vöruverði sem samningurinn eigi að skila verði verslanir að flytja sjálfar inn beint frá Kína.

„Allur okkar varningur er merkjavara í ódýrari og meðalverðum og svo dýrari,“ segir hún. Hluti af framleiðslunni sé framleiddur fyrir NTC og sendur beint og það skili sér í lægra verði og meiri sölu hér heima. En hafi framleiðslan viðkomu í Evrópulandi á leiðinni hingað þá leggist á hana

tvöfaldur tollur; fyrst tollur ESB á varning frá Kína og svo tollur aftur á Íslandi á varning frá ESB. „Ég hefði gjarnan viljað sjá afnumda tolla þegar varan fer í gegn um Evrópu,“ segir Svava. „Fríverslunin við Kína er eiginlega bara fyrsta skrefið, en nýtist flestum minni verslunum og minni fyrirtækjum alls ekki. Þetta nýtist okkur hins vegar því við erum að láta framleiða töluvert fyrir okkur sjálf.“ Minni fyrirtækin séu í raun verr stödd því þau þurfi í kjölfarið að kljást við meiri samkeppni.

Hvað varðar kaup á fatnaði frá Kína í tengslum við vefverslanir á borð við AliExpress segist Svava ekki hafa orðið vör við að þau við-

skipti hafi haft áhrif á verslanir NTC. Netverslun færast hins vegar í vöxt eins og fyrirtækið finni sjálft fyrir með tilkomu eigin vefverslunar fyrir skömmu. Hún hafi verið stigvaxandi og sendar séu vörur á höfuðborgarsvæðinu og um allt land. „Ég held að fólk úti á landi sé komið lengra í að versla á netinu, sérstaklega ef það býr þar sem langt er í stærri verslanir,“ segir hún og eins finnst sumum betra að spara tíma og panta sér hluti á netinu.

„Það er hins vegar örugglega heilmikið keypt frá Kína eins og tölur frá Póstinum sýna,“ segir Svava og telur eflaust um einhverja samkeppni að ræða við sínar verslanir, en svo geti líka verið að fólk sé frekar að kaupa barnaföt og annan varning sem ekki sé til hjá verslunum NTC.

Svava segir að enn sem komið er sé samkeppni frá verslunarferð-



SVAVA JOHANSEN




**Í KÍNA**  
Starfsmaður Alibaba, sem á póstverslunina AliExpress, á vappi um sam-eiginlegt rými starfsmanna í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Hangzhou í Kína.

NORDICPHOTOS/AFP

um fólks til útlanda sterkari þegar kemur að fatnaði. Því sé til dæmis fleygt að 40 prósent íslenskrar barnafataverslunar eigi sér stað utan landsteinanna og 20 prósent fataverslunar. Þar eigi verslanir H&M stóran hlut.

Dagný Jónsdóttir, sem í fyrravor skrifaði meistararitgerð í lögfræði við Háskólann í Reykjavík um fríverslun við Kína, segir þakka þurfa að millilenda á tollfrú svæði í Evr-

ópu, eigi fríverslunin að skila sér, fari sendingar ekki beint hingað frá Kína. „ESB er ekki með fríverslunarsamning við Kína,“ segir hún. Því fari eftir tollareglum hverju sinni hvaða álögur leggist á vörurnar. Hins vegar séu í gangi viðræður á milli Evrópu og Kína um fríverslun, en slíkir samningar séu misviðtækir og því erfitt að geta sér til um möguleg áhrif hans náist saman.



## AÐALFUNDUR NÝHERJA HF.

föstudaginn 13. febrúar kl. 16.00  
í ráðstefnusal félagsins Borgartúni 37

### Dagskrá fundarins

1. Venjuleg aðalfundarstörf skv. 4.13. gr. í samþykktum félagsins.
2. Tillaga um heimild félagsins til kaupa á eigin hlutum sbr. 55. gr. hlutafélagalaga.

### Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og kosning

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar með nægilegum fyrirvara til að unnt sé að tilkynna málið á dagskrá sem lögð verður fram viku fyrir fundinn. Þannig skulu óskir hluthafa liggja fyrir eigi síðar en kl. 16.00 föstudaginn 6. febrúar 2015.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar. Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað. Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta:

- a) veitt öðrum skriflegt umboð eða
- b) greitt atkvæði skriflega.

Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér á heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu og form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

### Aðrar upplýsingar

Öll skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn, þ.m.t. ársreikningur félagsins og tillögur stjórnar, eru hluthöfum tiltæk á heimasíðu félagsins frá og með 30. janúar 2015. Endanleg dagskrá verður birt á heimasíðu félagsins viku fyrir fundinn, 6. febrúar 2015. Hluthöfum er bent á að skv. 63. gr. hlutafélagalaga skal tilkynna skriflega, minnst fimm dögum fyrir hluthafafund, um framboð til stjórnar. Tilkynnt verður um framboð til stjórnar á heimasíðu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn.

Reykjavík, 20. janúar 2015,  
stjórn Nýherja hf.

Allar nánari upplýsingar um aðalfundinn  
er að finna á [www.nyherji.is](http://www.nyherji.is).

BORGARTÚNI 37  
SÍMI 569 7700  
WWW.NYHERJI.IS



**Í GAGNAVERI ADVANIA** Advania vinnur með Microsoft að uppsetningu skýjaumhverfis. Með aðgangi fyrirtækja að forritum og gögnum í skýi segir Advania kostnað þeirra fara úr því að vera fjárfestingakostnaður og hann verði í staðinn fyrirsjáanlegur rekstrarkostnaður. FRÉTTABLAÐID/GVA

# Advania eitt 20 fyrstu með skýjalausnina

*Advania er með fyrstu fyrirtækjum heims til að fá Cloud OS vottun Microsoft. Tækifæri fyrir viðskiptavinum Advania og fyrirtækið sjálft á Norðurlöndum og hér heima.*

### UPPLÝSINGATÆKNI

Óli Kristján Ármannsson | olikr@frettabladid.is

Advania á Íslandi er eitt 20 fyrirtækja í heiminum sem vinna með Microsoft að uppsetningu umhverfis tölvuskýja þar sem fyrirtækjum er boðin vistun og hýsing á bæði forritum og gögnum. Fyrirtækið varð ofan á í vali Microsoft þar sem margir voru um hituna og því með þeim fyrstu til að fá Cloud Solutions Provider viðurkenningu Microsoft. Til stendur að Advania kynni fyrirtækjum hér þjónustuna seinni part vikunnar.

„Við erum mjög stolt af þessu,“ segir Gestur G. Gestsson, forstjóri Advania. „Fyrst og fremst er það mikill heiður fyrir fyrirtækið að vera valið einn af þessum tuttugu samstarfsaðilum Microsoft í skýjalausnum í heiminum. Við lítum á það sem heiður bæði fyrir okkur hér á Íslandi, en ekki síður fyrir okkur sem norrænt fyrirtæki því við getum boðið þessar lausnir á Norðurlöndunum.“

Gestur segir að núna geti Advania boðið viðskiptavinum sínum aðgang að Microsoft-þjónustum með öðrum hætti en áður hafi verið mögulegt. „Og í því felast mikil tækifæri fyrir viðskiptavinum okkar.“

Með vistun gagna og rekstri hugbúnaðar í tölvuskýjum segir Gest-



GESTUR G. GESTSSON

ur skrifaði tekið til framtíðarsýn- ar sem talað hafi verið um í rúman áratug. „Við fær- umst stöðugt nær þeim tíma að það heyri sögunni til að fólk sækir for- rit niður tölvurnar sínar, heldur vinni á forritum sem vistuð eru í skýinu, með öllum þeim kostum sem því fylgir, bæði varðandi aðgengi, öryggi og hagkvæmni. Það hefur gríðarmikið gerst í þessum málum síðustu tvö til þrjú ár upp á að gera þessar lausnir jafn góðar og mörg- um tilfellum betri en þegar fólk er með forritin í tölvunni.“ Með því að nýta skýið segir Gestur mögu- leika fyrirtækja á hagræðingu í rekstri stórukast. „Það er gríðar- lega mikilvægt því þá er verið að kaupa þessa þjónustu alla í áskrift. Ef fyrirtæki er til dæmis með mikið af sumarstarfsmönnum þá er hægt kaupa forrit og annað sem nauð- synlegt er vegna þess, en draga svo aftur saman þegar sumri lýkur.“

Meðal þess sem boðið er upp á í skýjaumhverfi Microsoft er hýsing tölvukerfa, gagnahýsing og aðgang- ur að viðskiptahugbúnaði á borð við Microsoft Dynamics NAV bókhalds- kerfi og Office 365 hugbúnaðarvönd- ulinn. Öll gögn, kerfi og hugbúnaður eru hýst hjá Advania á Íslandi.



# ÞÚ AÐ NJÓTA LÍFSINS

**VOLVO V40 CROSS COUNTRY  
MÁTAÐU HANN VÐ ÞIG**

**VOLVO V40  
FRÁ 4.330.000 KR.  
VOLVO V40 CROSS COUNTRY  
FRÁ 4.530.000 KR.  
LÆKKAÐ VERÐ Á ÖLLUM NÝJUM VOLVO**

**KOMDU OG REYNSLUAKTU NÝJUM VOLVO V40, ÖRUGGASTA BÍL Í HEIMI  
UPPLIFÐU EINSTAKA HÖNNUN OG SKANDINAVÍSKAN LÚXUS**

**OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16**

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | [volvo.is](http://volvo.is)

Volvo V40 D2 115 hö, 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 3,4 l/100 km. CO<sub>2</sub> 88 g/km.

Volvo V40 Cross Country D2 115 hö, 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 3,8 l/100 km. CO<sub>2</sub> 99 g/km.

Volvo V40 dísil beinskiptur uppfyllir þau skilyrði sem þarf til að fá frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Volvo V40 fékk hæstu einkunn sem hefur verið gefin í öryggisprófunum Euro NCAP. Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



**Öruggur staður til að vera á**

## BÓNUS MEÐ 42 PRÓSENT AF MARKAÐNUM

Meniga hefur tekið saman tölur yfir markaðshlutdeild verslana á Íslandi árið 2014 byggðar á kortafærslum 13.562 einstaklinga, sextán ára og eldri sem nýta sér þjónustu Meniga. Samkvæmt þeim tölum er Bónus með langstærstu markaðshlutdeildina eða 41,5 prósent. Því næst kemur Krónan með 17,8 prósent markaðshlutdeild og þá Hagkaup matvara með 14,9 prósent. Aðrar verslanir eru með innan við tíu prósent af markaðshlutdeildinni.

## Miðast við innkaup einstaklinga

Þó ber að hafa nokkurn fyrirvara á þessum tölum. Í fyrrgreindum tölum er tekið tillit til innkaupa einstaklinga en ekki til innkaupa á fyrirtækjakort, erlend greiðslukort, eða peningaviðskipti. Þá er hlutfall íbúa í þéttbýli hærra í Meniga-

úrtakinu heldur en í raun. Af þeim sökum geta hlutdeildartölur verslana á landsbyggðinni í sölu verið vanmetnar. Sérfræðingar Meniga telja þó að þessi skekkja breyti litlu í heildarmyndinni.


Loks má benda á að sumar af þeim Hagkaupsverslunum sem teknar eru með eru með blandaða sölu af matvöru og sérvöru (svo sem Hagkaup í Skeifunni, Kringlunni og Garðabæ). Í þeim tilvikum er því hlutdeild í sölu á matvöru ofmetin. Í Meniga er ekki unnt að greina þar á milli. Rétt er að taka fram að samantekt Meniga er byggð á ópersónugreinanlegum gögnum.

## Greining Samkeppnisefirlitsins

Samkvæmt upplýsingum Markaðarins vinnur Samkeppnisefirlitið að greiningu

á markaðshlutdeild aðila, en þeirri greiningu mun ljúka á næstunni. Nýjustu tölur Samkeppnisefirlitsins yfir markaðshlutdeild eru frá árinu 2010 í skýrslu sem birtist árið 2012 og hefur markaðurinn tekið nokkrum breytingum frá þeim tíma. Samkvæmt þeim tölum voru Hagar með 53 prósent markaðshlutdeild árið 2010, Kaupás var með 21 prósent og Samkaup með 16 prósent. Aðrar verslanir voru svo með um 10 prósent.

Bónus var þá eins og nú langstærsta verslanakeðja landsins með um 40% markaðshlutdeild. Næststærsta keðjan var Krónan með 16% hlut, því næst Hagkaup með 10 prósent hlut, Nettó með 7%, Samkaup-úrval 5%, Nóatún 4% og 10-11 með 4%. Aðrar keðjur og verslanir voru samtals með 14%.



## Hlutdeild í matarinnkaupum heimila árið 2014



ÞEIR STÆRSTU Á matvörumarkaðnum eru nú þegar þrjár stórir aðilar og fjöldi smærri. Stærstir eru Hagar verslanir, sem er hluti af Hagasamstæðunni og rekur Bónus og Hagkaup. Kaupás, sem er hluti af Festi, rekur Nettó, Krónuna og Kjarval. Samkaup er hlutfallslega er mest sala hjá Samkaupum utan höfuðborgarsvæðisins.

# Risarnir þrír velta 118 milljarðar

Samanlögð árleg velta Haga, Kaupáss og Samkaupa á matvörumarkaði nemur rúmum 118 milljörðum króna. Velta Hagar í miðborg Reykjavíkur og utan höfuðborgarsvæðisins eykst með fjölgun ferðamanna. Fulltrúar Costco funduðu með

## ÚTTEKT

Jón Hákon Halldórsson  
jonhakon@frettabladid.is



Verzlunin Costco kemur ný inn á dagvörumarkaðinn á Íslandi síðar á þessu ári og hefur rekstur í Garðabæ. Fulltrúar Costco hér á landi áttu síðast fund með bæjarfulltrúum í Garðabæ vegna kaupa á tólf þúsund fermetra húsnæði á mánudaginn.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ, segir fundinn hafa verið einn af mörgum sem fram hafa farið undanfarið. „Ég lít svo á að með því að vera að fara yfir þessi mál með okkur séu þeir ákveðnir í að koma til Íslands,“ segir Gunnar. Húsnæðið í Garðabæ er beint á móti Ikea, þar sem nú þegar er Bónusverslun.

Á matvörumarkaðnum eru nú þegar þrjár stórir aðilar og fjöldi smærri. Stærstir eru Hagar verslanir, sem er hluti af Hagasamstæðunni, og rekur Bónus og Hagkaup, en einnig heildsöluna Aðföng og Hýsinguvörúhotel. Samkvæmt ársreikningi fyrir tímabilið 1. mars 2013 til 28. febrúar 2014 nam velta félagsins 72 milljörðum króna. Það er um það bil þrefalt meiri velta en heildarveltan hjá annars vegar

Kaupási árið 2013 og hins vegar Samkaupum. Kaupás rekur verslanirnar Nóatún, Krónuna og Kjarval. Samkaup rekur aftur á móti verslanirnar Samkaup, Nettó, Kaskó og Krambúðina.

Hagar eru jafnframt eina fyrirtækið sem er skráð á markað. Einnig er einn aðili er með yfir tíu prósent eignarhlut. Ekkert er þó útilokað varðandi framtíðarskráningu Kaupáss. „Það hefur engin ákvörðun verið tekin um það. En það er vissulega á einhverjum tíma möguleiki. Það er einn af möguleikum í framtíðinni. En sú framtíð er ansi teygjanleg,“ segir Jón Björnsson, forstjóri Festar, móðurfélags Kaupáss í samtali við Markaðinn.

## Sækja fyrirmyndir til Norðurlanda

Samkaup eru aftur á móti að stærstum hluta til í eigu kaupfélaga og Ómar Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samkaupa, segir að þannig verði það áfram. Það sé algengara rekstrarform í nágrannalöndunum. Samkaup horfa til Coop í Danmörku, sem meðal annars rekur verslanir undir merkjunum Fakta og Brugsen. „Þangað sækjum við mikið; vöru og þekkingu. Og það er mjög gott samband okkar við Skandínávú í sambandi við innkaup og annað slíkt,“ segir Ómar.

Bæði stjórnendur Kaupáss og stjórnendur Haga verslana hafa lagt áherslu á rekstur lágverðsverslana

í rótgrónum íbúðahverfum, annars vegar með Krónuna og hins vegar Bónus. Ákvörðun stjórnenda Kaupáss um að breyta verslunum Nóatúns í Grafarholti, Hamraborg og Nóatúni yfir í Krónuverslanir er í samræmi við þetta markmið. Hagar leggja einnig aðaláherslu á rekstur lágverðsverslana og munu opna nýja Bónusverslun í Skipholti, í göngufjarlægð frá verslun Nóatúns, í mars. „Langtímaþróunin hefur verið sú að lágverðsverslanir hafa sótt í sig veðrið. Það hefur gerst hjá okkur og öðrum líka,“ sagði Finnur Árnason, forstjóri Haga, í samtali við Fréttablaðið á fimmtudaginn.

Bæði Kaupás og Hagar munu eftir sem áður reka gæðaverslanir með góðu kjötbörði, undir vörumerkjum Nóatúns og Hagkaups. Kaupás mun reka eina verslun í Austurvei og hugsanlega opna fleiri. Hagkaup rekur ellefu verslanir; sjö á höfuðborgarsvæðinu, eina á Reykjanesi, eina í Borgarnesi, eina á Selfossi og eina á Akureyri. Verslanirnar í Borgarnesi, Reykjanesi og Selfossi eru einungis sérvöruverslanir.

## Sérstaða Hagkaups í sérverslun

Og það er einmitt helst áhersla Hagkaups á rekstur sérvöruverslunar samhliða rekstri dagvöruverslunar sem greinir Hagkaup frá öðrum verslunum á sama markaði. Finnur Árnason segir í samtali við

áramótablað Viðskiptablaðsins að þær fjórar sérvöruverslanir sem Hagar reka séu um fimm prósent af heildarveltunni og velta sérvöruhluta Hagkaups sé örlítið meiri en það. Uppbygging sérvöruhlutans innan Hagkaups sést á því að tiskuvörukeðjan F&F opnaði verslun í Hagkaupi í Kringlunni í nóvember. Í nýjasta ársreikningi Haga var tilkynnt um áform um að fjölga verslunum F&F.

## Breytingar gerðar á Kjarval

Kaupás rekur einnig verslanir undir heitinu Kjarval utan höfuðborgarsvæðisins. „Hugmyndafræðin þar er hverfisverslanir sem leggja áherslu á lágt vöruverð. Við höfum verið að færa Kjarval nær Krónunni og erum farnir að gera tvennt. Við erum annars vegar farnir að bjóða vörur sem eru merktar Krónunni og seljum þær þá á sama verði og í Krónunni. Einnig höfum við tekið nokkra aðra vöruflokka og sett þá á sama verð og í Krónunni,“ segir Jón Björnsson. Hann nefnir sem dæmi að allar mjólkurvörur og ostar séu seldir á sama verði í Kjarval og Krónunni. Hann segir að þessi stefna hafi verið tekin upp núna í sumar.

Verslanir Kjarvals eru einkum reknar á Suðurlandi; á Hvolsvelli, í Þorlákshöfn, á Kirkjubæjarklaustri og í Vík í Mýrdal. „Við höfum fundið fyrir góðum móttökum við þess-

„Ég lít svo á að með því að vera að fara yfir þessi mál með okkur séu þeir ákveðnir í að koma til Íslands.“

Gunnar Einarsson

„Við höfum verið að færa Kjarval nær Krónunni.“

Jón Björnsson

„En við finnum fyrir erlendum ferðamönnum á sumrin. Sumarið í sumar var gott.“

Ómar Valdimarsson



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## SANDUR OG SALT

Íbúar Reykjavíkur geta sótt sand og salt á hverfa-stöðvar og verkþækistöðvar Reykjavíkurborgar. Íbúar eru hvattir til að hafa með sér ílát en einnig er mögulegt að fá poka á staðnum. Skóflur eru við sand- og salthrúgurarnar.



White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél **12 kg** þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát Stórt op > auðvelt að hlaða Sparneytin amerísk tæki.

<þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >



Amerísk gæðavara



**RAFVÖRUR**

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara

## ÁTT ÞÚ VIÐ SVEFN-VANDA AÐ STRÍÐA?

**BALSAM KYNNIR MAGNOLIA** frá Natural Health Labs. Tilvalið fyrir þá sem vilja aðstoð við svefnvandamálum og stuðla að heilbrigðum svefni ásamt því að vinna gegn þunglyndi, kvíða og depurð og bæta andlega og líkamlega líðan.

**H**rafnhildur Ólafsdóttir er kona á besta aldri. Hún starfaði við ferðaþjónustu árum saman og nýtir nú tíma sinn við hjálparstarf hjá Rauða krossinum og í sjálfböðavinnu í Rauðakrossbúðinni.



**MÆLIR MEÐ** Hrafnhildur Ólafsdóttir mælir eindregið með Magnolia. MYND/GVA

### EKKI SOFIÐ BETUR Í MÖRG ÁR

Hrafnhildur, eins og fjölmargir aðrir, hefur átt við svefnvandamál að stríða um árabíl sem hún hefur nýlega ráðið bót á. Hún prófaði náttúrulega fæðubótarefnið Magnolia og segist ekki hafa sofið betur í mörg ár. „Ég vil alls ekki nota lyfseðilsskyld svefnlyfi og ákvað því að prófa Magnolia. Ég hef tekið tvö hylki á kvöldin um klukkustund fyrir svefn í nokkra mánuði og hef ekki sofið betur í mörg ár. Mér finnst rosalega gott að vita af því, það gefur mér mikla öryggistilfinningu.“

### ÓTRÚLEGT HVAD GÓÐUR SVEFN ER MIKILVÆGUR

Að sögn Embættis landlæknis getur svefnleysi valdið miklu álagi og streitu á andlega og líkamlega líðan og góður og samfelldur svefn því nauðsynlegur heilsunni. Hrafnhildur segir að sér líði miklu betur eftir að hún byrjaði að nota Magnolia, hún sofi eins og barn og vakni endurnærð. „Magnolia hjálpar mér ekki einungis að sofna heldur steinséf ég alveg til morguns og vakna hress og kát. Mér hefur ekki liðið betur í langan tíma og mæli eindregið með Magnolia fyrir alla sem eiga erfitt með svefn. Það hefur unnið kraftaverk fyrir mig. Það er ótrúlegt hvað góður svefn er mikilvægur. Það er svo miklu skemmtilegra að vakna úthvöld og í góðu skapi,“ segir Hrafnhildur og hlær.



**RÁÐLÖGÐ NOTKUN** Taktu eitt til tvö hylki með vatnsglasi með kvöldmat eða um 30-60 mínútum fyrir svefn. Dagskammtur er 1-2 grænmetishylki.

### MAGNOLIA OFFICINALIS

Börkur af plöntunni MAGNOLIA OFFICINALIS, sem vex í fjallahéruðum Kína, hefur verið notaður við svefnvandamálum, kvíða og þunglyndi í yfir tvö þúsund ár í Asíu. Rekja má ótrúlegan lækningamátt hans til náttúrulegu efnanna honokiol og magnolol. Börkurinn virkjar taugaboðefni í heilanum sem hafa slakandi og róandi áhrif og stuðla að heilbrigðum og samfelldum svefni. Börkurinn vinnur einnig gríðarlega vel gegn stressi, kvíða og þunglyndi með því að koma jafnvægi á hormónið kortísól sem er stundum kallað stresshormónið. Nýleg rannsókn frá landlæknisembættinu sýnir að um þriðjungur Íslendinga á við svefnvandamál eða þunglyndi að stríða.



Eitt mest seldu fitubrennsluefnið í heiminum í dag!

13 kíló farin!



GMP vottað hráefni



Karen Hauksdóttir

„Losnaði við sykurþörfina“

„Mittismálið minnkaði og ég er orkumeiri. Einnig finnst mér ég ekki þurfa borða eins mikið og áður og sleppi sælgæti algjörlega.“

Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúður og heilsuhillur verslana.

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)




S A F T



### SÖLUSTAÐIR

MAGNOLIA hefur þegar notið mikilla vinsælda og hjálpað fjölmörgum á Íslandi. Fáanlegt í apótekum um land allt, Heilsuhúsinu, Heilsuveri, Heilsuhorninu Blómavali, Hagkaupi, Fjarðarkaupum, Heilsulaus.is og Heimkaupum.

Sólhattur



Engifer, Túrmerik og Bromelain blanda



**Natures Aid**

mæla með þessum vítamínum og bætiefnum fyrir

**KVEF OG FLENSU**

Styrking fyrir ónæmiskerfið



**OptiBac**  
probiotics


Virkar lausnir frá OptiBac  
„One Week Flat“  
Minnkar þembu og Vindgang



Fæst í apótekum og heilsuþúðum

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**  
Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**  
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**  
Sölumenn:  
**Bryndis Hauksdóttir**,  
bryndis@365.is, s. 512 5434  
**Jón Ívar Vilhelmsson**,  
jonivar@365.is, s. 512 5429



**SYDNEY SKEMMTILEG**  
Kristján og Leifur voru mjög hrifnir af Sydney. Þar eyddu þeir áramótunum og sáu um leið flottustu flugeldasýningu sem þeir höfðu upplifað.  
MYNDIR/ÚR EINKASAFNI

# SOFNAÐ VIÐ SEIÐ- ANDI ÖLDUGJÁLFRÍÐ

**HEIMSREISA** Ferðalag Kristjáns og Leifs um Asíu og Eyjaálfu var mikið ævintýri sem innihélt mikla náttúrufegurð, hlýtt fólk og frábæra flugeldasýningu.

**Gríms fiskibollur**

hollur kostur á 5 mín.



GRIMUR KOKKUR

Eftir útskrift frá Menntaskólanum á Akureyri árið 2011 fór Kristján Eldjárn í fjögurra mánaða heimsreiðu til Ástralíu, Malasíu og Taílands með þremur vinum sínum. Hann heillaðist svo af Ástralíu að þegar hann kynntist núverandi unnusta sínum, Leifi Guðna Grétarssyni, var hann strax ákveðinn í að sýna honum þetta stórkostlega land. Rúmu ári áður en Leifur lauk námi í líftækni frá Háskólanum á Akureyri ákváðu þeir að fara í heimsreiðu og hófu að safna fyrir henni. Ferðalagið tók rúma fjóra mánuði að sögn Kristjáns og þótt megináherslan hafi verið á Ástralíu heimsóttu þeir einnig Taíland, Nýja-Sjáland, Indónesíu, Singapúr og Fídjíeyjar. „Eftir nokkurra daga stöpp í París flugum við til Ástralíu. Fyrsti áfangastaður okkar var borgin Cairns sem er norðarlega á austurströndinni. Þaðan keyrðum við suður til Melbourne á litlum húsbíl. Ferðalagið tók tvo mánuði og með í för fyrstu vikunnar var vinkona okkar Sigríður Jódís Gunnarsdóttir.“



sem foreldrar Kristjáns slógust í hópinn. „Stefnan var fyrst sett á Koh Tao sem er eyja í suðurhluta landsins en þar dvöldum við í viku í góðu yfirlæti. Fólkið var yndislegt og maturinn gerði dvölinna ógleymanlega. Næst sigldum við til Koh Samui sem er önnur falleg eyja stutt frá. Þar fórum við á filsbak, skoðuðum fallega staði á eyjunni og borðuðum meiri góðan mat. Eftir Koh Samui var stefnan tekin upp á meginland Taílands þar sem við flugum yfir til Malasíu og þaðan aftur til Ástralíu.“

**SLAPPAÐ AF**  
Notaleg stund á 57. hæð á einu flottasta hóteli heims, Marina Bay Sands, í Singapúr.  
MYNDIR/ÚR EINKASAFNI

Tíminn í Ástralíu var mikið ævintýri að sögn Kristjáns. „Við skoðuðum regnskóga, snorkluðum í stærsta kóralrifi heims og skoðuðum fjölbreytt dýralífið. Á Whitsundays Islands sáuum við eina fallegustu strönd sem við höfum séð og við heimsóttum Íslendinginn Ásgeir Þorsteinsson sem hefur verið búsettur í bænum Dubbo í 30 ár.“

Þaðan lá leiðin til Sydney en áður hafði Sigríður yfirgefið þá og flogið heim. Meðal fleiri eftirminnilegra áfangastaða auk Melbourne nefnir Kristján höfuðborg landsins, Canberra, og eyjuna Tasmaníu sem liggur við suðausturodda landsins.

Næsti viðkomustaður var Nýja-Sjáland þar sem þeir dvöldu í viku og skoðuðu meðal annars hina sögufrægu Waitomo-hella sem frægir eru fyrir sjálflysandi orma sína. Sú ferð var einn hápunktur ferðarinnar að sögn Kristjáns. Hápunktur ferðalagsins að sögn Kristjáns voru þó Fídjíeyjar sem var algjör draumur að hans sögn. „Við dvöldum á lítilli eyju sem heitir Waya og gistum í litlum kofa á ströndinni. Kóralrif var í flæðarmálinu og hlýr sjórinn var yndislegur. Ekki skemmdi svo fyrir að sofna við seiðandi öldugjálfríð utan við gluggann á kvöldin. Fólkið á eyjunni var einnig yndislegt og það var þeim að þakka að okkur leið svona vel og berum svo hlýjar minningar til dvalarinnar.“

Eftir frábæra dvöl á Fídjíeyjum tók við önnur fallega eyja, Balí í Indónesíu. Þaðan sigldu þeir til Singapúr og dvöldu í nokkra daga áður en þeir héldu til höfuðborgar Taílands, Bangkok, þar

Foreldrar Kristjáns voru enn með í för enda var ætlunin að heimsækja Ásgeir aftur en hann og pabbi Kristjáns höfðu ekki hist í mörg ár. Gamlárskvöldinu var eytt í Sydney og var sá dagur sérstaklega eftirminnilegur enda var stórkostleg flugeldasýning um kvöldið sem Kristján segir að hafi verið sú allra flottasta sem þeir hafi upplifað.

Nokkrum dögum síðar hélt hópurinn heim á leið og segir Kristján að þá hafi verið komin smá heimprá í þá báða. „Þeir staðir sem við heimsóttum voru mjög ólíkir og því vorum við alltaf að upplifa eitthvað nýtt. Það er algjörlega ómetanlegt að fá að kynnast menningu allra þessara staða sem við heimsóttum, hitta fólkið og sjá hvernig það lifir. Margt af þessu er svo fjarri því sem við erum vön að maður gerir sér ekki almenninglega grein fyrir því. Eftir upplifun sem þessa gerir maður sér grein fyrir því hvað maður hefur það rosalega gott og maður verður þakklátur fyrir allt sem maður hefur. Það er svo sannarlega ekki sjálfgefið.“



**HÁPUNKTURINN**  
Dvölin á Fídjíeyjum var hápunktur ferðalagsins.



Njótum lífsins

# ÚTSALA! ÚTSALA!

## 20-60% afsláttur af öllum vörum

20-40% af öllu frá HOUSEDOCTOR



50% afsl.

ERMITAGE frá Habitat  
3ja sæta svefnsofi 135.000 kr.  
Áður 270.000 kr.  
3 litir

30% afsl.

WILBO frá Habitat  
2ja sæta sófi 122.500 kr.  
Áður 175.000 kr.  
4 litir



20-40% af öllu frá ETHNICRAFT

30% afsl.

KNOT frá Habitat  
kollur 19.500 kr.  
Áður 13.650 kr.  
4 litir  
bæði til rúnaður og k

30% afsl.

OAK SLICE  
Borðstofuborð  
(gegnheil eik)  
frá Ethnicraft  
Útsöluverð frá  
118.300 kr.  
Nokkrar stærðir

60% afsl.

OCH kertastjaki  
frá Habitat  
Verð 2.360 kr.  
Áður 5.900 kr.

40% afsl.

PARNASSE  
afmælisstellið  
Hannað af  
Terence Conran

40% afsl.

BALTHASAR frá Habitat  
3ja sæta sófi 117.000 kr.  
Áður 195.000 kr.  
Litir: blár,  
gulur,  
rauður

TRIPOD frá Habitat  
Borðlampa 8.750 kr.  
Standlampa 25.900 kr.  
Útsöluverð

20-60% af öllum vörum frá HABITAT



# habitat



# TEKK COMPANY

**KOOL'n'SOOTHE** gelblöðin veita kælingu við mígreni og svæsnum höfuðverk í allt að 8 klst.

NÁTTÚRULEG lausn  
FRÁBÆRT Í FERÐALAGIÐ



FÆST Í HELSTU APÓTEKUM

Dreifingaraðili NOZ ehf

## SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum. Einnig sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett. Við eigum líka fægilög, fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.

Sendum í póströfu

**Gullkistan**

Frakkastíg 10 - Sími 551 3160 - gullkistan@vortex.is - www.thjodbuningasilfur.is




## STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

**vísir**

FÉLAG FASTEIGNASALA

Ótrúlegt  
úrval íbúða til sölu  
eða leigu!



**GOTT Í SÓLINNI**  
Sigríður Þóra er gigtarsjúklingur og segir að hitinn geri sér gott.  
MYND/GVA

# AÐ FERÐAST EIN EFTIR MAKAMISSI

**HEILSUBÓT** Mörgum finnst erfitt að ferðast eftir að maki fellur frá og einangra sig. Sigríður Þóra Ingadóttir missti eiginmann sinn árið 2010 og hefur haldið áfram að ferðast. Hún velur að fara í sérstakar heldriborgaraferðir.

Sigríður Þóra og eiginmaður hennar höfðu farið á hverju ári í heldriborgaraferðir Sumarferða til Benidorm. Þetta eru þriggja vikna ferðir þar sem sérstakur skemmtanastjóri skipuleggur fjölbreytta dagskrá fyrir farþega. Ferðirnar eru ætlaðar 60 ára og eldri og alltaf er gíst á sama hótelinu. „Ég hef farið í heldriborgaraferðir í tíu ár, stundum tvisvar á ári. Í þessum ferðum er mikið öryggi og skemmtilegur félagskapur. Mér líður vel í hitanum og það er alltaf eitthvað um að vera. Skemmtanastjórinn, Jenný Ólafsdóttir, er yndisleg manneskja og það er ekki síst hún sem dregur sama fólki í þessar ferðir aftur og aftur. Hún skipuleggur öfluga dagskrá fyrir okkur heldri borgara alla dagana. Maður ræður auðvitað hvort maður tekur þátt og flestir kjósa að gera það,“ segir Sigríður Þóra.

Þegar hún er spurð hvað dagskráin feli í sér, svarar hún: „Farþegar eru alveg upp í 85 ára í þessum ferðum og dagskráin er sniðin fyrir alla. Það er gönguferð á hverjum degi sem gerir manni mjög gott, annaðhvort hröð eða hæg eftir því sem hentar fólki. Leikfimi er í boði annan hvern dag, minigolf, bingó, spil og svo er alltaf farið út að borða á kínverskum stað í Albír. Þá kemur rúta og sækir okkur og við köllum það að „sækja og senda“. Það eru virkilega skemmtileg kvöld. Við erum með strandpartí og svo er alltaf lokahátíð í lok ferðarinnar. Margir eru farnir að þekkjust í ferðunum en svo eru alltaf ný andlit. Það blanda allir geði og það er ekkert mál að vera einn á ferð, þarna er náungakærleikur,“ segir Sigríður Þóra.

„Maðurinn minn lést í ágúst 2010 og við áttum miða fyrir okkur um haustið í þessa ferð. Ég var tvístígandi í fyrstu hvort ég ætti að fara ein en tók síðan ákvörðun um að skella mér. Ferðin var erfið



**KÆRLEIKUR** Sigríður hefur stundum farið með vinkonum sínum í heldriborgaraferð. Hún segir engu skipta hvort fólk fari eitt, með maka eða vinum, mikill náungakærleikur sé í slíkri ferð. Alltaf sé eitthvað um að vera og engum þarf að leiðast.

fyrir mig svona stuttu eftir makamissi en það er vel haldið utan um mann. Ég hef farið í allar ferðir síðan,“ segir Sigríður Þóra og mælir með því að fólk komi í hóperð þótt það sé eitt. „Kjarninn sem fer í þessar ferðir er gott fólk. Sumum finnst hótelið út úr en það hentar vel fyrir svona hóp. Hálf fæði er innifalið en maður ræður hvort það er tekið í hádegi eða á kvöldi. Enginn þarf að fara svangur frá borði á hótelinu. En það er alltaf hægt að fara út að borða ef fólk kys tilbreytingu og verðlag er hagstætt. Ég er gigtarsjúklingur og sólin og hitinn gera mér mjög gott auk þess sem hreyfingin er heilsuþót,“ segir Sigríður Þóra.

■ elin@365.is

## BÍLASÝNING ÖSKJU Á LAUGARDAG

Bílaumboðið Askja heldur glæsilega bílasýningu laugardaginn 24. janúar í húsakynnum sínum að Krókhálsi 11 í Reykjavík. Þar verða sýndar nokkrar gerðir sendibíla frá Mercedes-Benz en mest áhersla verður lögð á nýju línuna af Vito-sendibílum. Mercedes-Benz Vito er í boði sem sendibíll, fjölnota bíll og einnig sem fólkubíll. Hann fæst framhjól-, afturhjól- og fjórhjóladrifinn og er boðið upp á fimm vélarútfærslur og þrjár lengdir. Mercedes-Benz Vito býr að öðru leyti yfir þeim kostum sem hægt er að ganga út frá hjá Mercedes-Benz, svo sem framúrskarandi aksturseginnleikum, sparneytni, þægindum og tæknilegri fullkomnun.

Hliðarvindsbúnaður er staðalbúnaður í Sprinter, Vito og V-Class bílum og er Mercedes-Benz eini framleiðandinn sem býður upp á slíkan búnað. Hann aðstoðar ökumenn sem glíma við sterkan hliðarvind og vindhviður með sjálfvirku inngrípi hemlakkerfisins sem stuðlar að því að bíllinn haldist á réttri akrein.

Meðal aukabúnaðar þegar kemur að öryggismál-



**SÝNING** Sýndar verða nokkrar gerðir sendibíla frá Mercedes-Benz en mest áhersla verður lögð á nýju línuna af Vito-sendibílum.

um má nefna árekstrarvara, akreinavara, blindablettsvara og hágeislavara.

Á sömu sýningu verða einnig til sýnis aðrar gerðir frá Mercedes-Benz, til dæmis Citan, Sprinter og nýr V-Class.

Sýningin stendur yfir milli kl. 12 og 16 næsta laugardag. Nánari upplýsingar má finna á vef Öskju, www.askja.is.

# VEISLUÞJÓNUSTA

MIÐVIKUDAGUR 21. JANÚAR 2015

Kynningarblað



## Blótið einn af hápunktum ársins

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ, hefur farið á þorablót Stjörnunnar frá upphafi. Þorablót Stjörnunnar og þorablót Álftnesinga eru um helgina og fer hann á þau bæði. **SÍÐA 2**

## Brauðtertán fundin upp í Svíþjóð

Smurbrauðstertudagurinn er haldinn hátíðlegur í Svíþjóð 13. nóvember ár hvert. Svava Gunnarsdóttir gefur uppskrift að brauðertu með kjúklingi og beikoni. **SÍÐA 4**

## Bæði aðkeypt og heimager

Fermingarnar eru á næsta leiti. Þær Anna Guðrún Konráðsdóttir og Elva Björk Ragnarsdóttir fermdu börnin sín í fyrra og luma á ýmsum hugmyndum að veisluföngum og skrauti. **SÍÐA 6**

# Mætir á tvö þorrablót um helgina

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ, hlakkar mikið til helgarinnar, enda eru tvö þorrablót á dagskrá hjá honum. Þorrablót Stjórnunnar á föstudagskvöld og þorrablót Álftnesinga á laugardagskvöld þar sem forsetinn verður einnig gestur.

**B**öndadagur er á föstudag og þá hefst þorri með tilheyrandi blótum. Eitt vinsælasta og stærsta þorrablót landsins er í Garðabæ. Þar munu 1.200 manns blóta þorra og hafa þeir aldrei verið fleiri. „Ég held ég hafi farið allt frá byrjun á þorrablót Stjórnunnar og þetta er frábær skemmtun sem maður vill alls ekki missa af,“ segir Gunnar. „Knattspyrnu-deildinni og þorrablótnefndinni hefur tekist að skapa þannig stemningu og anda að fólk kemur ár eftir ár. Þorrablótíð hefur alltaf verið ákaflega vel skipulagt með frábærum skemmtikröftum og góðum mat. Í kringum þorrablótíð hafa myndast grúppur úr bænum sem sitja saman við borð og hittast jafnvel áður. Þetta er einn af hápunktum skemmtana hjá Garðabæingum. Þarna treysta menn böndin og góður bæjarbragur myndast. Í ár kom upp lúxusvandamál, það varð strax uppselt,“ segir Gunnar enn fremur. „Þetta var ekki svona vinsælt í byrjun og menn þurftu að hafa mikið fyrir þessu. Núna er þetta vinsælasta þorrablótíð á öllu höfuðborgarsvæðinu.“

Gunnar bætir því við að hann muni einnig sækja þorrablót Álftnesinga á laugardag sem á sér gamla hefð. „Ég hef farið þangað undanfarin tvö ár og þótt það sé minna í sniðum er það líka afar skemmtilegt. Þar eru menn með heimagerð skemmtiatriði,“ segir Gunnar en hann mun sitja til borðs með forsetanum, Ólafi Ragnari Grímssyni, sem lætur sig ekki vanta.

Þegar Gunnar er spurður hvort honum finnst maturinn góður, svarar hann því játandi. „Ég tók þá ákvörðun einhvern tíma að láta mér finnast þorramatur góður og nú borða ég allt sem boðið er upp á. Ég fer að minnsta kosti aldrei á aumingjaborðið en þar er maturinn fyrir gíkkina sem borða ekki þorramat. Ég borða hákarlinn, sviðin, slátrið og allt annað með bestu lyst og fer að minnsta kosti þrjár ferðir. Ætli maður verði ekki heldur framlágur eftir helgina þegar tvö þorrablót verða að baki. En það eru nú alltaf teknir nokkrir dansar eftir matinn,“ segir bæjar-



Glaðir karlar. Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ, ásamt þeim Guðna Ágústssyni og Baldvini Jónssyni á þorrablótí Stjórnunnar. MYNDAVALDI

stjórinn en eiginkona hans, Sigríður Dís Gunnarsdóttir, verður auðvitað með honum.

Þorrablót Stjórnunnar var fyrst haldið árið 1992 í Stjórnheimilinu. Síðan kom hlé til ársins 2003 en þá voru gestir 102. Árið 2004 var það flutt yfir í Ásgarð og þá voru gestir 480. Árið 2008 var það enn í Ásgarði og þá voru gestir orðnir 800. Árið eftir var þorrablótíð flutt í Mýrina en þá urðu gestir 930. Í ár verða 1.200 gestir sem er met. Múlakaffi hefur alltaf séð um matinn.

Þorrablótíð á Álftanesi á sér lengri sögu. Þar var það kvenfélagið sem byrjaði með þorrablót árið 1947. Í fyrstu sáu kvenfélagskonur sjálfar um matinn en síðan hefur þetta vaxið og núna er þorrablótíð í samvinnu við Lionsklúbbinn á Álftanesi.

Og svo er tjúttá. Hér er Gunnar í sveiflu með Kristjónu Kjartansdóttur, starfsmanni á bæjarskrifstofunni. MYNDAVALDI



ppaccio með valhnetu-vinaigrette og klettsalati Grjóti  
hindberja-vinaigrette og geitaosti Villibráðar-paté með pap  
ki Bruchietta með tvíreyktu hangikjöti, balsamrauðlauk og piparóti  
Bruchietta með frískinku, balsam og grill udu Miðjardarhafsgreir  
a b b a - Veitingar fyrir öll tækifæri, salat fer  
d djurtum stór og smá, fyrir einstaklinga brauð  
uchietta og fyrirtæki. með Miðje  
s-tapende Risa-ræ  
spjóti með peppadew Si  
sirogn með japönsku ma  
innepsjóma- osti á bruc  
rkireykt- ur lax  
hiettu með alíoli, grillaðri papriku og fetuosti Hörpuskeljar, 3 s  
jóti m/kryddjurtaídyfu Frönsk súkkuladikaka m/ríoma og fer  
m Vanillufylltar vatnsd  
Kjúklingur-satay á spjó  
örpuskel maríuena á ni

40015  
AUKI  
Sími 511 8090 • www.yndisauki.is



Ábendingahnappinn  
má finna á  
[www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



S A F T

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24,  
s. 512 5000

Umsjónarmaður auglýsinga: Bryndís  
Hauksdóttir, bryndis@365.is, s. 512-5434  
Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson.

# FUNDIR OG VIÐBURÐIR Í EINU AF 25 UNDRUM VERALDAR

## FUNDIR

Matur og þjónusta á  
heimsmælikvarða

## RÁÐSTEFNUR

Frábær aðstaða fyrir  
smærri sem stærri hópa

## VIÐBURÐIR

Einstakt umhverfi Bláa Lónsins  
gerir tilefnið ógleymanlegt

Bókanir á [sales@bluelagoon.is](mailto:sales@bluelagoon.is) eða í síma 420 8800.

**BLUE LAGOON**  
**ICELAND**

# Brauð og beikon mettar gestina

Smurbrauðstertur hafa lengi tilheyrt íslenskum veisluhöldum og virðast alltaf ganga jafn vel í gesti. Uppruna tertunnar má rekja til Svíþjóðar en þar er Gunnar nokkur Sjödahl talinn hafa fundið brauðtertuna upp árið 1965. Smurbrauðstertudagurinn er meira að segja haldinn hátíðlegur í Svíþjóð á fæðingardegi hans, 13. nóvember. Svava Gunnarsdóttir gefur hér uppskrift að matarmikilli tertu.

Það tekur alls ekki langan tíma að gera þessa brauðtertuna og það má vel gera hana deginum áður og skreyta síðan samdægurs. Mér þykir alltaf vera kostur að geta unnið á undan mér þegar ég er með veislur," segir Svava Gunnarsdóttir. Hún heldur úti síðunni Ljufmeti.com og við fengum hana til að gefa uppskrift að matarmikilli smurbrauðstertu.

„Ég hef mjög gaman af því að gera brauðtertuna en mamma mín er snillingur í brauðtertugerð og sér yfirleitt um þær fyrir mig þegar mikið stendur til. Það kemst enginn með tærnar þar sem hún hefur hælana í þeim efnum," segir hún.

En hvað er það við brauðtertuna sem öllum virðist þykja svona gott? „Ætli það sé ekki bara fjölbreytnin í þeim og hvað þær eru í raun sjaldan á borðum, oftast bara í veislum og á öðrum tyllidögum. Það gefur þeim ákveðinn sjarma. Síðan standa þær oft á veisluborðum innan um sætindi og það fer vel saman að fá sér fyrst brauðtertuna og síðan smá sætt með kaffinu á eftir.“

## Brauðterta með og kjúklingi og beikoni

200 g beikonstrimlar  
1 grillaður kjúklingur  
10 sólþurrkaðir tómatar í olíu

1 dl majónes  
3 dl hreint jógúrt  
1 dl graslaukur, skorinn fínt  
1 tsk. dijon-sinnep  
½ tsk. salt  
smá svartur pipar  
18 franskbrauðsneiðar  
400 g Philadelphia-ostur, við stofuhita  
kirsuberjatómatar  
ruccola

Steikið beikonið á pönnu. Látið fituna renna af og leggið beikonið til hliðar. Hreinsið kjúklingakjöt frá beininum og skerið í smáa bita. Hakkið sólþurrkuðu tómata. Blandið sólþurrkuðum tómötum, majónesi, jógúrti, graslauk, sinnepi, salti, pipar, kjúklingi og beikoni saman í skál. Skerið kantinn af brauðsneiðunum. Leggið sex brauðsneiðar á fat og setjið helmingsinn af fyllingunni yfir. Leggið aðrar sex brauðsneiðar yfir fyllinguna og setjið það sem eftir er af fyllingunni yfir. Leggið síðustu sex brauðsneiðarnar yfir. Setjið plastfilmu yfir og látið standa í ísskáp í 3-4 klst. Smyrjið Philadelphia-ostinum meðfram hliðunum og yfir brauðtertuna. Skreytið með ruccola og kirsuberjatómötum.

www.ljufmeti.com

Kjúklingur og beikon eru í fyllingunni.



Matarmikill brauðterta sem fer vel á veisluborði.  
MYND/LJUFMETI.COM

Einfalt að búa til daginn áður og skreyta svo daginn sem veislan fer fram.

# Skemmtilegar veislur og viðburðir á óhefðbundnum stöðum

g-events er viðburðastjórnun sem tekur að sér allt sem kemur að undirbúningi og skipulagningu viðburða. Þjónustan spannar allt frá því að leigja viðskiptavinum veisluborð og stóla og upp í það að skipuleggja og halda utan um viðburði fyrir allt að tvö þúsund gesti.

Verkefni sem við fáum eru mjög fjölbreytt en sú þjónusta sem við bjóðum fyrirtækjum er einkum árshátíðir, hvataferðir og hvers kyns fyrirtækjapartí,“ segir Gunnar Traustason, framkvæmdastjóri g-events. „Við þjónustum einnig einstaklinga og sjáum um stórafmæli, brúðkaup og fleira. Eitt af því skemmtilegasta við þennan rekstur er fjölbreytileikinn. Hvert og eitt verkefni er sérstakt í huga okkar og við leggjum okkur fram um að veita góða og áreiðanlega þjónustu.“

Gunnar segir að miðað við þá miklu aukningu sem hefur verið á verkefnum g-events milli ára myndi hann áætla að það gæti mikillar bjartsýni í þjóðfélaginu þessa stundina.

Starfsfólk g-events leggur sig fram um að vera frumlegt og fara óhefðbundnar leiðir þegar kemur að því að halda eftirminnilegar veislur og viðburði. „Við getum boðið viðskiptavinum okkar upp á skemmtilegar staðsetningar. Það var ákveðið strax frá byrjun að það yrði okkar sérstaða að bjóða upp á dálítið óhefðbundnar lausnir fyrir viðskiptavinum okkar. Nú fyrir stuttu opnaðist sá valmöguleiki að vera með einkasamkvæmi í gömlu hlöðunni á Korpúlfsstöðum. Við vorum ofboðslega hrifin af salnum sjálf en vorum ekki alveg viss um hvort viðskiptavinir okkar væru sama sinnis. Það kom hins vegar á daginn að fólk þyrsti í eitthvað nýtt og spennandi sem við erum mjög ánægð með því þetta er frábær salur að vinna með,“ útskýrir Gunnar og brosir.



Skemmtilegur dagur sem g-events fékk að skipuleggja fyrir rúmlega 200 manna hóp sem fór út á land.



Glæsilegur erlendur hópur sem var í gala-matarveislu og partí sem g-events á um að skipuleggja.



Rúmlega þúsund gesta partí í einu flottasta húsnæði Reykjavíkur, Hafnarhúsinu.

ABSENDAR MYNDR



„Það er alger nauðsyn að vera með gott starfsfólk til að allt gangi smurt,“ segir Gunnar um starfsfólk sitt.





# Allt í steik!

## 3ja rétta seðill

5.900.-

### HUMARSÚPA

rjómalöguð, með Madeira og grillaðum humarhöllum

VELDU ÞÉR AÐALRÉTT

### FISKUR DAGSINS

ferskasti fiskurinn hverju sinni, útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar

eða

### NAUTALUND

með laukkremi, gulrót, sveppum, kartöfluflani, svínasiðu og Bourguignon sósu

### SÚKKULAÐI MÚS

með kókos, skyri og hvítu súkkulaði, hafra mulningi, möndlukexi og bláberjasorbet

4ra rétta á 7.390.-

## Vissir þú?

Að uppskriftin af humarsúpu Perlunnar kemur frá belgíska matreiðslumeistararanum Pierre Romeyer. Hann er af jafningjum talinn vera einn besti matreiðslumaður síðustu aldar. Hann gaf aldrei út matreiðslubók en hann gaf Perlunni allar sínar uppskriftir!



FRONTERA



Lindsay



PERLU KAUP




Veitingahúsið Perlan  
S:5620200  
perlan@perlan.is  
www.perlan.is



AFMÆLI  
BRÚÐKAUP  
FERMINGAR

ERFIDRYKKJUR  
FUNDIR  
RÁÐSTEFNUR



**GALA**  
VEISLUSALUR

Smiðjuvegur 1 - 200 Kópavogur - S: 5806720 - gala@gala.is

# Heimagerert og aðkeypt í bland

Fermingar eru á næsta leiti og eflaust margir farnir að huga að undirbúningi. Leitað var til tveggja mæðra, sem fermdu börnin sín í fyrra, eftir hugmyndum og góðum ráðum. Önnur hélt veisluna heima, hin í sal. Báðar blönduðu saman aðkeyptum og heimagerðum veitingum.

**A**nna Hildur Björnsdóttir fermdist í apríl í fyrra. Fermingin var haldin í sal og móðir hennar, Anna Guðrún Konráðsdóttir, segir allt hafa gengið eins og í sögu. Bæði fyrirhöfn og kostnaður var innan hóflegra marka.

„Vinur minn, Snorri Grétar Sigfússon, sá um matinn en hann er kokkur á Vegamótum. Hann gerði kjúklingaspjót, kjötbollur og súpu. Við fjölskyldan sáum svo um sætmetið. Við buðum meðal annars upp á bleika blómaköku og kransaköku með páskaeggjum. Þá keyptum við franskar makkarónur hjá heildversluninni Garra svo dæmi séu nefnd.“

Eva Björnsdóttir, gullsmiður hjá Meba, var Önnu Guðrúnu innan handar við skreytingarnar. „Pompoms-skrautið í loftinu var keypt í Púkó og smart á Laugavegi en flestallt annað skraut í Söstrene Grene. Við komum svo með kertastjaka og vasa að heiman.“



Maturinn var aðkeyptur. Kökurnar flestar heimagerðar. Pom-poms-skrautið er úr Púkó og smart.



Marglít kerti í misháum stjökum koma vel út.



Heimagerð kransakaka með páskaeggja- og Barbapabbaívafi.

Frönsku makkarónurnar komu frá heildversluninni Garra.

## VILTU HALDA VEISLU?

FERMINGAR  
BRÚÐKAUP  
ÁRSHÁTÍÐIR  
ERFIDRYKKJUR  
FUNDIR  
RÁÐSTEFNUR  
AFMÆLI

EFRI SALURINN ER LAUS FYRIR ÞIG ...

**SOLON**  
BISTRO • BAR

BANKASTRÆTI 7A - 101 REYKJAVÍK - S. 562 3232

Ábendingahnappinn má finna á  
[www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



S A F T



**T**ristan Egill Elvason fermdist líka í apríl í fyrra. Móðir hans, Elva Björk Ragnarsdóttir, heldur úti heimilisblogginu [verkefnivikunnar.blogspot.com](http://verkefnivikunnar.blogspot.com). Þar má fylgjast með framgangi verkefna sem hún tekur sér fyrir hendur á heimilinu vikulega. Flest snúa að húsgögnum, húsbúnaði og skrauti og eru með svokölluðu Do It Yourself-sniði eða DIY eins og það er kallað.

Fermingin var haldin heima og bjó Elva til ýmiss konar heimagerert skraut. Fermingarskraut er gjarnan tengt áhugasviði barnsins og sonur Elvu er einstaklega vel að sér í landafræði. Frá unga aldri hefur hann jafnframt haft mikinn dýraáhuga og þekkir ótrúlegustu tegundir. „Ég ákvað því að skreyta borðin með hnöttum sem ég bjó til úr frauðplastkúlum og landakortum sem ég klippti niður. Á hverju borði voru svo nokkur plastdýr sem hafa safnast upp á heimilinu í gegnum árin. Sum þeirra spreyaði ég með málningspreyi frá Slippfélaginu til að poppa þau upp.“ Það sama gerði Elva við nokkra ódýra kertastjaka úr Tiger. Þessu var svo blandað smekklega við kertastjaka, skálar og annað skraut á heimilinu.

Í veislunni var boðið upp á spjót, snittur og minihamborgara frá Yndisauka. „Ég pantaði kökur frá Myllunni og gerði Rice Crispies-kransaköku og annað smálegt sjálf.“



Elva klippti niður landakort og límdi utanum frauðkúlur með möttu Mod Podge. Skreytti svo með snæri.



Með krókum og dúskum er hægt að breyta hnöttunum í fallegt loftskraut.



Elva spreyaði vasa og lítil plastdýr með koparlituðu málningspreyi frá Slippfélaginu.

# Harpa er fullt hús matar

**H**arpa er fullt hús matar. Hvort sem um er að ræða veitingar fyrir eða eftir sýningu eða á þeim fjölmörgu viðburðum sem haldnir eru í Hörpu þá er fjölbreytileikinn mikill. Allt frá Smurstöðinni á fyrstu hæð sem leggur áherslu á smurbrauð með nýnorrænu yfirbragði yfir í fyrsta flokks matargerð á Kolabrautinni þar sem ferskleiki og virðing fyrir hráefninu eru sett í fyrsta sæti og innblásturinn sóttur til Miðjarðarhafsins.

Ef um er að ræða ráðstefnur, fundi, veislur eða aðra mannfagnaði þá býður veisluþjónusta Hörpu upp á veitingar fyrir allar tegundir viðburða. Meginstefið hjá veisluþjónustu Hörpu er ný íslensk matargerðarlist þar sem hefðbundnir íslenskir réttir eru bornir fram á nýstárlegan hátt. Veisluþjónustan er skipuð stórum hópi starfsfólks með mikla reynslu af veisluhaldi og leggur hann sig fram við að veita framúrskarandi og um leið persónulega þjónustu þar sem áhersla er lögð á gæði, hagkvæmni og fallega framsetningu.



Leifur Kolbeinsson, Framkvæmdarstjóri KH veitinga, hefur langa reynslu í að galdra fram eðalrétti.  
MYND/GVA

KOLABRAUTIN  
RISTORANTE

VEISLUÞJÓNUSTA  
HÖRPU

smurstöðin



## Matur og menning

Í Hörpu færðu allt það sem hugurinn girnist — og maginn líka



### BARNVÆNAR VEISLUR

Í þeim veislum sem börn mæta í með foreldrum sínum er sniðugt að gera ráð fyrir einhverri afþreyingu fyrir þau. Þannig njóta þau sín betur og foreldrarinn um leið. Það þarf ekki að vera svo flókið að setja upp lítið leikhorn í einu horni stofunnar til dæmis, þar má setja stóla og lítið borð og hafa á því litabækur og liti, einhverja kubba og annað smádót. Þá er góð hugmynd að líma pappír yfir allt borðið og leyfa börnunum svo að lita eins og þau vilja.

Eldri börnin þurfa líka afdrep fyrir sig og ef pláss leyfir er sniðugt að hafa eitt herbergi handa þeim þar sem til dæmis væri hægt að horfa á sjónvarp eða hlusta á tónlist.

Einnig er sniðugt að hafa einhverja barnvæna rétti á matarborðinu sem er auðvelt fyrir þau minnstu að borða sjálf, til dæmis niðurskorna ávexti og grænmeti, litlar brauðbollur með einhverju gómsætu áleggi og niðurskornar tortillur.



Dýrasta brúðkaup sögunnar fór fram árið 1981.

### DÝRAR VEISLUR

Þær eru misstórar og dýrar veislurnar sem veislubjónustur þurfa að takast á við. Dýrustu brúðkaup veraldar kosta svo sannarlega skildinginn og ljóst að á bak við þau liggur mjög mikil og tímafrek vinna hjá skipuleggjendum. Dýrasta brúðkaup sögunnar er talið vera brúðkaup Karls Bretaprins og Díönu prinsessu árið 1981 en kostnaðurinn hljóp á 14,5 milljörðum króna á núvirði. Boðið var upp á 28 brúðkaupstertur í veislunni en aðaltertann var einn og hálfur metri á hæð.

Heiðurinn að næstdýrasta brúðkaupi sögunnar eiga brúðhjón sem eru nær óþekkt héraendis. Um er að ræða Vanisha Mittal, sem er dóttir indverska iðnjöfursins Lakshmi Mittal, og fjárfestinn Amit Bhatia. Brúðkaup þeirra fór fram í Frakklandi árið 2005 og stóð yfir í fimm daga. Það kostaði um 8,7 milljarða króna.

Breska konungsfjölskyldan á annan fulltrúa í þriðja sæti listans en brúðkaup Vilhjálms Bretaprins og Katrínar, hertogaynju af Cambridge, kostaði um 4,5 milljarða króna. Stór hluti þeirrar upphæðar fór í öryggisgæslu í tengslum við brúðkaupið sem fór fram árið 2011.

Í fjórða sæti listans er breska knattspyrnustjarnan Wayne Rooney sem giftist æskuástinni sinni, Coleen McLoughlin, árið 2008. Brúðkaupið stóð yfir í nokkra daga og fór fram á Ítalíu. Kostnaðurinn var rúmlega einn milljarður.

## VÍNID Í BRÚÐKAUPINU

Léttvín er á boðstólum í flestum brúðkaupum í dag. Á vefsíðu Vínbúðarinnar er að finna góðar ráðleggingar um val á víni og því magni sem þarf.

Þannig er mælt með því að freyðivínið sem margir kjósa í fordrykk sé þurr eða hálfþurr þar sem það komi munnavatnskirtlunum af stað. Reikna megi með að freyðivínsflaskan dugi í 7-8 glös og gott sé að reikna með tveimur til þremur glösum á mann.

Magn léttvína í veislu fer dálítið eftir því hve lengi veislan stendur. Venjan er að reikna með hálfri flösku á mann og bæta síðan við öryggismörkum. Ágætt er að taka ríflegt magn þar sem alltaf er hægt að skila því sem eftir stendur ef nóttunni er haldið til haga.

Ýmislegt þarf að hafa í huga við val á víni með mat. Fyrst af öllu þurfa gestgjafar að vera ánægðir með það og í öðru lagi þarf það að höfða til þorra gesta og falla að þeim mat sem boðið er upp á. Hægt er að leita ráða hjá starfsfólki Vínbúðanna við valið.

Ef boðið er upp á bjór þegar borðhaldi lýkur er vanalegt að reikna með um lítra á mann.

Sumir vilja bjóða upp á líkjör með kaffinu. Gert er ráð fyrir að 70 cl flaska dugi fyrir ríflega 15 manns.



# Fundir, Ráðstefnur og Árshátíðir



Eitthvað fyrir hópinn þinn, sígilda Lækjarkreppa staðsett í hjarta Reykjavíkur

Salir Lækjarkreppu eru: Kornhlaðan (40 – 100 manns) Litlabrekka (18 – 70 manns)



Lækjarkreppa

Bankastræti 2, Sími 551 4430

info@laekjarkreppa.is - www.laekjarkreppa.is

Alltaf sígild - Alltaf ljúf

DANSKAR

# INNRETTINGAR

Í ÖLL HERBERGI HEIMILISINS



## ÞITT ER VALIÐ

Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska – fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.

FJÖLBREYTT ÚRVAL AF HURÐUM, FRAMHLIÐUM, KLÆÐNINGUM OG EININGUM, GEFA ÞÉR ENDALAUSA MÖGULEIKA Á AÐ SETJA SAMAN ÞITT EIGIÐ RÝMI.

STERKAR OG GLÆSILEGAR



## VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG

Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

Opið: Mán. - föst. kl. 09-18  
Laugardaga kl. 11-15

 **Friform**

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is



**VIÐHALD**  
 fasteignaviðgerðir  
 Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málingarvinnu
- trésmiðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pipulagnir
- flisalagnir
- jarðvinnu
- hellulagnir
- ákkæðningar

Sími 567 6699  
 vidhald@vidhald.is  
 www.vidhald.is

**MÓTAUPPLÁTTUR**  
 Húsasmíðameistari (Byggingastjóri) getur tekið að sér upppláttarverkefni. Er með mót og krana. Unnið eftir tilboðum á föstu verði. Upplýsingar Páll s 840-6100

**Nudd**

**NUDD**  
 Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

**Spádómar**

**KÆRLEIKS-LJÓSID**  
 Spámáðill Tarot lestur og kristalkla.  
 Vn 566 7311 emm  
 Tímapóztarar í síma 8694650

**SPÁSÍMINN 908 5666**  
 Stjórnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Rafvirkjun**

**Raflagnir Dyrasímar**  
 Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.  
**Fljót og góð þjónusta**  
 Sími 893 1733  
**Jón Jónsson**  
 Lögiltur rafverktaki  
 www.raflagnir.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**  
 Þjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Lögiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**Önnur þjónusta**

Hreinsa þakrennur og tek að mér ýms verkefni. S. 847 8704 & manninn@hotmail.com

**KEYPT & SELT**

**Til sölu**



Til sölu 5 KW 400 V, 3 fasa diesel rafstöð mjög lítið keyrð. 4 stk. 230 V tenglar, 12 v úrtak og 1 stk. 16 A 3 fasa tengill. Verð kr. 110.000. Uppl. í s. 565 3600.



Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.

**Óskast keypt**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!**  
 Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilbod þér að kostnaðarlausu!  
 www.kaupumgull.is  
 Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)  
 Upplýsingar í síma 661 7000

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**  
 Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldþeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.  
 Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

**Til bygginga**



**HARÐVIÐUR TIL HÚSNÆÐINGA.**  
**SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**  
 Vatnslæðning, paniill, pallaefni, parket, útihúdur, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofín harðviðarolia. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

**HEILSA**

**Nudd**

Heilnudd. Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348.

**TANTRA NUDD**  
 Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þér, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**SKÓLAR & NÁMSKEIÐ**

**Ökukennsla**

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

**HÚSNÆÐI**

**Geymsluhúsnæði**

**GEYMSLUR.COM**  
 Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**  
 Búsílóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLÓDAGEYMSLA.IS**  
 Búsílóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**  
 Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**Húsnæði í boði**

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU, NÝBYLAVEGI OG AUÐBREKKU (GÖMLU TOYOTAHÚSUNUM)**  
 150 - 300 fm m / innkeyrsludyrum, 150 -300 fm fm undir verslun eða léttan iðnað, 200 - 400 fm fyrir heildverslun eða léttan iðnað. Greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.  
 Uppl. veitir Sværrir í s. 661-7000

**ATVINNA**

**Atvinna í boði**

**SKERPING EHF, SMÍÐJUVEGUR 11, GUL GATA**

**200 KÓPAVOGI**  
 Óskar eftir starfskrafti, þarf að hafa unnið í járnsmíði eða hliðstætt. Íslenskukunnátta skilyrði.  
 Upplýsingar aðeins á staðnum.



**VEITINGAHÚSIÐ RED CHILI**  
 Óskar eftir starfsfólki í sal á vaktir. Íslenskukunnátta skilyrði.  
 Uppl. á staðnum milli 14-18 Eða sendið uppl. á daddi@redchili.is

Vantar starfskraft strax í vinnu við málsmíðun hjá Zinkstöðinni í Hafnarfirði. Íslenskukunnátta og reglusemi skilyrði. Uppl. í síma 896-5759

**tilkynningar**

**Reykjavíkurborg**  
 Umhverfis- og skipulagssvið

**Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík**

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

**Hádegismóar 1-3**  
 Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hádegismóa vegna lóðanna nr. 1 og 3 við Hádegismóa. Í breytingunni felst m.a. sameining lóða, heimilt verði að sambygga húsin með innbyggðri lægri byggingu og byggingareitum og bílastæðaskilmálum breytt. Nýr byggingareitur færir tvo metra til suðurs þannig að athafnasvæði verði norðan byggingar og breiðki um hálfan meter.  
 Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Grettisgata 9A og 9B**  
 Tillaga að breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.2 vegna lóðanna nr. 9A og 9B við Grettisgötu. Í breytingunni felst m.a. að skilgreindar eru tvær lóðir fyrir flutningshús á borgarlandi, flutningshús skulu standa næst Grettisgötu og mænifestna þeirra vera eins og fram kemur á uppdrætti, austur-vestur.  
 Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **21. janúar 2015 til og með 4. mars 2015**. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, **www.reykjavik.is**, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 4. mars 2015**. Vinsamlegast notið uppgæfið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Reykjavík 21. janúar 2015  
 Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNSENDIR 411 3071

**námskeið**

**Létt og skemmtileg spænskunámskeið**  
 Verða haldin í Borgartúni 1. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari er Kristinn R. Ólafsson sem mun halda fyrirlestur um Spán og spænska menningu. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Boðið verður uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið. Námskeiðin standa í 4 vikur.

**Eftirfarandi námskeið eru í boði:**  
**Byrjendanámskeið:**  
 Mánudaga og miðvikudaga 17:30-19:00 og þriðjudaga og fimmtudaga 13:00-14:30  
**Framhaldsnámskeið:**  
 Mánudaga og miðvikudaga 13:00-14:30 og þriðjudaga og fimmtudaga 17:30-19:00

**Námskeiðin hefjast 26 og 27 janúar. Verð á mann: 22.500 krónur**  
 Upplýsingar í s. 698 50 33 eða binsina@gmail.com

**STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS**

**vísir**  
 FÉLAG FASTEIGNASALA

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

**Leiguhúsnaði óskast í Garðabæ!**

Stakfell óskar eftir einbýlishúsi eða rúmgóðri íbúð til leigu í Garðabæ. Eignin þarf að hafa að lágmarki þrjú svefnherbergi auk stofu.

**Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir að hafa samband við Óskar, s: 691-1931 eða oskar@stakfell.is**

**Vogatunga 39**



**OPÍÐ HÚS**

**Opíð hús í dag miðvikud. 21. janúar kl. 17:30 – 18:00**  
 Vel skipulagt 117,7 fm. Parhús á einni hæð þar af 25,2 fm. Bílskúr. Hús fyrir 60 ára og eldri. Mikil lofthæði í stofu og gangi og allt hið vandaðasta. **Verð 41,9M**

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík

**OPIN HÚS Í DAG**

**Mánatún 3**

Glæsileg 5-6 herbergja endaíbúð til suðurs á efstu hæð

Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45



**OPÍÐ HÚS**

Glæsileg 204,0 fm. endaíbúð til suðurs á 6. hæð (efstu) auk tveggja sér bílastæða í bílahúsi. Rúmgóðar svalir til vesturs. Íbúðin er innréttað á mjög vandaðan og smekklegan máta með sérsníðnum innréttingum. Aukin hljóðeinangrun er á milli hæða. Gólfhitakerfi er í íbúðinni. Lofthæð er um 2,8 metrar og ná allar innihurðir uppí loft. Hjónasvíta sem samanstendur af herbergi, fataherbergi og baðherbergi. Rúmgóðar og bjartar stofur. **Húsvörður. Verð 84,9 millj. Íbúð merkt 0601. Verið velkomin.**

**Grettisgata 52 – Mikið endurnýjuð 3ja herbergja íbúð**  
 Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45



**OPÍÐ HÚS**

Mikið endurnýjuð 90,0 fm. íbúð á 1. hæð með stórum suðursvölum og sér bílastæði á lóð í litlu fjölbýlishúsi í miðborginni. Íbúðin hefur verið mjög mikið endurnýjuð á sl. mánuðum, m.a. eldhúsinnréttingar og tæki, gólfefni o.fl. Nýtt tvöfalt gler, nýjir gluggar og nýtt svalahandrið. Svalir til suðurs. Sér bílastæði á baklóð. **Verð 34,9 millj. Verið velkomin.**

**Breyting á deiliskipulagi hafnar-, iðnaðar- og athafnasvæðis á austursvæði Grundartanga, Hvalfjarðarsveit**



Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti þann 4. desember 2014 breytingu á deiliskipulagi hafnar-, iðnaðar- og athafnasvæðis á austursvæði Grundartanga.

Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar. Tillögur breytinga aðalskipulags voru auglýstar samhliða tillögu breytingar deiliskipulags austursvæðis sbr. 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hafa umræddar breytingar aðalskipulags öðlast gildi.

Breyting deiliskipulags varðaði meðal annars stækkun skipulagssvæðis. Skipulagssvæðið var um 23 ha en verður nú um 178 ha.

Breytingar innan skipulagssvæðis eldri deiliskipulagsáætlunar varða fjölda lóða, lóðaafmarkanir, byggingarreiti og lóðastærðir:

- 2 iðnaðarlóðir bættast við norðan Katanesvegur.
- Katanesvegur 2 verður Katanesvegur 6. Tvær lóðir bættast við vestan megin og verða Katanesvegur 2 og 4.
- Lóð spennistöðvar er skilgreind sem Katanesvegur 6a.
- Hafnargata 1 skiptist upp í 3 lóðir, Hafnargata 1 og 3 og Katanesvegur 8.
- Lóð norðan megin við Hafnargötu 1 breytist í 3 lóðir, Katanesvegur 10 og Hafnargata 5 og 7.
- Lóðir 2, 4 og 6 við Katanesveg breytast í 2 lóðir 12 og 14 við Katanesveg.
- Kerbrotagryfja (flæðigryfja) er fullnýtt og hefur henni verið lokað.

Breytingar utan skipulagssvæðis eldri deiliskipulagsáætlunar varða skilgreiningu nýrra lóða:

- Ný aðkoma er skilgreind inn á lóð Norðuráls, austarlega á lóð fyrirtækisins.
- Lagnaleið vestan Katanesvegur 12 er breikkuð í 5 m.
- Skilgreindur er nýr gangstígur meðfram strönd, austan megin lóða við Katanesveg 12 og 14.
- Skilgreind er tæplega 6 ha stækkun á athafnasvæði hafnar (AH)4 á fyllingu neðan Katanesvegur þar sem skilgreind landnotkun er höfn (H).
- Skilgreindar eru 4 iðnaðarlóðir, að hluta til á fyllingu, austur af hafnarsvæðinu.
- Skilgreindar eru nýjar götur, Vestursker og Austursker, sem tengjast Katanesvegi.
- Katanesvegur er framlengdur til austurs og umhverfis Katanestjörn.
- Skilgreindar eru 6 nýjar lóðir fyrir hafnsækna iðnaðarstarfsemi.
- Skilgreindar eru 3 nýjar lóðir fyrir hafnsækna athafnastarfsemi.
- Skilgreindar eru gönguleiðir meðfram Katanestjörn og strönd, svo og tengingar gönguleiða á milli opinna svæða.
- Skilgreindar eru jarðvegsmanir til afmörkunar iðnaðarsvæðis gagnvart náttúruverndarsvæði við strönd.

Breytingin var auglýst sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst frá 29. ágúst til og með 10. október 2014. Athugasemdir bárust frá níu aðilum. Sveitarstjórn ákvað að breyta auglýstri tillögu vegna innsendra athugasemda. Umsagnir sveitarstjórnar um athugasemdirnar hafa verið sendar þeim sem þær gerðu. Sveitarstjórn telur að umræddar breytingar á auglýstri tillögu séu ekki taldar breyta tillögunni í grundvallaratriðum og því ekki þörf á að auglýsa hana á nýjan leik.

Breytingar sem gerðar eru á auglýstum uppráttum eru eftirfarandi:

- Skilgreind verður spennistöð, Katanesvegur 28b.
- Hafnargata 1 og 3 eru sameinaðar Katanesvegi 8.
- Lóðin Katanesvegur 30 er minnkuð úr 320.450 m<sup>2</sup> í 310.000 m<sup>2</sup>.
- Hugsanleg framtíðarvegartenging austursvæðis við Grundartangaveg á milli lóðar Norðuráls og Katanestjarnar verður framtíðarvegartenging.

Breytingar sem gerðar eru á auglýstri greinargerð og umhverfisskýrslu eru eftirfarandi:

- Umfjöllun um gatna- og stígakerfi í kafla 3. 7. 1 er breytt vegna framtíðarvegartengingar við Grundartangaveg á milli lóðar Norðuráls og Katanestjarnar.
- Síðasta setningin í 2. lið í kafla 4. 1. 2. breytist og hljóðar svo: Hugað skal sérstaklega að meðferð úrgangs, honum haldið í lágmarki og skilað til viðurkennds aðila.
- Í kafla 4. 1. 15 eru tilgreindir þeir mengunarþættir sem mótvægisáðgerðir beinast að.
- Tafla yfir lóðir á skipulagssvæðinu er leiðrétt í samræmi við breytingar á uppráttum.
- Næst síðasti liður í kafla 5.2.3 breytist:  
 Fyrir breytingu: Ekki er heimilt að reisa nýjar verksmiðjur  
 Eftir breytingu: Ekki er heimilt að reisa verksmiðjur
- Í kaflanum 5. 2. 3, Heilsa og öryggi er umfjöllun um hljóðmengun og viðeigandi mótvægisáðgerðir umtalsvert aukin og kröfur hertar verulega.
- Í kaflanum 5. 2. 3, Heilsa og öryggi er bætt við kröfu um að ávallt skuli beitt bestu fánlegri tækni sem uppfyllir BAT staðal til að draga úr mengun frá iðnaðarsvæðinu.
- Í kaflanum 5. 2. 3. Heilsa og öryggi er bætt við kröfu um að viðbragðsáætlun varðandi efnaleka og eldvarnir skuli leggja fram með byggingarleyfisumsókn.
- Í kaflanum 5. 2. 3. Hagrænir og félagslegir þættir er lögð áhersla á að byggingar verði lítt áberandi og falli vel að landslagi.
- Í kaflanum 5. 2. 3. Hagrænir og félagslegir er umfjöllun um ljósmengun talsvert aukin og gerð krafa um að hönnun útlýsingar verði lögð fram með byggingarleyfisumsókn.
- Skýringarmyndir í greinargerð hafa verið aðlagðar fyrrnefndum breytingum á uppráttum.

Athygli er vakin á heimild til að kæra þær stjórnvaldsákvæðanir sem teknar eru af sveitarfélaginu á sviði skipulagsmála til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Þeir sem óska frekari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa.

**Skipulagsfulltrúi Hvalfjarðarsveitar**

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



**S A F T**



## 10-11 VEX EN ICELAND SKILAR EKKI HAGNAÐI



Iceland-verslanirnar voru stofnaðar sumarið 2012 og eru þær nú þrjár talsins. Eigandi Iceland og Rekstrarfélags Tíu ellefu er Basko ehf., sem er aftur í eigu Árna Péturs Jónssonar og Iceland Food Limited Uk. Enn sem komið er hafa Iceland-verslanirnar ekki skilað rekstrarfangi, samkvæmt ársreikningum.

Verslanir Iceland eru á þremur stöðum. Ein í Engihjalla og tvær í Breiðholti. Rekstrarfélag Tíu ellefu ehf. rekur 31

verslun undir vörumerki 10-11 og eina Inspired by Iceland-verslun. Verslanir Tíu ellefu eru á höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesi, Akranesi og Akureyri. Í september var samið um að verslanir yrðu við flestar eldsneytisstöðvar Skeljungs og eru nú þegar tólf 10-11-verslananna við eldsneytisstöðvar Skeljungs og Orkunna.

Það er stöðugt í skoðun að fjölga verslunum. „Ég myndi segja að það væri mjög líklegt að við munum opna einhverjar verslanir á þessu ári. En það er ekkert sem liggur fyrir núna,“ segir Árni Pétur. Það eigi við bæði um 10-11 og Iceland.



Samkaup reka svo Samkaupsverslanirnar og Nettó. Hagar og Kaupás eru sterkastir á höfuðborgarsvæðinu

# Ljörðum

aga er næstum þreföld á við hinna tveggja. Velt-  
ð bæjaryfirvöldum í Garðabæ í byrjun vikunnar.

um breytingum. Við höfum verið að lækka vöruverð þarna töluvert,“ segir Jón.

## Ferðamenn versla í miðborginni

Jón segir að í verslunum utan höfuðborgarsvæðisins finni menn fyrir aukinni veltu samhliða fjölgun ferðamanna á Íslandi. „Já, við sjáum mun á verslun eins og á Kirkjubæjarklaustri og í Þorlákshöfn,“ segir Jón. Breytingin sé þó ekki helst yfir hásumarið heldur sé sumarverslunin farin að teygja sig fyrr fram í vorið og lengra fram á haustið. „Ferðamannaárið virðist byrja í apríl og endar ekki fyrr en í október. Þetta virðist hafa verið að gerast bara á tveimur árum,“ segir Jón.

Hann segir að verslanir Nóatúns og Krónunnar í Reykjavík finni ekki fyrir fjölgun ferðamanna. „Við erum ekki með nema eina litla búð í sentral Reykjavík, sem er í Nóatúni. Ég hugsa að það séu aðallega búðir í 101 sem finna fyrir þessu,“ segir Jón.

Árni Pétur Jónsson, forstjóri 10-11 verslananna og Iceland, tekur undir það sjónarmið að velja verslana í miðbænum aukist með fjölgun ferðamanna. Það sé því augljóst að fjöldi ferðamanna skili sér í verslun 10-11 í Austurstræti. „Þar er tiltölulega hátt hlutfall viðskiptavina erlendum ferðamenn,“ segir Árni Pétur.

Stjórnendur Samkaupa, sem reka verslanirnar Samkaup, Nettó og Kaskó, segjast einnig finna fyrir aukinni veltu samhliða auknum ferðamannastraumi. „Við finnum vel fyrir því, því eins og ég segi þá erum við mest á landsbyggðinni,“ segir Ómar Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samkaupa. Hann segir að um 75 prósent af veltunni séu utan höfuðborgarsvæðisins. Um 25 prósent hennar komi á höfuðborgarsvæðinu.

Ómar segir þó að verslanir Samkaupa séu ekki á þeim svæðum þar sem ferðamannastraumurinn er mestur, þ.e. á Suðurlandinu. „En við finnum fyrir erlendum ferðamönnum á sumrin. Sumarið í sumar var gott, haustið líka, það teygðist fram á haustið vegna góða veðursins,“ segir Ómar. Spurður hvort fyrirætlanir séu um að fjölga verslunum Samkaupa á Suðurlandinu segir hann svo ekki vera. Þar sé markaðurinn vel mettaður. „En auðvitað lítum við til þess að reyna að sinna þörfum ferðamanna eins og hægt er. Við gerum það á sumrin með lengri opnunartíma og fókuserum vöruverð meira á ferðamennina,“ segir hann. Ómar leggur þó áherslu á að þrátt fyrir það að þörfum ferðamanna sé svarað séu verslanirnar fyrst og fremst ætlaðar til að þjónusta heimamenn sem eru á staðnum allt árið.

Make it matter. 

# Ódýrari í rekstri

með nýrri, byltingarkenndri prenttækni HP og betri orkunýtingu.



## HP Officejet Pro X fjölnotaprentarar



**Nýtt hraðamet** í prentun  
– allt að 70 blaðsíður á mínútu

↓ 50%

**Helmingi ódýrari í rekstri**  
en sambærilegir laserprentarar



Umhverfisvænn



Kynntu þér eiginleika nýju  
„HP PageWide“ tækninnar

\*Samkvæmt Guinness World Records og prófunum Buyers Laboratory LLC.

Fáðu ráðgjöf sérfræðinga Opinna kerfa við val á lausnum sem henta þínum þörfum og umhverfi.

Nánar á [www.ok.is/ProX](http://www.ok.is/ProX)

**OPIN KERFI**

Sérfræðingar þér við hlið

# Gerir stangveiði að fjölskyldusporti

Pétur Thor Gunnarsson er nýr sölu- og markaðsstjóri Sælgætisgerðarinnar Freyju. Sem þriggja barna faðir segist hann hafa minni tíma en áður til að sinna áhugamálinum en nýtur þess að hlusta á íslenska tónlist.

## VIÐTAL

Fanney Birna Jónsdóttir | fanney@frettabladid.is

„Þetta er í fyrsta skipti sem ég dýfi tánun í markaðsfræðina sem starf. Ég þekki hins vegar söluhlutann vel og kynntist svo sem markaðsfræðinni aðeins í gegnum sölustjóraströfin. En þetta er í fyrsta skipti sem ég fæ að takast á við hana beint í starfi og ég hlakka mikið til þess,“ segir Pétur Thor Gunnarsson, nýr sölu- og markaðsstjóri Freyju.

Pétur tók við starfinu í síðustu viku en áður starfaði hann sem sölu- og rekstrarstjóri hjá Ölgerðinni. Pétur Thor er alþjóðamarkaðsfræðingur að mennt og starfaði í rúm átján ár hjá Ölgerðinni.

Nýja starfið leggst vel í Pétur. „Þetta er mjög spennandi verkefni. Freyja er afar skemmtilegt fyrirtæki og hér starfar frábært fólk sem er það sem skiptir oftast meginmáli – fólkið.“

Sem sölu- og markaðsstjóri mun Pétur hafa umsjón með lykilviðskiptavinum á Íslandi, sinna áætlanagerð og hafa eftirlit með sölu

og rekstri auk þess sem hann sinnir öllum markaðsmálum.

Utan vinnu segist Pétur helst sinna fjölskyldu sinni en hann er giftur Erlu Rós Gylfadóttur hugbúnaðarsérfræðingi og eiga þau þrjú börn á aldrinum tveggja til ellefu ára. „Maður gaf nokkur áhugamál upp á bátinn eftir að börnunum fjölgaði. Það má því segja að þau séu manns ær og kýr. Maður er náttúrulega á þessum tíma í lífinu þar sem mikill tími fer í börnin.“

Þegar Pétur hefur tíma reynir hann að sinna áhugamálum sínum sem hann segir margvísleg. „Ég hef mikinn áhuga á íþróttum, sérstaklega fótbolta. Ég hef ægilega gaman af því að fara á heimavöll minna manna í Manchester United og eins á Víkingsvöllinn.“

Pétur er einnig mikill áhugamaður um tónlist og er að eigin sögn gamall „skoppari“ úr Breiðholti. „Ég hef mjög gaman af tónlist og nýt þess að fara á tónleika. Í gamla daga hlustaði ég mest á Public Enemy, Run DMC og Tupac en núna hlusta ég á allt, mest þessa dagana á hljómsveitirnar Vök og Oyama.“

Pétur er einnig mikill stangveiðimaður en



Pétur Thor Gunnarsson, sölu- og markaðsstjóri Freyju

hefur ekki jafn mikinn tíma og áður til að sinna því. „Maður fær að minnsta kosti eina helgi á haustin til að sinna þessu og svo fæ ég endrum og sinnum að laumast burt að veiða. En undanfarið hef ég reynt að koma börnunum upp á lagið með þetta, elsta stelpan mín hefur komið með í vatnveiði. Þetta gæti orðið mjög skemmtilegt fjölskyldusport,“ segir Pétur að lokum.

## BETRI EFTIR EINN KAFFIBOLLA



„Hann Pétur Thor er klár og skemmtilegur maður á uppleið. Hann var í mörg ár með okkur í Ölgerðinni og gerði góða hluti. Hann gat verið hressari í morgunsárið en einn sterkur kaffi og Pétur var nýr maður, sérstaklega eftir kl. 10 á morgnana. Hann er mikill fjölskyldumaður en hans stærsti galli er að hann heldur með Manchester United.“

**Friðjón Örn Hólmberntsson,**  
framkvæmdastjóri Ölgerðarinnar.



„Þegar ég kynntist Pétri var hann svolítil sleði, mikill gæi. Það hefur margt breyst síðan. Pétur er mjög vandvirkur og klárar öll sín verk. Það er engin tilviljun að hann er svona eftirsóttur. Svo er hann mjög trygglyndur. Það er náttúrulega furðulegt að maður sem er ekki orðinn fertugur hafi unnið hálf á ævina á sama vinnustað.“

**Hörður Harðarson,**  
eigandi hjá Vert markaðsstofu.

**KPMG**

cutting through complexity

FRÓÐLEIKUR Á FIMMTUDEGI

## Helstu breytingar á skattalögum

Fim. 22. janúar | kl. 8:30 | Borgartún 27

Miklar breytingar voru gerðar á skattalögum í lok síðasta árs, auk þess sem ýmsar breytingar voru gerðar á lögum sem tengjast tekjuöflun ríkissjóðs.

Á þessum fyrsta fróðleiksfundi ársins verða breytingarnar og helstu áhrif þeirra kynntar.

Fróðleiksfundir vítt og breitt um landið

Akureyri: fimmtudag 29/1 kl. 8:30

Borgarnes: fimmtudag 29/1 kl. 16:00

Stykkishólmur: þriðjudag 3/2 kl. 16:00


Reykjanesbær: miðvikudag 4/2 kl. 9:00

Selfoss: fimmtudag 5/2 kl. 16:00

Vestmannaeyjar: fimmtudag 5/2 kl. 16:00

Egilsstaðir: þriðjudag 10/2 kl. 16:15

Nánari upplýsingar og skráning án endurgjalds er á [kpmg.is](http://kpmg.is)



Skattabæklingi 2015 verður dreift á fundunum



TILNEFNING Haraldur keppir við þrettán aðra vefhönnuði.

Keppir við yfirhönnuð Spotify:

## Tilnefndur til vefverðlauna

Vefhönnuðurinn Haraldur Þorleifsson er tilnefndur til Awwwards-vefverðlaunanna í flokknum besti sjálfstæði hönnuðurinn/listræni stjórnandi ársins.

Þar keppir hann við 13 aðra vefhönnuði, meðal annars yfirhönnuð Spotify. Þá er fyrirtæki Haraldar, Ueno, tilnefnt fyrir bestu vefsíðu ársins fyrir Dropbox. Önnur fyrirtæki sem hlutu tilnefningar í þeim flokki eru m.a. Google, Warner Bros og Volkswagen.

Verðlaunaafhendingin fer fram í Barcelona dagana 24.-25. febrúar. Haraldur mun halda erindi á ráðstefnu sem haldin verður í tengslum við hátíðina. - jhh



NÝJAR HIJÁ ÖSKJU Erla Sýlvía Guðjónsdóttir og Freyja Leópoldsdóttir. MYND/ASKJA

Markaðs- og mannaútsátak:

## Askja bætir við sig fólki

Bílaumboðið Askja hefur ráðið til starfa nýjan markaðsstjóra og nýjan gæða- og mannaútsstjóra.

Erla Sýlvía Guðjónsdóttir hefur verið ráðin gæða- og mannaútsstjóri, en hún tekur einnig sæti í framkvæmdastjórn Öskju. Í tilkynningu Öskju kemur fram að Erla sé að ljúka MS-námi í mannaútsstjórnun frá HÍ en hafi einnig numið við Copenhagen Business School.

Þá hefur Freyja Leópoldsdóttir verið ráðin markaðsstjóri bílaumboðsins. Hún hefur starfað í markaðsdeild Öskju undanfarið þrjú ár. - óká



Make it matter.



# Nettari afgreiðsla

## HP RP2 kassakerfislausnin

Intel® Quad Core™ J2900 Pentium®

J2A63AV



**EIGÐU**  
eða  
**LEIGÐU**  
frá kr. **9.900**  
á mánuði\*

### Fyrirferðalítill vinnubjarkur

HP RP2 kassakerfið er traust og áreiðanleg lausn sem uppfyllir ströngustu kröfur og er hönnuð fyrir langtímanotkun.

### Meiri sveigjanleiki

Stílltu skjáinn eins og þér hentar best hvað varðar hæð, snúning og sjónarhorn og veldu þá aukahluti sem hæfa þínum rekstri.

**Kynntu þér RP2 kassakerfalausnina nánar á [www.ok.is/rp2/](http://www.ok.is/rp2/)**

Allar nánari upplýsingar á [www.ok.is](http://www.ok.is).  
Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Inside merkið, Intel Atom og Intel Atom Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.

\*Miðað við HP RP2 kassakerfislausn á 36 mánaða leigusamning.

**OPIN KERFI**

Sérfræðingar þér við hlið



OPIN KERFI | HÖFÐABAKKA 9 | 110 REYKJAVÍK | SÍMI 570 1000 | OK@OK.IS

Svikalogn gjaldeyrishaftanna kann brátt að vera á enda:

## Óstöðugleikinn virðist í spilunum

Nýgerðir kjarasamningar við lækna og ólga á vinnumarkaði í aðdraganda kjarasamninga eru birtingarmynd þeirrar lokuðu stöðu sem efnahagslífi landsins hefur verið komið í. Um leið má segja að kominn sé fram vísbending um yfirvofandi afturhvarf til gamalkunnugra aðstæðna.

Sá stöðugleiki sem ráðamönnum og talsmönnum atvinnurekenda er tíðrætt um er nefnilega svikalogn og ljóst að landið stefnir hraðbyri í átt til aukins óstöðugleika, að



### Markaðshornið

Óli Kristján Ármannsson  
olikr@frettabladid.is

### Lausnin virðist augljós, því vandséð er að stöðugleikinn komi innan frá, og alls ekki með krónu.

Stórum hluta í boði gjaldmiðilsins sem gagnast fáum og er baggi á flestum. Innan hafta þróast hér atvinnulíf smám saman í átt til aukinnar fábreytni. Sú stoð sem bæst hefur við atvinnulíf er ferðaþjónusta, en þar eru laun lág og veikt gengi krónu raunar forsenda uppgangs í þeim geira. Vaxtarmöguleikar í landbúnaði og sjávarútvegi eru takmarkaðir, sem og í tengslum við stóriðju. Og innan hafta skerðast möguleikar upplýsingatæknifyrirtækja til vaxtar.

Stöðugleikinn sem landsmenn hafa búið við síðustu misseri er hins vegar til kominn vegna haftanna. Gengi krónunnar er haldið stöðugu og um leið dregur úr verðbólgu. Ástandið er hins vegar brot-hætt og komið að ákveðnum vatnaskilum. Sættir fólk sig við að stéttir í lykilstöðu þegar kemur að grunnþjónustu,

eða atvinnuvegum sem grætt hafa á höftum sigli fram úr hinum í kjörum? Eða má búast við að fólk (og verkalyðsfélög) spyrni fótum við þróun til aukinnar misskiptingar og berjast fyrir sambærilegum hækkunum yfir línuna? Kannski þá hækkunum sem takmörkuð innistæða er fyrir með ávísun á gengisfall og aukna verðbólgu (og þá um leið með hækkandi verðtryggingum skuldum og aukinni vaxtaþvingu í boði Seðlabankans).

Mögulega er komið að því að dragi úr haftaskjólínu og næða taki um efnahagslífið í auknum mæli. Líklega er þá líka tímabært að skrúfa niður höftin, líkt og boðað hefur verið að gera eigi á þessu ári og stíga ákveðnari skref inn í umhverfi „þjóðhagsvarúðarreglna“ Seðlabankans. Um leið virðist umhverfið gamalkunnugt og vandséð hvernig verja eigi hér stöðugleika. Langavitleysa í sveiflu-kenndu hagkerfi, þar sem gjaldmiðillinn ýtir undir og er sjálfstæður sveifluvaldur, er hafin á ný.

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, ræddi nýverið mikilvægi stöðugleikans á kynningarfundum SA í aðdraganda kjarasamninga. Hann benti réttilega á að miklar sveiflur efnahagslífsins hafi hér dregið úr getu fyrirtækja til að hámarka afkomu sína og bæta rekstur. Í óstöðugu umhverfi er nefnilega ekki hægt að gera áætlanir til lengri tíma. Stöðugt er verið að bregðast við og redda hlutum fyrir horn.

Lausnin virðist augljós, því vandséð er að stöðugleikinn komi innan frá, og alls ekki með krónu. Hér þarf nýjan gjaldmiðil sem hefur það bakland sem þarf til að tryggja stöðugleika hans og þar með efnahagslífsins. Með þeim stöðugleika sem aðild að Evrópusambandinu og myntbandalagi Evrópu hefði í för með sér verður að teljast líklegt að íslenskt atvinnu- og efnahagslíf fengi blómstrað sem aldrei fyrr. Óráð væri að brenna allar brýr að baki sér í samninga-viðræðum við Evrópusambandið á meðan því hefur ekki verið svarað hvaða leið sé landinu farsælli.

## Segir evrusvæðið ekki á leið inn í krísuástand á ný



HEIMSÆKIR INDLAND Wolfgang Schäuble, fjármálaráðgjafi þýskaland (lengst til hægri), mættir hér á fund indverska viðskipta- og iðnaðarráðsins (FICCI) með yfirskriftina „Evrópa og Indland í umhverfi alþjóðavæðingar“ í Nýju-Delí á Indlandi í gær. Á fundinum reyndi ráðgjafi Indverja um að evrulöndin væru ekki í þann mund að hverfa inn í nýja efnahagskreppu, áður en hann fer til fundar við indverska fjármálaráðgjafinn í Nýju-Delí.

NORDICPHOTOS/AFF

## Milljónasta klósettheimsóknin

### Skóðun

Margrét Guðmundsdóttir  
forstjóri Icepharma



Íslendingar hafa lengi státað sig af óspilltri náttúru landsins og náttúr- an hefur verið helsta aðráttarafl erlendra ferðamanna til landsins og sá þáttur sem við bæði leynt og ljóst teljum vera sérstöðu okkar í baráttunni um alþjóðlega ferðamenn.

Hið sorglega er hins vegar að íslensk náttúra er ekki óspillt. Þegar landnámsmenn komu til landsins er því lýst sem skógi vöxnu milli fjalls og fjöru. Við Íslendingar tölum hins vegar oftast um náttúruna eins og hún sé alltaf eins. Uppblástur og sandfok hafa einkennt stór svæði landsins. Nú vill svo vel til að nýja Holuhraunið okkar sem þekur orðið yfir 80 ferkílómetra hefur breytt úr sér yfir svæði sem áður fyrr öllu miklu sandfoki. Hraunið er þannig að hjálpa okkur við að binda jarðveg. Ísland er sífellt að breytast og það er á okkar ábyrgð að gæta náttúrunnar.

Á undanförunum fimmtán árum hef ég ásamt fjölskyldu minni

komið að landgræðsluverkefni þar sem við höfum með dreifingu á heyi og áburðargjöf endurheimt landsvæði sem voru auðn eftir áralanga beit sauðfjár. Í dag höfum við plantað trjám í hluta af þessu svæði sem fyrir nokkrum áratugum voru svæði þakin íslenskum birkiskógi. Landgræðslan er enn að berjast fyrir fjárveitingum til að ná því markmiði að endurheimt gróðurs nái yfirhöndinni á árlegri gróðureyðingu. Skógrækt hefur mætt andstöðu þeirra sem finnst auðinn fallg þar sem ekki eigi að breyta neinu, en kyrrstaða er ekki til. Hekla umvafin birkiskógi er ekki síður fallg en Hekla í miðri eyðimörk.

Nú er svo komið að helstu ferðamannastaðir landsins eru komnir að þolmörkum og yfirvöld reyna að spyrna við fótum. Landeigendur á þekktum ferðamannastöðum hafa hrópað á yfirvöld að bregðast við þannig að hægt sé að taka á móti þessum fjölda ferðamanna, bæði innlendum og erlendum, á viðeigandi hátt. Íslendingar hafa í gegnum aldir verið gestrisnir og taka á móti gestum inni í stofu og dekka fallett borð. Við notum ekki óhreinan borðbúnað frá fyrri viku

þegar gesti ber að garði, en þannig er ástandið orðið á helstu perlum landsins.

Deilt er um hvernig eigi að bregðast við. Yfirvöld hafa velt fyrir sér mörgum leiðum og engin ein leið virðist vera gallalaus. Eftir mikla vinnu og greiningu virðist náttúru-passinn sú leið sem við eigum auðveldast með að innleiða og halda okkur innan þess alþjóðlega lagaramma sem við verðum að taka tillit til. Gjaldið er 1.500 krónur og passinn gildir í þrjú ár. Þeir ferðamenn sem koma til landsins muna hafa fullan skilning á þessari gjalddöku enda er hún vel þekkt erlendis, þótt útfærslan geti verið önnur. Fyrir okkur Íslendinga þá er spurningin hvort við, það er hvert okkar, séum tilbúin til að eyða andvirði eins kaffibolla á ári til að geta tekið á móti erlendum gestum með þeirri gestrisni og reisn sem hefur einkennt þessa þjóð í gegnum aldir. Mér finnst það ekki spurning og hvet alla til að styðja verkefnið með jákvæðu hugarfari þannig að við getum öll verið stolt af því að vera Íslendingar. Við verðum að muna að þegar kaffiboðinu lýkur, þurfa allir á einhverjum tímapikti að komast á klósett.

## „Copy/paste“-innleiðing stjórnarháttanna og strauma

### Hin hliðin

Helga Hlín Hákonardóttir  
meðeigandi og stjórnarmaður hjá Strategiu ehf.



Góðir stjórnarháttir hafa undanfarið hlotið verðskuldaða athygli hluthafa og stjórnna samhliða mikilli endurnýjun í stjórnum íslenskra

félaga. Almenn umræða um aukna aðkomu lífeyris-sjóða og annarra fjárfesta að stjórnarháttum hefur einnig átt sér stað, s.s. með birtingu hluthafastefna, skilgreindum reglum um samskipti þeirra við stjórnir, valnefndir og samþykki starfskjarastefna. Slík þróun er jákvæð enda eðli stjórnarháttanna að vera í sífelldri endurskoðun.

Hér á landi og erlendis hefur innleiðing stjórnarháttanna þó á köflum verið gagnrýnd fyrir „Copy/Paste“-eða „Tick in the Box“-innleiðingu, þ.e. yfirborðskennða innleiðingu meginreglna og jafnvel tískustrauma hverju sinni, sem endurspeglar t.d. í yfirstandandi endurskoðun OECD á meginreglum stjórnarháttanna. Það gefur hins vegar augaleið að stjórnarháttir eiga að vera mismunandi eftir stjórnun og félögum hverju sinni. Breytileikann má t.d. rekja til þess hvort stjórn er rótgróin eða nýr aðilar skipi meirihluta hennar, hvort forstjóri hefur verið lengi í starfi eða ekki, samsetningu hluthafahóps og hvar umrætt félag er stítt í aldir, rekstri, þróun, stefnumótun, fjármögnun og öðrum skuldbindingum o.s.frv. Yfirborðskennða innleiðing stjórnarháttanna

er því í besta falli skammgóður vermir og leiðir til þess að stjórnir og hluthafar fara á mis við mikilvægar upplýsingar, þekkingu og forsendur sem ella myndu leiða til betri ákvarðanatöku og stjórnarháttanna og minnka líkur á mistökum.

Ef vel á að vera er þörf á rýni í upplýsingar og gögn einstakra félaga sem eru stjórnun þeirra nauðsynleg til að axla ábyrgð á störfum sínum. Stjórnir þurfa að hafa þekkingu á hlutverki sínu í viðkomandi félagi og þekkingu forsendur fyrir stjórnarstörfum og innleiða í stjórnarhátti félagsins. Þetta eru svokallaðir „lögboðnir stjórnarháttir“ sem vísa til skyldna viðkomandi félags og stjórnar samkvæmt ytri og innri skuldbindingum/skyldum þeirra. Með ytri háttum er t.d. átt við lög, reglur, starfsleyfi, lánsamninga og aðra samninga sem

stjórnir hafa gert við þriðja aðila eða veitt umboð til gerðar á. Með innri þáttum er hins vegar t.d. átt við samþykktir, hluthafasamkomulög, skipulag samstæðu, ráðningarsamning og starfslýsingu forstjóra. Einnig þurfa stjórnir að kynna sér hluthafastefnur einstakra fjárfesta ef þeim er til að dreifa.

Endalaust má deila um hvernig tíma stjórnna er best varið og hver forgangsröðun á að vera hverju sinni. Fjárfesting í kortlagningu og sértækri innleiðingu lögboðinna stjórnarháttanna skapar stjórn ávallt betri forsendur til vandaðrar ákvarðanatöku, hvort heldur varðandi forgangsröðun verkefna, stefnumótun, umboð og upplýsingagjöf forstjóra, fjárfestingar og önnur verkefni. Þar fara hagsmunir félags, stjórnar og hluthafa saman.



HEFST Á SUNNUDAGINN

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT NÚNA!

365.IS

## 15% AUKNING

### Byggingageirinn vex mest

Velta í virðisaukaskattsskyldri byggingastarfsemi og mannvirkjagerð hefur aukist um 15 prósent á síðustu tólf mánuðum, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Mesta aukningin er í þessum atvinnugreinum. Einnig er mikil aukning í rekstri gististaða og veitingastaða og í flokknum námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu.

**18.01.2015** Þetta mál skiptir í augnablikinu ekki svo miklu máli að það eigi að stofna umræðu, hvorki í Sjálfstæðisflokknum á meðal sjálfstæðra Evrópusinna, né heldur á meðal þjóðarinnar, í það uppnám sem ég tel að slík til-laga myndi valda. Ég minni á að allir oddvitar Sjálfstæðis-flokksins í öllum kjördæmum sögðu fyrir kosningar 2013 að það yrðu ekki slit á viðræðum við Evrópusambandið nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég sagði það sjálf þá og við það mun ég standa.

Ragnheiður Ríkhardsdóttir alþingismaður



## 3,5 % HAGVÖXTUR

### Hagvöxtur minni en áður var talið

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn býst við að hagvöxturinn í heiminum verði 3,5 prósent í ár en ekki 3,8 prósent eins og talið var í október. Búist er við því að heimshagvöxturinn árið 2016 verði 3,7 prósent. Minni hagvexti er spáð þrátt fyrir lækkingu á olíuverði, sem mun þó gagnast öllum ríkjum vel. Búist er við því að vöxturinn á evrusvæðinu verði 1,2 prósent í ár en fari síðan upp í 1,6 prósent á næsta ári. Það verði forgangsverkefni að takast á við verðhjöðun fram undan.

## STJÓRNAR- MAÐURINN

### Óþarfa orkusuga

**STJÓRNARMAÐURINN** varð þeirrar gæfu aðnjótandi hér áður að fá tækifæri til að starfa erlendis um árabíl.

**EITT** greinir íslenska stjórnendur frá erlendum kollegum þeirra, og það er sú tilhneiging að tjá sig um og velta fyrir sér pólitík í tíma og ótíma. Þetta er nokkuð sem stjórnarmaðurinn hefur ekki orðið vitni að annars staðar.

**HVER** skyldi nú ástæðan vera fyrir þessum mikla pólitíska áhuga stjórnenda í íslenskum fyrirtækjum? Stjórnarmaðurinn myndi glaður gleypa þá skýringu að hér sé um hreinan áhuga að ræða og eldmóð fyrir málefnum líðandi stundar.

**LÍKLEGGI** skýring er þó að íslenskir stjórnendur hafi ríkari ástæðu til að vera á varðbergi gagnvart stjórnmalámonnum. Þeir væru hreinlega ekki að sinna sínum störfum, ef þeir hefðu ekki helstu pólitísku hræringar á hreinu.

**STADREYNDIN** er nefnilega sú að á Íslandi hafa pólitík og viðskipti alla tíð tvinnast saman. Ofgnótt er af dæmum, en e.t.v. er einkavæðing bankanna í upphafi þessarar aldar besta nýlega dæmið. Þessu gerir Björgólfur Thor Björgólfsson góð skil í bók sinni. Björgólfur segir hreinlega að þar sem einhverjir hafi litið svo á að hann og faðir hans væru tengdir Sjálfstæðisflokknum – sem Björgólfur þvertækur fyrir – þá hafi kaupin á eyrinni gerst þannig að eftir sölu á Landsbankanum, hafi hreinlega orðið að selja Búnaðarbankann mönnum handgengnum Framsókn.

**ÞETTA** telur Björgólfur að hafi haft lykiláhrif á það hvernig bankamarkaðurinn þróaðist hér á árunum eftir aldamót, enda stór biti fyrir óþroskaðan markað að standa allt í einu uppi með tvo einkavædda ríkisbanka, í stað eins.

**ÁKVEDIÐ** afturhvarf hefur orðið í þessum efnum frá hrúni enda ríkisvaldið nú í þeirri stöðu að geta haft meiri áhrif á lífvænleika og framtíðarhorfur fyrirtækja í landinu en tíðkast hefur á seinni árum. Hér ríkjja gjaldeyrishöft og stærsta fjármálastofnun landsins er í ríkiseigu.

**STJÓRNARMAÐURINN** er reyndar á því að Steinþór Pálsson bankastjóri hafi útskýrt mál sitt vel á dögnum þegar að honum var sótt vegna sölu Landsbankans á hlut sínum í Borgun. Aðstæður á Íslandi eru hins vegar þannig að eðlilegt er að fólk sé tortryggt. Spörin hræða eins og frásögn Björgólfs ber með sér.

**VONANDI** berum við gæfu til þess á næstu árum að leysa úr þessum flækjum svo að stjórnendur geti einbeitt sér að því sem máli skiptir fyrir þeirra fyrirtæki – og geti hætt að velta fyrir sér pólitík.

# ÚTSALAN ER HAFIN

## 20-70% AFSLÁTTUR



KOKKAFÖT • VINNUSKÓR • HITAKÖNNUR  
JAPANSKIR HNÍFAR • SKÁLAR • POTTAR  
PÖNNUR • GLÖS • HNÍFAR • DISKAR  
BOLLAR • ÁHÖLD • KÖNNUR • ÞEYRARAR  
SIGTI • KÖKUHNIÐAR • BLANDARAR • SÍUR  
VATNSFLÖSKUR • KRUKKUR • KÖRFUR • O.M.FL.



Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16. Opíð mán - fös 8.30 - 17.00

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • [www.fastus.is](http://www.fastus.is)

# ÚTSALA

BÍLTÆKI ÚTVÖRÞ  
MAGNARAR PRÁÐLAUSIR SÍMAR  
FERÐATÆKI MP3 SPILARAR  
SJÓNVÖRÞ MYNDAVÉLAR  
BILMAGNARAR  
HÁTALARAR DVD SPILARAR  
BÍLHÁTALARAR  
HEYRNARTÓL

HLJÓMBORÐ  
REIKNIVÉLAR

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

**ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR**  
**OG ENGIN VÖRUGJÖLD!**

ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR  
FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL RAKVÉLAR  
OFNAR  
PVTAVÉLAR  
ÖRBYLGJUOFNAR  
STRAUJÁRN  
BLANDARAR  
PURRKARAR  
HRÆRIVÉLAR  
KAFFIVÉLAR  
VÖFFLUJÁRN  
RYKSUGUR

## NOKKUR VERÐÆMI

Myndavélar frá 4.995 – allt að 71% afsláttur  
Lítill heimilistæki á ótrúlegum verðum frá 995 kr.  
Gríðarlegt úrval af heyrnartólum með allt að 60% afslætti  
Heimabíókerfi með allt að 50% afslætti  
Sjónvörp með allt að 500.000 kr. afslætti  
Tvöfaldir kæliskápar með allt að 200.000 kr. afslætti  
Spansuðu helluborð með allt að 130.000 kr. afslætti  
42" Philips snjallsjónvörp frá 99.995 kr.  
50" Philips sjónvörp frá 109.995 kr.  
Blu-ray spilarar frá 12.995 kr.  
Whirlpool uppþvottavélar með allt að 50.000kr afslætti.  
Whirlpool 1400sn þvottavélar frá 59.995 kr.  
Yfir 100 gerðir af ísskápum á lækkuðu verði

**Sjá allt  
úrvalið  
á ht.is**

**TAKMARKAÐ MAGN**

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*



**Heimilistæki**

www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic  
wilfa Melissa Ariete elna VESTFRÖST exDO MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO

7 VERSLANIR UM LAND ALLT: AKRANES • AKUREYRI • HÚSAVÍK • EGILSSTAÐIR • SELFOSS • REYKJANESBÆR • REYKJAVÍK



**KL. 20:05**

**Á uppleið**

Í næsta þætti kynnumst við Hildigunni Sigurðardóttur fatahönnuði sem er á hraðri uppleið hjá hátísku-fyrirtækinu Roland Mouret í London.

# Frábært miðvikudagskvöld

**KL. 21:00**

**Olive Kittridge**

Vönduð þáttaröð frá HBO sem fjallar um Olive og Henry en saman hafa þau gengið í gegnum súrt og sætt.



**KL. 22:45**

**Bones**

Stórskemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðings.



**KL. 22:00**

**Wrath Of The Titans**

Spennandi ævintýramynd frá 2012 með Liam Neeson, Ralph Fiennes, Bill Nighy og Sam Worthington í aðalhlutverkum.



**KL. 21:00**

**The Gates**

Spennandi þættir um mann sem tekur að sér stöðu lögreglustjóra í rólegum bæ en ekki er allt sem sýnist.



**KL. 22:25**

**Cold Case**

Magnþrunginn myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar við morðdeildina við að leysa úr gömlum sakamálum.



**KL. 19:00**

**Lukku Láki**

Skemmtileg teiknimynd um slánann, Lukku Láka.



**SUDOKU**

5	4			9					
	2		9	7	5				
			4						
		8		4			1		
	5		6		2	8	4		
	6			8					
		3			6	7			
2	9				3				
7	1	5	3	8					

**LÉTT**

		3	8		1				9
7					8	5			
					5	6	8		
		1	2	7	8				
9	4		2					7	
					3	2			
			5	7	9				
	7	9				5			
6			2	4					

**MIDLUNGS**

6			7				3		
		9				2			
7	2	9	4	5					
				3	6	2			
	5			9				1	
2									5
		4							
1					7	4			
3	8		4		9	1			

**PUNG**

4	6	7	5	9	8	2	3	1		5	7	2	3	4	9	1	8	6	6	9	4	7	1	5	8	2	3
2	5	1	3	7	4	8	9	6		9	6	3	5	1	8	2	7	4	7	2	1	6	8	3	5	4	9
9	3	8	6	1	2	4	5	7		4	8	1	2	6	7	9	3	5	5	3	8	9	4	2	6	7	1
8	7	6	2	3	9	1	4	5		1	9	5	7	2	6	8	4	3	1	5	9	3	6	4	7	8	2
3	2	5	7	4	1	9	6	8		6	2	7	4	8	3	5	9	1	3	4	7	5	2	8	9	1	6
1	9	4	8	5	6	7	2	3		3	4	8	1	9	5	6	2	7	8	6	2	1	7	9	3	5	4
5	8	2	9	6	7	3	1	4		2	1	9	6	7	4	3	5	8	9	7	6	2	5	1	4	3	8
6	4	9	1	8	3	5	7	2		7	5	6	8	3	2	4	1	9	4	1	5	8	3	6	2	9	7
7	1	3	4	2	5	6	8	9		8	3	4	9	5	1	7	6	2	2	8	3	4	9	7	1	6	5

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

**PONDUS**



Eftir Frode Øverli

**GELGJAN**



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

**BARNALÁN**



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

**SPAKMÆLI DAGSINS**

„Líf þitt getur ekki verið jákvætt á meðan hugsun þín er neikvæð.“

Joyce Meyer.

**SKÁK**

**Gunnar Björnsson**

Magnus Carlsen (2.862) vann sína sjöttu skák í röð á Tata Steel-mótinu þegar hann vann Teimor Radjabov (2.734) í níundu umferð. Hvítur á leik



31. Rxf5! Kxf7 (31... Dxf5 32. Rxf5 Hxe4 33. Hd8 Hxf4 34. Hxf8+ Kh7 35. Hxf6) 32. Dh5 Rh7 33. Bxh6+ Kh8 34. Dg6 Dg8 35. Bg7+! Dxf7 36. Dxe8+ og hvítur vann skómmu síðar. [www.skak.is](http://www.skak.is) Carlsen með vinningsforskot.

**KROSSGÁTA**

**LÁRÉTT**

2. leikur, 6. tímabil, 8. örn, 9. þrjúvarningur, 11. bardagi, 12. vansæmd, 14. klingja glösum, 16. stefna, 17. efni, 18. fát, 20. tveir eins, 21. fimur.

**LÓÐRÉTT**

1. líkamshluti, 3. samtök, 4. skerfur, 5. farfa, 7. starfræksla, 10. afbrot, 13. þrot, 15. í andliti, 16. upphrópun, 19. þurrka út.

**LAUSN**

LÁRÉTT: 2. tarfi, 6. ár, 8. ari, 9. les, 11. at, 12. skómm, 14. skála, 16. út, 17. tau, 18. fúm, 20. gg, 21. frá. LÓÐRÉTT: 1. háls, 3. aa, 4. framlag, 5. líf, 7. reksstur, 10. sök, 13. mät, 15. auga, 19. úrf, 21. mál.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					



# SAMSUNG

## Njóttu boltans - áfram Ísland

**SAMSUNG** SMART TV

H6475 LÍNAN

400 CMR skjár

Screen mirroring.

Upptaka og afspilun á USB

T2 móttakari

55" verð: 269.900.-

65" verð: 449.900.-



**SAMSUNG** SMART TV

H6675 LÍNAN

600 CMR skjár

með Micro dimming

Upptaka og afspilun á USB

T2 móttakari

48" verð 199.900.-

**SAMSUNG**

H5005 LÍNAN

100 CMR (riða) skjár.

Afspilun af USB.

T2 móttakari

32" verð: 86.900.-

40" verð: 99.900.-

48" verð: 149.900.-



FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

**SAMSUNG**  
SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

ORMSSON  
KEFLAVÍK  
SÍMI 421 1535

ORMSSON  
PRISTUR-ÍSAFIRÐI  
SÍMI 456 4751

KS  
SAUÐÁRKRÓKI  
SÍMI 455 4500

SR · BYGG  
SIGLUFIRÐI  
SÍMI 467 1559

ORMSSON  
AKUREYRI  
SÍMI 461 5000

ORMSSON  
HÚSAVÍK  
SÍMI 464 1515

ORMSSON  
VÍK-EGILSSTÖÐUM  
SÍMI 471 2038

ORMSSON  
PAN-NESKAUPSTAÐ  
SÍMI 477 1900

ORMSSON  
ÁRVIRKINN-SELFOSSI  
SÍMI 480 1180

GEISLI  
VESTMANNAEYJUM  
SÍMI 481 3333

# MENNING

## Ljósmyndaverkin mín eru langt á undan mér og minni hugsun

Þetta er vald sköpunarinnar, segir Hrafnkell Sigurðsson myndlistarmaður um ljósmyndaverk sín sem komu út á bók fyrir skömmu.

Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is



„Bókin er í öfugri tímaröð vegna þess að það var rétt að hafa hana þannig. Að byrja á því sem er manni næst, en enda á því sem er manni fjærst,“ segir Hrafnkell Sigurðsson myndlistarmaður um bókina *Lucid* sem kom út hjá Crymogeu á síðasta ári og hefur að geyma heildstætt yfirlit yfir ljósmyndaverk Hrafnkells. Í tengslum við bókina stendur nú yfir sýning í húsnæði Arion banka í Borgartúni. Hrafnkell var fyrst um sinn eilít- ið efins um að vera með svo stóra sýningu í banka. „Eftir að hafa skoðað húsnæðið þá fannst mér þetta smellpassa. Ég var að dragnast með smá fordóma en þeir hurfu sem betur fer strax. Þetta á ekki að snúast um mig heldur verkin.“

Hrafnkell var í gamla Myndlista- og handíðaskólanum árin 1982–86 og þaðan lá leiðin til Hollands í framhaldsnám. Fyrsta einkasýning hans var þó í hinu víðfræga Slúnka- ríki á Ísafirði en mikill heiður þótti fyrir ungan listamann að sýna þar á þessum árum. Það var þó ekki í faðmi vestfirskra fjalla sem landslagið varð að leiðarljósi í verkum Hrafnkells.

„Í Hollandi uppgötvaði ég landslagið í póstkortum og fundnum myndum. Kannski hefur það snúist um söknuð að einhverju leyti án þess að ég gerði mér endilega grein fyrir því. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt að fara frá litla Íslandi um einhvern tíma, sakna þess og skynja aðeins betur stærð heimsins. Í Hollandi byrjaði ég að leika mér með landslagshefð- ina og hef gert það síðan. Ég mun líka gera það áfram vegna þess að rætur mínar eru í landslaginu og verkin mín leita þangað.“

Landslagið er alltaf til staðar með einum eða öðrum hætti og samband manns og náttúru óneitanlega leið- arþráður í gegnum feril Hrafnkells. Í elstu myndum bókarinnar gefur að líta speglað landslag í einkar fal- legum myndum sem gefa óneitan- lega tóninn. Þaðan fara verkin yfir í klippt landslag, áfram yfir í áhrifa- ríka snjórúðninga sem mynda fjöll innan borgarinnar. „Fyrir mér voru snjófjöllin ákveðin tímamótaverk. Þetta eru fyrstu ónunna ljósmynd- irnar, sem sagt óklipptar og tekn-



ar af mér og o.s.frv. en þær eru þó mismæðhöndlaðar. Í næstu seríu koma svo tjöldin inn og þar með hið mannlega. Hið mannlega í náttúrunni og líkaminn hefur verið rauður þráður síðan þá. Ég treysti því að það sé heilsteyp- t hugsun í því sem ég geri og það er boðskapurinn.“


Þessi þrúun virðist halda áfram í verkum Hrafnkells því með innkomu mannsins í verk hans birtast fjöllin í borginni

í snjórúðningum sem eru að bráðna í vorsólinni á Selfossi. „Það má segja að þarna hafi ég verið búinn að fara í gegnum bæði fjöll í bænum og bæ í fjalli- nu. Að loknum þessum tíma var ég talsvert í London og þar fer ég að horfa á ruslið. Fram að því hafði allt verið ideal en með rusli- nu kemur ákveðið myrkur en um leið meira jafnvægi. Þegar ég byrjaði á ruslinu þá gerðist eitthvað. Það opnaðist fyrir ákveðnar

rásir og skynjun og inn kom meiri líkami. Meiri skrokkur. Það birt- ist svo í sjóstakkaseríunni. Þannig er alltaf ákveðin framvinda. Málið er að undir niðri er maður, maður sjálfur, og því kemur ekkert annað en ég. Verkin mín koma mér oft á óvart og taka völdin. Ég vinn og hugs; hvað er þetta og af hverju? Þannig eru verkin langt á undan sjálfum mér og minni hugsun. Þetta er vald sköpunarinnar umfram hina rökrænu hugsun.“

Gríðarleg vinna virðist oft liggja að baki verkum Hrafnkells sem búa þó yfir einhverjum ómót- stæðilegum, tærum einfaldleika. Þannig er til að mynda með nýj- ustu seríuna revelation (afhjúpun/ opinberun). „Ég neyddist til þess að læra að kafa til þess að taka þessar myndir. Hafði aldrei fikt- að við köfun áður en þetta er tekið á 10 metra dýpi í íslensku stöðu- vatni og þá er vissara að vita hvað maður er að gera.“

RÆTUR Í LANDS- LAGI  
Hrafnkell Sigurðsson segir rætur sínar liggja í landslaginu.  
FRÉTTABLAÐID/ PJETUR



**HRAFNKELL SIGURÐSSON** Concrete Conception (e). 2014. Svarthvíf ljósmynd, 55x41,25 sm. Birt með leyfi listamannsins og ið. Myndin er tekin í rafeindasmásjá og sýnir mörgþúsundfalda stækkun á steypu sem listamaðurinn blandaði sjálfur í þessum tilgangi. MYND / ÚR EINKASAFNI

**HRAFNKELL SIGURÐSSON** Revelation VIII. 2014. Litljósmynd, 144x96 sm. Birt með leyfi listamannsins og ið. Myndin er tekin af bóluplasti á tíu metra dýpi í íslensku stöðuvatni. MYND / ÚR EINKASAFNI

## Haltu kjafti og vertu sæt

TÓNLIST ★★★★★

### Verk eftir Farrenc og Schubert

Í KAMMERMÚSÍKKLÚBBNUM Í NORÐURLJÓSUM HÖRPU SUNNUDAGINN 18. JANÚAR.

**FUDGE** Þú kemst fljótt að!  
...en þú getur líka pantað tíma  
**FUDGE**  
**FUDGE**  
**FUDGE**  
**FUDGE**  
**FUDGE**  
**FUDGE**  
**FUDGE**  
**FUDGE**  
**FUDGE**  
**Rakarastofan Klapparstíg**  
**S: 551 3010**

Konur sem sömdu tónlist þurftu lengi vel að þola mikla fordóma. Það þótti kannski allt í lagi að þær væru söngkonur eða hljóðfæra- leikarar. En að öðru leyti áttu þær bara að vera sætar og halda kjafti.

Kærasta Gustavs Mahler, Alma, var til dæmis tónskáld. Gustav tók hana tali við upphaf sam- bands þeirra, honum fannst ekki við hæfi að hún væri að fást við tónsmíðar vegna þess að HANN væri tónskáld! Það mætti ekki vera samkeppni á milli þeirra. Hún ætti fyrst og fremst að vera aðmjúk eiginkona. Skilyrði fyrir hjónabandi væri að hún léti tón- smíðarnar eiga sig.

Kventónskáld á nítjándu öld- inni tóku því stundum til bragðs að semja undir karlkyns dulnefni. Nokkrar tónsmíðar eftir Mendels- sohn eru til dæmis alls ekki eftir hann, heldur eftir systur hans, sem hét Fanny. Hún notaði nafn bróður síns svo einhver vildi yfir- leitt heyra tónlist hennar.

Louise Farrenc (1804-1875)

virðist hafa verið undantekn- ing. Hún samdi ekki undir dul- nefni eftir því sem ég best veit og naut samt nokkurrar virðingar á meðan hún lifði. En þegar hún lést féllu verk hennar þó í gleymsku. Ekki er það fyrir en nýverið, með auknum áhuga á tónlist liðinna kventónskálda, að rykið hefur verið dustað af tónsmíðum hennar.

Eitt þeirra var flutt á tónleikum Kammermúsíkkklúbbsins á sunn- dagskvöldið. Þetta var kvintett fyrir píanó, fiðlu, víólu, selló og kontrabassa op. 30. Flytjendur voru Gréta Guðnadóttir á fiðlu, Guðrún Þórarinsdóttir á víólu, Júlía Mogensen á selló, Þórir Jóhannsson á kontrabassa og Ingunn Hildur Hauksdóttir á píanó.

